# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

92. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 20. APRÍL 2017





Í dag fagna landsmenn sumardeginum fyrsta. Í gær, á síðasta vetrardegi, voru Andrésar andar leikarnir í skíðaíþróttum settir í Hlíðarfjalli við Akureyri og standa yfir fram á laugardag. Þetta er stærsta skíðamót landsins með um 800 keppendum á aldrinum 5-15 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN


Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Kári Stefánsson með opið bréf til Benedikts Einarssonar hið síðara. 24

SPORT Grótta vann tvo sigra á Ásvöllum á laugardaginn. 14

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● SUMARGRILL



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM

MIKIÐ ÚRVAL

VERÐ FRÁ KR. 24.990



Tékk KRISTALL

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955



LYFJA – Lífið heil

Gleðilegt sumar



lyfja.is



SMÁRALIND

GLEÐILEGT SUMAR



OPIÐ 13-18 Í DAG


## Krefur United um rúma tvo milljarða

**IÐNAÐUR** Verktakafyrirtækið ÍAV krefst rúmlega tveggja milljarða króna auk dráttarvaxta frá United Silicon fyrir gerðardómi vegna ógreiddra reikninga og annarra meintra vanefnda kísilversins í Helguvík. Heimildir Fréttablaðsins herma að reikningar vegna framkvæmda við verksmiðjuna nemi þar af 1,1 milljarði. Gerðardómsferlið hófst í ágúst í fyrra eftir að starfsmenn ÍAV höfðu lagt niður störf í Helguvík. – hg / sjá síðu 8

## Sex ára íslensks drengs leitað

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, í samstarfi við lögregluyfirvöld í Svíþjóð, hefur árangurslaust leitað að íslenskri konu um fertugt vegna gruns um að hún haldi sig í felum með son sinn í tilraun til að tálma barnsföður sínum umgengni við drenginn. Faðirinn, sem er sænskur, hefur hvorki heyrt né séð son sinn síðan í nóvember árið 2015. Drengurinn verður sex ára í mánuðinum. – snæ / sjá síðu 2

# Lög til skoðunar vegna áforma HB Granda

**Lög um stjórn fiskveiða eru rædd innan stjórnkerfisins vegna áforma HB Granda um að flytja landvinnslu sína frá Akranesi. Sjávarútvegsráðherra mun skipa nefnd um gjaldtöku í sjávarútvegi – sem gæti tekið málið upp, að sögn ráðherra.**

**STJÓRNSÝSLA** Áform HB Granda um að hætta landvinnslu á Akranesi, sem munu að óbreyttu kosta tæplega 100 starfsmenn fyrirtækisins vinnuna, hafa orðið til þess að viss ákvæði laga um stjórn fiskveiða eru til skoðunar innan stjórnkerfisins. Undir er fyrsta grein fiskveiðistjórnunarlaganna, en þar segir meðal annars að lögin eigi að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sjávarútvegsráðherra staðfestir að þetta samtal eigi sér stað þessa dagana. Skagamálið dragi fram mikilvægi þess að allt fyrsta ákvæði laganna sé virkt, en ekki aðeins hluti þess. Það sé ekki óeðlilegt að menn spyrji sig hvenær jafnvægi milli hagræðingar innan greinarinnar og byggðafestu sé komið í uppnám – og áform HB Granda á Akranesi dragi þetta skýrt fram.

> Ég mun á næstunni skipa þverpólitíska nefnd sem á að finna fyrirkomulag varðandi gjaldtöku í sjávarútvegi.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegsráðherra

Aðspurð hvort málið sé komið svo langt að lagabreyting sé íhuguð segir hún svo ekki vera.

„Það á ekki að vera óþægilegt fyrir neinn að þessi mál séu rædd yfirvegað og opinskátt. Það er alveg ljóst að HB Grandamálið dregur mjög skýrt fram það óöryggi sem fiskvinnslufólk býr við og það á líka við um afleidd störf sem treysta á útgerðina. Ég benti á þetta eftir tíu vikna sjómannaverkfall,“ segir Þorgerður. „Samfélagsleg ábyrgð er rík þegar kemur að öllum atvinnugreinum og ekki síst í sjávarútvegi. Við erum að fylgjast með því sem gerist á Akranesi og ég fagna því að Faxaflóahafnir taki af allan vafa um vilja sinn til að byggja upp hafnaraðstöðuna. Svo verðum við að sjá hvað HB Grandamenn gera.“

Þorgerður segir afar mikilvægt að sjávarútvegurinn fái að blómstra áfram, en taka verði tillit til samfélagslegra sjónarmiða um leið. Það jafnvægi sé á ábyrgð stjórnmálanna en líka þeirra sem reka fyrirtækin.

„Ég mun á næstunni skipa þverpólitíska nefnd sem á að finna fyrirkomulag varðandi gjaldtöku í sjávarútvegi. Það er ekkert óeðlilegt að þessi nefnd horfi til þessara sjónarmiða einnig,“ segir Þorgerður. – shá / sjá síðu 6

## Veður




Ekki er mjög sumarlegt veður í kortunum í dag sumardaginn fyrsta. Norðlægar áttir og frost norðan til á landinu en vestankaldi og heldur mildara syðra.
SJÁ SÍÐU 30

# Virkar vel gegn krabba í lungum

**HEILBRIGÐISMÁL** Skammtímaárangur blaðnámsaðgerða við lungnakrabbameini á Íslandi er afar góður. Þetta kemur fram í grein sem Guðrún Nína Óskarsdóttir, sérnámslæknir í lungnalækningum og doktorsnemi, skrifar í tímaritið Acta Oncologica.

„Greinin fjallar um árangur og lifun sjúklinga sem gengist hafa undir svokallaða blaðnámsaðgerð við lungnakrabbameini á Íslandi á árunum 1991 til 2014. Um er að ræða aðgerð þar sem hluti af lunga, svokallað lungnablað, er fjarlægt í læknandi tilgangi,“ segir Guðrún Nína.

Hún segir að þar sem rannsóknin nái til allra sjúklinga heillar þjóðar séu upplýsingarnar mjög mikilvægar. Árangurinn hafi verið góður og nánast allir sjúklingar hafi verið á lífi þrjátíu dögum frá aðgerð. Langtímalifun reynist svipuð og erlendis en jákvætt sé að hún hafi batnað á síðustu árum.

Þá segir Guðrún Nína að meirihluti sjúklinga sem greinast með lungnakrabbamein á Íslandi í dag sé kvenkyns. „Sem er sérstakt því nánast alls staðar í heiminum er lungnakrabbamein algengara hjá körlum,“ segir Guðrún Nína.

Ástæðuna telur hún sennilegast vera þá að íslenskar konur hafi reykt meira upp úr seinni heimsstyrjöldinni en stallsystur þeirra annarstaðar á Norðurlöndum. **– þea**



**Guðrún Nína Óskarsdóttir, læknir**




## Heiðursverðlaunahafinn og forsetinn



Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, fékk afhenta heiðursviðurkenningu Útflutningsverðlaunanna á Bessastöðum í gær. Það var Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sem afhenti verðlaunin. Það var fyrirtækið Skaginn 3X sem hlaut sjálf Útflutningsverðlaunin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Farga skal grænlensku hreindýrakjöti

**VERSLUN** Rúmlega einu og hálfu tonni af grænlensku hreindýrakjöti verður fargað eftir synjun um innflutning á því. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur staðfest niðurstöðu MAST þess efnis.

Kjötið var flutt til landsins af Esju gæðafæði ehf. fyrir áramót og hefur staðið ótollafgreitt í vörugeymslu í Reykjavík síðan þá. Ástæða þess að synjað var um innflutning er sú að merkingum kjötsins var ábótavant.

Grænland er utan Evrópska efnahagssvæðisins og samkvæmt reglum um innflutning dýraafurða utan EES verður samþykkisnúmer erlendrar starfsstöðvar að koma fram á svokölluðu auðkennismerki.

Auðkennismerki hreindýrakjötsins var ekki auðgreinanlegt og því var innflutningur kjötsins ekki leyfður. **– jóe**

# Leitar barns og móður með aðstoð spæjara

**Faðir og stjúpmóðir íslensks drengs hafa ráðið einkaspæjara til að hafa uppi á drengnum og móður hans. Stjúpmóðirin biðlar til ættingja móður drengsins að veita þeim upplýsingar. Lögreglan hefur enga trú á að mæðginin séu hér á landi.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, í samstarfi við lögregluyfirvöld í Svíþjóð, hefur árangurslaust leitað að íslenskri konu um fertugt vegna gruns um að hún haldi sig í felum með son sinn í tilraun til að tálma barnsföður sínum umgengni við drenginn. Faðirinn, sem er sænskur, hefur hvorki heyrt né séð son sinn síðan í nóvember árið 2015. Drengurinn verður sex ára í mánuðinum.

Stjúpmóðir drengsins, Erika Nilsson, er stödd hér á landi í tilraun sinni til að vekja athygli á málinu. „Fjórtánda nóvember 2015 fékk maðurinn minn, Peter Bengtsson, sms frá barnsmóður sinni um að hún ætlaði sér að taka þriggja vikna frí með strákinn. Það stóð til að hann færi til pabba síns daginn eftir svo maðurinn minn sagði að það gengi ekki upp. Hún svaraði því til að hans álit skipti hana engu máli. Síðan þá höfum við ekki séð drenginn,“ segir Erika.

Að sögn Eriku var íbúð móðurinnar í Svíþjóð tæmd nokkrum dögum síðar. Hún hefur hvorki svarað síma né tölvupóstum og ekkert hefur spurst til hennar á Facebook. Faðirinn réð einkaspæjara fyrir 50 þúsund dollara á síðasta ári til að leita drengsins en án árangurs. Spæjarinn sagði að ef mæðginin dveldu hér á landi þá verðu þau tíma sínum innandyra.

Drengurinn er með sjaldgæfan sjúkdóm sem felst í því að hann meltir fitu ekki eðlilega úr mat. Þess vegna þarf hann sérstakt mataræði en Erika segir að móðir hans hafi alltaf haldið því fram að drengnum stafaði hætta af því að vera í umsjá föðurins. Aðeins hún kunni að meðhöndla sjúkdóminn. Erika segir það rangt mat, bæði læknar og félagsmálayfirvöld í Svíþjóð hafi komist að því að faðirinn sé fullfær um alla umönnun drengsins og að í umsjón hans hafi drengurinn dafnað vel.



Erika Nilsson, stjúpmóðir drengsins, er stödd hér á landi til að leita hans. Lögregla telur nánast engar líkur á að mæðginin séu hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Sænska lögreglan heldur að þau séu á Íslandi.**
>
> Erika Nilsson, stjúpmóðir drengsins

Síðastliðið sumar, eftir að drengurinn hvarf, hlaut faðirinn svo fulla forsjá yfir drengnum samkvæmt dómsúrskurði.

„Sænska lögreglan heldur að þau séu á Íslandi. Ástæðan er sú að fljótlega eftir að þau hurfu merkti Facebook hana í Kringlunni. Mikill meirihluti ættingja hennar er hér líka,“ segir Erika.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur farið með rannsókn málsins, síðan sænsk lögregluyfirvöld leituðu eftir samstarfi. Lögreglan telur nánast engar líkur á að mæðginin dvelji hér á landi.

snaeros@frettabladid.is


VERIÐ VELKOMIN
GLEÐILEGT
SUMAR
OPIÐ Í DAG
13–18
SUMARDAGINN FYRSTA
ÞÚ FÆRÐ ALLAR
SUMARVÖRURNAR
HJÁ OKKUR
Kringlan
Af öllu hjarta
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

# Forstjóri Landspítalans ósáttur við að Garðabær fái Vífilsstaði

**SKIPULAGSMÁL** Forstjóri Landspítala háskólasjúkrahúss eru afar ósáttur við þær málalyktir að land Vífilsstaða skyldi selt Garðabæ.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, og Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra undirrituðu samning um söluna í golfskála GKG í Garðabæ í gær.

Landspítalinn hafði yfirumsjón með landinu í rúma öld áður en fjármálaráðuneytið, undir stjórn Bjarna Benediktssonar, ákvað að taka lóðina til sín í desember 2014.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, gagnrýndi þá ákvörðun harðlega í bréfi dagsettu á Þorláksmessu árið 2014. „Landspítali mótmælir harðlega að ráðuneytið flytji einhliða og án umræðu umsjón með landinu frá spítalanum. Það vakna upp spurningar hvers vegna beitt er svo sértækri aðgerð til þess að skerða land Landspítala á Vífilsstöðum,“ segir í bréfi Páls Matthíassonar. Aukinheldur óskar forstjóri LSH eftir samræðum: „Landspítali vill minna á að hann er enn með starfsemi á landinu. Vífilsstaðaspítali er í fullum rekstri. Það er krafa Landspítala að ráðuneytið afturkalli ákvörðun sína um Vífilsstaðalandið og sett verði af stað vinna við að móta stefnu til langrar framtíðar um notkun lands Vífilsstaða fyrir heilbrigðisþjónustu.

> **Landspítali vill minna á að hann er enn með starfsemi á landinu.**
>
> Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans



„Athugasemdir Landspítala sneru að því að þarna var um að ræða land sem horft var til fyrir uppbyggingu spítalans til framtíðar,“ segir Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala háskólasjúkrahúss. „Um þetta greindi okkur á við fjármálaráðuneytið sem ákvað að leysa til sín landið og ráðstafa með öðum hætti.“

Fyrirhugað er að efna til samkeppni m skipulag á svæðinu. **– sa**



Mikil virkni var við Kötlu í gær.

## Ekkert eldgos í kortunum

**NÁTTÚRA** „Það er ekkert sem bendir til þess að eldgos sé að hefjast eins og er,“ segir Bryndís Ýr Gísladóttir, náttúruvársérfræðingur á Veðurstofunni. Þrír jarðskjálftar stærri en þrír mældust í gær. Sá stærsti mældist 4,2 en upptök hans voru fimm kílómetra suðvestur af Geirfugladrangi.

„Ég held að þetta sé bara spennulosun í jarðskorpunni sem gerist reglulega. Við vorum með aðra hrinu á svipuðum slóðum í síðustu viku og þar mældist einn upp á 4,5.“

Jarðskjálftinn stóri fannst víða í Reykjanesbæ og einnig hristust hlutir og lausir munir í Reykjavík ef marka má samfélagsmiðla. **– bb**

## Á ógnarhraða í göngunum

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri var í gær sviptur ökuréttindum í fjóra mánuði og dæmdur til greiðslu 150 þúsund króna sektar vegna hættulegs aksturs í Héðinsfjarðargöngum fyrr á þessu ári. Ók hann bifreið sinni á 157 km hraða á klukkustund í gegnum göngin vestan megin Héðinsfjarðar en þar er hámarkshraði einvörðungu 70 km á klukkustund.

Játaði ökumaðurinn brot sitt fyrir dómi en hann hefur ekki áður gerst brotlegur. Hlaut maðurinn því vægari refsingu fyrir vikið.

Héðinsfjarðargöng eru vöktuð með myndavélakerfi líkt og flest önnur jarðgöng á Íslandi. Sást háttalag mannsins í einni slíkri vél. **– sa**

# Telja starfsmann hafa valdið slysinu með ógætilegum akstri

**Öryggisbúnaður virkaði ekki í kerskála Norðuráls. Krana var ekið of hratt. Það er ástæða þess að karlmanni var sagt upp störfum vegna slyssins. Upplýsingafulltrúi Norðuráls segir allt gert til að koma í veg fyrir svona. Kraninn hefur verið tekinn úr notkun og árekstrarvörnum breytt samkvæmt tilmælum Vinnueftirlitsins.**

**SLYS** Öryggisbúnaður krana í kerskála Norðuráls sló út og varð óvirkur þegar tveir kranar rákust saman þann 22. mars síðastliðinn með þeim afleiðingum að kona mjaðmagrindarbrotnaði og hlaut fleiri alvarlega áverka. Karlmanni hefur verið vikið frá störfum en Norðurál telur hann hafa keyrt kranann óvarlega og því hafi slysið átt sér stað.

Vinnueftirlitið hefur tekið kranann út árlega og aldrei gert athugasemd við hann. Hins vegar virkar kraninn ekki þegar hann er keyrður í efstu hraðastillingu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er óheimilt samkvæmt reglum Norðuráls að aka krönum á þeirri hraðastillingu og var það ástæða þess að manninum var sagt upp störfum.

Vinnueftirlitið telur málið þannig vaxið að draga þurfi lærdóm af því. „Það er margt sem bendir til þess að þessi búnaður virki ekki eins og hann á að virka undir vissum kringumstæðum,“ segir Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins.

„Búnaðurinn er prófaður við vissar aðstæður og þar stenst hann prófanir. Hins vegar virðist öryggisbúnaður slá út þegar krananum er ekið hratt. Það er ekki hægt við eftirlit að láta kranann bakka á fullum hraða og gá hvort hann stöðvist ekki örugglega þegar hann mætir öðrum krana. Við þurfum fyrst og fremst að draga lærdóm af þessu máli og kanna þetta í þaula.“

Sólveig Bergmann, upplýsingafulltrúi Norðuráls, segir allt gert til að svona slys endurtaki sig ekki. Hún segist ekki geta rætt mál einstakra starfsmanna við blaðamenn.



> **Það er margt sem bendir til þess að þessi búnaður virki ekki eins og hann á að virka.**
>
> Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlitsins



> **Vinnueftirlitið hefur prófað umræddan brúkrana árlega og ekki gert athugasemdir við virkni eða búnað hans.**
>
> Sólveig Bergmann upplýsingafulltrúi Norðuráls



„Annar brúkraninn var kyrrstæður og var hinum brúkrananum ekið á hann. Vinnueftirlitið hefur prófað umræddan brúkrana árlega og ekki gert athugasemdir við virkni eða búnað hans,“ segir Sólveig.

„Í kjölfar slyssins var kraninn tekinn úr notkun og hefur árekstrarvörn hans verið breytt samkvæmt nýjum tilmælum Vinnueftirlitsins. Málið er litið alvarlegum augum og verður allt gert til að koma í veg fyrir að atburður sem þessi endurtaki sig,“ bætir Sólveig við. **sveinn@frettabladid.is**



HÚSASMIÐJAN blómaval

**Opið í dag sumardaginn fyrsta**
**Skútuvogi, Grafarholti, Selfossi, Egilsstöðum, Akureyri, Vestmannaeyjum og Ísafirði**
Sjá nánar á husa.is

# SUMAR TILBOÐ

GLEÐILEGT SUMAR

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
Tilboð gilda til 23. apríl 2017



weber

**Þú sparar: 9.000 kr.**

**72.990 kr**
~~82.990 kr~~
**Gasgrill Weber Q3200**
Brennari: 6,35 kW/h – 21.700 BTU.
Grillflötur: 63x45 cm, ljós í handfangi.
3000380



**SUMAR TILBOÐ**
## Vorerika og sýpris í útipottana

**599 kr**

**1.299 kr**
~~2.490 kr~~
**Sýpris**
80-100 cm.
10327160



OUTBACK
**Þú sparar: 5.000 kr.**
**15.990 kr**
~~20.990 kr~~
**Gasgrill**
2ja brennara með hliðarborði.
Grillflötur: 50x36 cm.
3000225



weber
**Þú sparar: 9.910 kr.**
**49.990 kr**
~~59.900 kr~~
**Gasgrill Q2200**
Gasgrill á fótum, Grillflötur:
39x54 cm, ryðfrír brennari.
3000378



**30% afsláttur**
SÚPER TILBOÐ
**27.293 kr**
~~38.990 kr~~
**Trampolín 3,66 m**
12 fet/3,66 m, 6 fætur með öryggisneti.
3900557



SÚPER TILBOÐ
**1.990 kr**
~~3.490 kr~~
**Rósir**
10 stk.

## Sumartilboð á AUTHOR reiðhjólum fyrir alla fjölskylduna!



Sumar tilboð
**24.900 kr**
~~29.900 kr~~
AUTHOR BELLO 16", JET 9" STELL
Hvítt og rautt 9" stell úr álblöndu 6061.
Tektro bremsur Coasterhub.
3901370



Sumar tilboð
**28.900 kr**
~~32.900 kr~~
REIÐHJÓL 20" ENERGY 10" STELL
Author Energy, 10" stell úr álblöndu 6061.
Shimano 6 gíra Revoshift. Tektro bremsur 855AL.
20"x1,75 dekk. 10,6 kg.
3899968-9



Sumar tilboð
**34.900 kr**
~~38.900 kr~~
AUTHOR MATRIX 24"
Author Matrix rautt og svart, 12,5" stell úr álblöndu 6061.
Shimano 18 gíra, Revoshift Tektro bremsur 855AL,
dempari ZOOM (40 mm), 24"x1,95 dekk, 12,5 kg.
3901313



Sumar tilboð
**34.900 kr**
~~39.900 kr~~
**AUTHOR TROPHY 26"**
Stell úr álblöndu, 3,3 kg. Skipting:
SHIMANO TY21 18 gírar, TEKTRO V
bremsur. Dekk: AUTHOR Speed master
26"x2,0". Þyngd: 14,3 kg/19".
3901410-1

**Byggjum á betra verði**

husa.is

## TS17 kynntur á Háskólatorgi



Kappaksturs- og hönnunarliðið Team Spark, sem skipað er nemendum við Háskóla Íslands, afhjúpaði í gær rafknúna kappakstursbílinn TS17 (Laka) með mikilli viðhöfn og að viðstöddu fjölmenni á Háskólatorgi. Liðið tekur þátt í kappaksturs- og hönnunarkeppnum stúdenta bæði á Ítalíu og í Austurríki í sumar. MYND/KRISTINN INGVARSSON

# Ráðherranefnd skoði lög og gjaldtöku

**Sjávarútvegsráðherra skipar brátt nefnd sem skoðar gjaldtöku í sjávarútvegi. Skoðun á lögum um stjórn fiskveiða gæti einnig komið til greina.**

**STJÓRNSÝSLA** Áform HB Granda um að hætta landvinnslu á Akranesi, sem munu að óbreyttu kosta tæplega 100 starfsmenn fyrirtækisins vinnuna, hafa orðið til þess að viss ákvæði laga um stjórn fiskveiða eru til skoðunar innan stjórnkerfisins.

Undir er fyrsta grein fiskveiðistjórnunarlaganna, en þar segir meðal annars að lögin eigi að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Undir liggur að andi fiskveiðistjórnunarlaganna er byggðafesta og því var einnig sett ákvæði um forkaupsrétt sveitarfélaga.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, staðfestir að þetta samtal eigi sér stað þessa dagana. Skagamálið dragi fram mikilvægi þess að allt fyrsta ákvæði laganna sé virkt, en ekki aðeins hluti þess. Það sé ekki óeðlilegt að menn spyrji sig hvenær jafnvægi milli hagræðingar innan greinarinnar og byggðafestu sé komið í uppnám – og áform HB Granda á Akranesi dragi þetta skýrt fram.

Aðspurð hvort málið sé komið svo langt að lagabreyting sé íhuguð segir hún svo ekki vera.

„Það á ekki að vera óþægilegt fyrir neinn að þessi mál séu rædd yfirvegað og opinskátt. Það er alveg ljóst að HB Grandamálið dregur mjög skýrt fram það óöryggi sem fiskvinnslufólk býr við og það á líka við um afleidd störf sem treysta á útgerðina. Ég benti á þetta eftir tíu vikna sjómannaverkfall,“ segir Þorgerður. „Samfélagsleg ábyrgð er rík þegar kemur að öllum atvinnugreinum og ekki síst í sjávarútvegi. Við erum að fylgjast með því sem gerist á Akranesi og ég fagna því að Faxaflóahafnir taka af allan vafa um vilja sinn til að byggja upp hafnaraðstöðuna. Svo verðum við að sjá hvað HB Grandamenn gera.“

Þorgerður segir afar mikilvægt að sjávarútvegurinn fái að blómstra áfram, en taka verði tillit til samfélagslegra sjónarmiða um leið. Það jafnvægi sé á ábyrgð stjórnmálanna en líka þeirra sem reka fyrirtækin.

> **Við erum að fylgjast með því sem gerist á Akranesi og ég fagna því að Faxaflóahafnir taka af allan vafa um vilja sinn til að byggja upp hafnaraðstöðuna. Svo verðum við að sjá hvað HB Grandamenn gera.**
>
> Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegsráðherra



„Ég mun á næstunni skipa þverpólitíska nefnd sem á að finna fyrirkomulag varðandi gjaldtöku í sjávarútvegi. Það er ekkert óeðlilegt að þessi nefnd horfi til þessara sjónarmiða einnig,“ segir Þorgerður.

Heimildir Fréttablaðsins herma að Skagamálið hafi vissulega ýtt við málinu, en rúmlega árs gamall hæstaréttardómur þar sem Vestmannaeyjabær tapaði máli sem ógilda átti samning Síldarvinnslunnar í Neskaupstað um kaup á útgerðarfélaginu Bergi/Hugin í Vestmannaeyjum, þrýsti einnig á. Þá hafi verið ljóst að forkaupsrétturinn er ekki fyrir hendi og lögin haldi ekki eins og þau voru hugsuð á sínum tíma hvað það varðar heldur.

svavar@frettabladid.is




# Grunur um tilraun til manndráps

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 10. maí. Hann er grunaður um tilraun til manndráps eða alvarlega líkamsárás á höfuðborgarsvæðinu þann 8. mars síðastliðinn.

Maðurinn var í einangrun fyrstu vikuna eftir atburðinn en hefur síðan verið í fangelsi á grundvelli almannahagsmuna.

Maðurinn sem ráðist var á hlaut 20 sentimetra langan skurð sem teygði sig frá vinstri kjálka niður hálsinn vinstra megin aftanvert. Árásin var gerð á heimili brotamannsins en brotaþoli hafði ætlað að sækja bíl sinn til mannsins, sem hafði tekið hann af honum. – ktd

**20**

**sentimetra skurður teygði sig frá kjálka niður hálsinn.**

# Þota WOW skemmdist og farþegar festust á Miami

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Við lentum í því óhappi að farangursvagn frá öðrum þjónustuaðila í Leifsstöð fauk á vél frá okkur og hún var ófleyghæf á eftir,“ segir Svana Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW air, um ástæðu þess að ferð flugfélagsins til Miami í Bandaríkjunum á mánudag, og heim daginn eftir féllu niður.

Að sögn Svönu er ein af þremur Airbus A330 breiðþotum WOW air mikið skemmd eftir atvikið sem varð í óveðrinu á annan í páskum. Farþegar sem áttu bókað heim á þriðjudag höfðu um miðjan dag í gær ekki enn getað innritað sig í flug en fyrirtækið þurfti að leigja aðra breiðþotu sem á að flytja flesta þeirra hingað til lands í dag. Vélin fór út seinnipartinn í gær með þá farþega sem áttu að fara til bandarísku borgarinnar á mánudag og höfðu ekki afbókað.

Óánægður viðskiptavinur WOW, sem hafði samband við Fréttablaðið, hafði áhyggjur af því að hann kæmist ekki heim með vélinni í dag og kvartaði undan upplýsingagjöf flugfélagsins.

„Við óskuðum eftir sjálfboðaliðum sem vildu fresta heimför og það gengur mjög vel. Allir þeir farþegar sem áttu að fara heim á þriðjudaginn fara heim með vélinni á morgun [í dag]. En það eru auðvitað margir sem eru til í að vera lengur í sólinni úti í Miami og verða þá lengur,“ segir Svana.

Aðspurð á hversu marga farþega seinkanirnar höfðu áhrif segist Svana ekki hafa upplýsingar um það. Hún segir að ekki sé búið að leggja endanlegt mat á tjónið á breiðþotunni sem tekur 350 í sæti og bættist í flota WOW air í fyrra.

haraldur@frettabladid.is




VERÐ FRÁ:
19.990
GLEÐILEGT
SUMAR!
JUTLANDIA
VIÐHALDSFRÍTT
Frábært
VERÐ
STÓLL
4.995
LANGHOLM BORÐ OG BIRKEMOSE STAFLANLEGIR STÓLAR
Stílhrein og falleg garðhúsgögn. Borð er úr svörtu stáli með viðhaldsfrírri borðplötu úr viðarlíki.
Staflanlegir stólar úr stáli og polyrattan efni.
Stærð á borði: B80x L140 sm. Borð 12.990 Stóll 4.995
Vnr. 3779640, 3773540
SNERTINGE SKRIFBORÐSSTÓLL
Góður skrifborðsstóll með hnakkapúða og góðum stuðningi við bakið. Stillanlegt bak og seta.
Vnr. 3699306
SPARIÐ
5000
FULLT VERÐ: 17.990
12.990
ÖLL LEIKFÖNG
20-40%
AFSLÁTTUR
ALLIR
BLÓMAPOTTAR
20%
AFSLÁTTUR
RÚMFATA
LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR TIL 23.04. 2017
HVOLPASVEITA- OG
DÓTU LÆKNIR SKÓR
20%
AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 4.995
3.995
HVOLPASVEITA- OG DÓTU LÆKNIR SKÓR
Stærðir: 24-32. Vnr. RL-733, RL-01

# ÍAV krefur kísilverið um tvo milljarða

**Deila ÍAV og United Silicon verður útkljáð fyrir gerðardómi á næstu mánuðum. Krafa verktakafyrirtækisins vegna meintra vanefnda hljóðar upp á rúma tvo milljarða króna. Forstjóri ÍAV vonar að niðurstaða fáist í byrjun sumars.**

**IÐNAÐUR** Verktakafyrirtækið ÍAV krefst rúmlega tveggja milljarða króna auk dráttarvaxta frá United Silicon fyrir gerðardómi vegna ógreiddra reikninga og annarra meintra vanefnda kísilversins í Helguvík. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins og að reikningar vegna framkvæmda við verksmiðjuna nemi þar af 1,1 milljarði króna.

ÍAV var aðalverktaki kísilversins en starfsmenn fyrirtækisins lögðu niður störf í Helguvík í júlí í fyrra. Sigurður R. Ragnarsson, forstjóri ÍAV, boðaði þá að meintar vanefndir United Silicon færu fyrir gerðardóm. Það ferli hófst mánuði síðar þegar verktakafyrirtækið skipaði sinn mann í gerðardóminn og í febrúar síðastliðnum höfðu deilendurnir báðir lagt fram greinargerðir sínar.

Verktakinn gerir samkvæmt heimildum blaðsins einnig bótakröfu vegna riftunar á samningi um að ÍAV kæmi að framkvæmdum á öðrum og þriðja áfanga kísilversins. Gerðardómurinn er skipaður einum manni frá ÍAV, öðrum frá United Silicon, og valdi Héraðsdómur Reykjaness oddamanninn.

Sigurður vildi í samtali við Fréttablaðið ekki tjá sig um kröfu fyrirtækisins en sagði að fyrirtækið hefði væntingar til þess að niðurstaða lægi fyrir í lok maí eða byrjun júní.

Magnús Garðarsson, stærsti eigandi kísilversins og þáverandi stjórnarmaður, sagði í ágúst í fyrra að deilan við ÍAV hefði orðið til þess að verkinu hefði seinkað um tvær vikur. Hafði Magnús þá áður kennt ÍAV um seinkun á gangsetningu verksmiðjunnar eða í júní þegar ÍAV hótaði fyrst að leggja niður störf. Ekki náðist í Magnús við vinnslu fréttarinnar eða lögmann United Silicon.



ÍAV var aðalverktaki United Silicon í Helguvík þar sem kísilver hefur vakið athygli fyrir endurtekin óhöpp. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rúmum mánuði eftir að ÍAV hafði hætt vinnu við kísilverið höfðu starfsmenn þess ekki fengið afhentan tækjabúnað sem þeir voru neyddir til að skilja eftir á lóð United Silicon þegar lá við handalögmálum milli starfsmanna fyrirtækjanna tveggja.

Sigurður sagði þá að stærstur hluti um eins milljarðs króna kröfu ÍAV vegna ógreiddra reikninga væri gjaldfallinn og að hann teldi að eigendur kísilversins ættu ekki fyrir framkvæmdinni.

haraldur@frettabladid.is







## Eyjamenn nota olíu í meira mæli

**ORKUMÁL** Olía er notuð í meiri mæli en áður í Vestmanneyjum til þess að framleiða rafmagn eftir að bilun kom upp í flutningsneti Landsnets. Fram undan er vertíð í kolmunna sem mun stórauka raforkunotkun.

Stærsti sæstrengurinn sem liggur milli lands og Eyja hefur verið bilaður síðan 5. apríl síðastliðinn. Komið hefur í ljós að strengurinn hefur að öllum líkindum farið í sundur á miklu dýpi og gert er ráð fyrir að kostnaður verði mikill við að lagfæra strenginn. Á meðan er keyrt á varaflsstöðvum í Vestmannaeyjum og minni sæstrengir hafa flutt orku á milli.

„Strengurinn liggur líklega á 50 metra dýpi þar sem bilunin er talin vera,“ segir Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets. „Unnið er að því að koma auknu varaafli til Vestmanneyja með færanlegum varaaflsstöðvum.

Að mati Landsnets þarf að taka strenginn upp og til þess þarf sérstakt viðgerðarskip að utan.

Elliði Vignisson segir nú keyrt meira á olíu en áður en stutt sé í mikilvæga vertíð fyrir Eyjamenn. „Landsnet er á tánum og við kunnum að meta það. Þegar bræðsla og mjölframleiðsla í kolmunna fer af stað eftir mánaðamót er líklegt að við þurfum að keyra þær verksmiðjur að miklu leyti á olíu,“ segir Elliði.

Gerð verður rannsókn á strengnum í dag með framleiðendum strengsins til að ganga úr skugga um hvort bilunin sé á landi eða í sjó. Þær mælingar munu síðan veita mikilvægar upplýsingar um hvernig raforkumálum Vestmannaeyjabæjar verður háttað næstu mánuði. – sa

> Strengurinn liggur líklega á 50 metra dýpi þar sem bilunin er talin vera.
>
> Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets



## Kuldaboli bítur kinn á sumardaginn fyrsta

**VEÐUR** „Ég myndi alveg hafa húfu,“ segir Arnór Tumi Jóhannsson veðurfræðingur um hvernig sumarið heilsar landsmönnum. Hann segir að lægð sé að koma upp að landinu með vestlægum áttum sem muni snúast í norðanátt. Munu él fylgja þessu veðri. Vetur og sumar munu þó ekki frjósa saman en samkvæmt þjóðtrúnni boðar það gott sumar.

„Hitinn verður nálægt frostmarki og það gæti frosið á Vestfjörðum og í innsveitum norðanlands. En mér sýnist að það muni ekki frjósa sunnanlands og í Reykjavík.“

Sumardagurinn fyrsti verður haldinn hátíðlegur víða um land. Í hverfum Reykjavíkur verður deginum fagnað meðal annars með lúðrablæstri, skrúðgöngum og hoppukastölum. Þá verður dagskrá frá frístundamiðstöðvum og skátafélögum og Dr. Bæk mun gera hjól borgarbúa klár fyrir sumarið í Árbæ, Vesturbæ og á Klambratúni.

Skátafélagið Kópanir stendur fyrir dagskrá í Kópavogi. Hún hefst með skrúðgöngu frá Digraneskirkju og endar í Fífunni þar sem verða skemmtiatriði, hoppukastalar og fleira. – bb

> Hitinn verður nálægt frostmarki og það gæti frosið á Vestfjörðum og í innsveitum norðanlands.
>
> Arnór Tumi Jóhannsson



Skemmtiferðaskip við Ísafjörð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Farþegar kíkja inn um glugga fallegra húsa

**SAMFÉLAG** Alls er gert ráð fyrir að 104 skemmtiferðaskip komi til hafnar á Ísafirði í sumar en fyrir fimm árum voru 32 skipakomur í höfnina. Starfshópur um komu skemmtiferðaskipa hittist á þriðjudag þar sem Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, formaður starfshópsins, kynnti atriði sem sérstaklega þarf að skoða fyrir sumarið.

„Þetta eru mál sem snerta nærsveitarfélagið. Salernismál þurfa að vera í lagi, það er nóg af salernum hér en það þarf að merkja þau betur. Svo þarf að passa að sambýli á höfninni sé gott milli fiskveiðiskipa og skemmtiferðaskipa. Svo þarf að laga málefni er varða íbúa.

Það sem pirraði fólk mest samkvæmt könnun sem var gerð hér var ágangur við hús. Hér er mikið af gömlum, fallegum húsum sem farþegar hafa haldið að væri söfn eða eitthvað álíka. Það eru slík atriði sem núningur myndast um og við viljum finna leið í gegnum þau.“ – bb



GLEÐILEGT SUMAR
Hjólin eru komin í Hagkaup
Hlaupahjól
Verð frá 6.989kr
Hvolpasveitin
16"hjól
27.999 kr
20" Alssa
• Stell: Stálstell – Steel Hardtail
• Gírbúnaður: Shimano 6 gíra
• Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C
• Dekk/gjarðir: Kenda Sidewall 2.00
• Annað: Innbrenndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari
34.999 kr.
24" Speedster
• Stell: Stálstell
• Gírbúnaður: Shimano 18 gíra
• Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C
• Dekk: Kenda Sidewall 2.10
• Annað: Innbrenndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari
Verð: 37.999 kr.
24" Alssa
• Stell: Stálstell – Steel Hardtail
• Gírbúnaður: Shimano 18 gíra
• Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C
• Dekk/gjarðir: Kenda Sidewall 2.10
• Annað: Innbrenndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari
Verð: 37.999 kr.
Allt úrval bara í Smáralind, Garðabæ og Skeifu. Minna í öðrum verslunum.
Krítarsett
1.299kr
Boltagryfja
4.999kr
Bolti, 15 cm
599kr
Barnasundlaug 70x30cm
1.799kr
Sundleikfang
2.499kr
Kútur
599kr
Kútur m/sæti
1.699kr
Armkútar
599kr
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Veittist að mæðgum

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri var í Héraðsdómi Vesturlands í síðustu viku dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa veist að þáverandi sambýliskonu sinni og ólögráða dóttur hennar á jóladag árið 2015. Honum var gert að greiða mæðgunum samtals 550 þúsund króna í skaðabætur.

Maðurinn var annars vegar ákærður fyrir að hafa hrint stúlkunni í gólfið og sparkað í hana liggjandi og hins vegar var hann sakaður um að hafa hrint konunni í gólfið. Stúlkan hlaut mar á hægri rasskinn og konan áverka á handlegg.

Maðurinn játaði að hafa hrint mæðgunum en sagðist ekki hafa sparkað í stúlkuna. – **sks**

## Lýsa áhyggjum af Norður-Kóreu

**KÍNA** Kínverjar hafa alvarlegar áhyggjur af kjarnorkuvopnaáætlun Norður-Kóreu. Frá þessu greindi BBC í gær. Í fréttinni segir að viðtal stöðvarinnar við aðstoðarutanríkisráðherra Norður-Kóreu hafi aukið áhyggjurnar talsvert.

Í viðtalinu sagði Han Song-ryol aðstoðarutanríkisráðherra að norðurkóreski herinn myndi halda áfram eldflaugatilraunum og myndi skjóta kjarnorkusprengjum ef grunur vaknaði um að Bandaríkjamenn væru að skipuleggja árás á ríkið.

Lu Kang, talsmaður utanríkisráðuneytis Kína, sagði við BBC að Kínverjar væru mótfallnir öllu sem gæti aukið togstreituna á Kóreuskaga enn meira. Sú spenna hefði vaxið talsvert á liðnum vikum. – **þea**

# Stefnir í afhroð Verkamanna

**Breska þingið samþykkti í gær kosningar í júní. Fylgi Verkamannaflokksins bendir til verstu kosninga hans í 99 ár. Útlit er fyrir að Íhaldsflokkurinn tryggi sér öruggan meirihluta. Theresa May hafnar kappræðum.**

**BRETLAND** Þing Bretlands samþykkti með 522 atkvæðum gegn þrettán að kosið yrði til þings þann 8. júní næstkomandi. Tvo þriðju hluta atkvæða þurfti til að samþykkja kosningarnar en Theresa May forsætisráðherra kallaði eftir þeim á þriðjudag.

Breskir miðlar hafa greint frá því að með útspili sínu vilji May bæði tryggja sterkan meirihluta flokks síns, Íhaldsflokksins, næstu fimm ár sem og að fá lýðræðislegt umboð til að gegna embætti forsætisráðherra.

David Cameron var forsætisráðherraefni flokksins í kosningunum 2015 en sagði af sér embætti eftir þjóðaratkvæðagreiðslu ársins 2016 þar sem Bretar samþykktu að ganga út úr Evrópusambandinu, gegn vilja Camerons.

Afar líklegt er að Íhaldsflokkurinn verði langstærstur eftir kosningar. Samkvæmt meðaltali skoðanakannana sem Financial Times tekur saman mælist hann með 44 prósenta fylgi en höfuðandstæðingurinn, Verkamannaflokkurinn, með einungis 25 prósent. Ef sú yrði raunin yrði það versta kosning Verkamannaflokksins síðan 1918 en þá fékk flokkurinn 21,5 prósent atkvæða.

Þrátt fyrir þetta samþykktu þingmenn Verkamannaflokksins kosningarnar á þinginu í gær. Sagðist Jeremy Corbyn, formaður flokksins, taka kosningum fagnandi. Hann sakaði May jafnframt um að svíkja loforð. Áður hafði hún sagst mótfallin kosningum á meðan viðræður við ESB stæðu yfir. Í svari sínu við ásökunum Corbyns sagði May tækifærið vera til staðar nú rétt áður en viðræður fara á fullt í júní. Bretland þyrfti sterka ríkisstjórn til að ná sem bestum samningi við ESB.

„Það er rétt og ábyrgðarfullt að efna til kosninga nú til þess að sjá Bretum fyrir fimm árum af stöðugleika og undirbúa þá fyrir lífið utan Evrópusambandsins,“ sagði May.

May sagðist jafnframt ekki ætla að taka þátt í sjónvarpskappræðum leiðtoga flokkanna. Hún ætlaði frekar að einbeita sér að kosningabaráttu utan sjónvarps.

Corbyn sagði hana þá hræðda við að mæta öðrum leiðtogum í kappræðum. Hún neiti að verja verk sín og auðvelt væri að sjá hvers vegna.

Samkvæmt skoðanakönnunum má gera ráð fyrir að Frjálslyndir demókratar bæti við sig um tveggja prósentustiga fylgi, Sjálfstæðisflokkur Bretlands tapi þremur prósentum og Skoski þjóðarflokkurinn haldi sínu fylgi.

Nate Silver, ritstjóri tölfræðisíðunnar FiveThirtyEight, benti hins vegar á í gær að kannanir á breskum stjórnmálum hefðu ekki reynst nákvæmar á þessari öld. Þannig hefði verið að meðaltali 6,2 prósentustiga skekkja í könnunum fyrir Brexit-atkvæðagreiðsluna í fyrra og 5,6 prósentustiga skekkja fyrir þingkosningarnar árið 2015.

**thorgnyr@frettabladid.is**

### Fylgi í skoðanakönnunum




> **Það er rétt og ábyrgðarfullt að efna til kosninga nú til þess að sjá Bretum fyrir fimm árum af stöðugleika og undirbúa þá fyrir lífið utan Evrópusambandsins.**
>
> Theresa May, forsætisráðherra Bretlands





Gleðilegt sumar

VERSLUN Guðsteins Eyjólfssonar

Síðan 1918

- Laugavegi - 34

SMÁRALIND




**SIRKUS OG SUMARSPRELL KL. 14-16**

ANDLITSMÁLNING, BLÖÐRULISTAMENN OG SPRELL UM ALLT HÚS
ÁSAMT FJÖRUGRI SÝNINGU FRÁ SIRKUSI ÍSLANDS KL. 15

**OPIÐ 13–18 Í DAG**

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# Ástand heimsins







**1** Óeirðalögregla var kölluð út í Karakas, höfuðborg Venesúela, í gær. Fjöldamótmæli beindust gegn forsetanum Nicolas Maduro. Ríkisstjórninni hefur reglulega verið mótmælt frá árinu 2014 og hafa sjö látist í óeirðum það sem af er ári.
NORDICPHOTOS/AFP

**2** Slomo Koves, ungverskur rabbíni, heldur ræðu í minningarathöfn um ungversk fórnarlömb helfararinnar. Árlegur dagur til að minnast fórnarlambanna var í gær.
NORDICPHOTOS/AFP

**3** Pakistanskur maður fyllir á vatnsbrúsa í borginni Lahore. Mikil hitabylgja gengur nú yfir landið og hefur hiti farið upp fyrir 45 gráður víða.
NORDICPHOTOS/AFP

**4** Hermaður í sýrlenska hernum situr fyrir með ungu barni í bænum Fuaa. Herinn hefur barist við uppreisnarmenn um bæinn í rúm tvö ár.
NORDICPHOTOS/AFP

**4** Franski forsetaframbjóðandinn Jean-Luc Melenchon situr fyrir á sjálfu með mögulegum stuðningsmanni. Kosið er þann 23. apríl næstkomandi og þykir ólíklegt að Melenchon verði á meðal tveggja efstu frambjóðenda og þar af leiðandi á kjörseðlinum í seinni umferð.
NORDICPHOTOS/AFP










SUZUKI
Way of Life!
FULLVAXINN BALENO
Á SMÁBÍLAVERÐI!
KOMDU
OG PRÓFAÐU
HANN
VERÐ FRÁ KR.
2.260.000
BALENO
NÝR TÍMAMÓTA BALENO
BALENO setur ný viðmið í nýtingu rýmis.
Hann hefur mesta innra-og farangursrými í sínum
flokki og er um leið sérlega vel hannaður og glæsilegur
... samruni hönnunar og rýmis.
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
FLUTT MEÐ
EIMSKIP
Við kynnum nú í fyrsta sinn Suzuki Baleno með
MILD HYBRID vél, ásamt tveimur sparneytnum
bensínvélum, 1,0 Boosterjet og 1250 Dualjet.
Meðal eyðsla frá 4,0 l/100km.
Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

## TAMPA hornsófi með hvíld



Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.

Hægri og vinstri tunga.
Stærð: 270 x 215 cm.

SUMAR HÁTÍÐ
127.425 KR.
FULLT VERÐ 169.900 KR.
DORMA

## MONTARIO svefnsófi



Nettur svefnsófi með rúmfata-geymslu. Svefnsvæði: 140x200 cm. Stærð: 158x90 cm.

SUMAR HÁTÍÐ
74.925 KR.
FULLT VERÐ 99.900 KR.
DORMA

## JAZZ hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll með skemli.
Svart, koníaks- eða dökkbrúnt leður.



SUMAR HÁTÍÐ
74.925 KR.
FULLT VERÐ 99.900 KR.
DORMA

## HANDKLÆÐI

100%
Lúxusbómull,
500 gsm



SUMAR HÁTÍÐ
Verðdæmi 1.271 KR.
70 x 140 cm
Fullt verð 1.695
DORMA



# Gleðilegt SUMAR

## DÚNSÆNG

Stóri björn 50% dúnn, 50% smáfiður



SUMAR HÁTÍÐ
14.993 KR.
FULLT VERÐ 19.900 KR.
DORMA

## MISTRAL HOME

Sængurföt úr 100% bómullarsatíni
tveir litir. 300 tc.



SUMAR HÁTÍÐ
6.743 KR.
FULLT VERÐ 8.990 KR.
DORMA



Verð
með
Fáan

**Afgreiðslutími**
Einungis opið á Smáratorgi í dag.
Kl. 12⁰⁰–18⁰⁰

**Smáratorgi** I 512 6800
**Holtagörðum** I 512 6800
**Dalsbraut 1, Akureyri** I 558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði** I 456 4566

**www.dorma.is**

# Sumarið hefst á Zzzmáratorgi




## 25% afsláttur af öllum vörum*

**BARA Í DAG 20. APRÍL**
**SUMARDAGINN FYRSTA**
**Á SMÁRATORGI OPIÐ 12–18**



## NATURE'S SUPREME
heilsurúm með Classic botni

Nature's Bedding

**SUMAR HÁTÍÐ**
**112.425 KR.**
FULLT VERÐ 149.900 KR.
DORMA
Láttu drauminn rætast

Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.
Aukahlutir á mynd: Höfuðgafl og koddar

dæmi miðað við NATURE'S SUPREME
Classic botni 180 x 200 cm.
**legt í öllum stærðum.**

Fabrikkusmáborgarar og Coke verða í boði við innganginn í DORMA á Smáratorgi á milli kl. 12 og 13.




ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN




## FABRIKKUBÍLLINN

* Gildir ekki á stillanlegum rúmum eða ofan á önnur tilboð

DORMA
Láttu drauminn rætast



Jakob Sigurðsson, fráfarandi forstjóri VÍS. MYND/VÍS

## Afsögn tengist ekki nýrri stjórn

Jakob Sigurðsson, fráfarandi forstjóri VÍS, segir ákvörðun sína um að hætta störfum hjá VÍS ekki hafa neitt að gera með þau átök eða breytingar sem hafa orðið á stjórn félagsins eftir aðalfund í síðasta mánuði. Þrír nýir einstaklingar komu þá inn í stjórn VÍS og Herdís Dröfn Fjeldsted, fyrrverandi stjórnarformaður, sagði sig skömmu síðar úr stjórn félagsins.

„Þetta var mjög erfið ákvörðun fyrir mig þótt starfið sé gríðarlega spennandi. Ég hef átt góðan og spennandi tíma hjá VÍS og það er erfitt að fara frá jafn góðum og metnaðarfullum hópi fólks og hér er til staðar. En svo gerast hlutir sem maður reiknar ekki með. Ég gat einfaldlega ekki hafnað þessu tilboði,“ segir Jakob.

Hann hefur verið ráðinn forstjóri breska félagsins Victrex plc sem er leiðandi í framleiðslu fjölliða (e. polymers) og á meðal viðskiptavina þess eru stærstu flugvéla- og snjalltækjaframleiðendur heims. Jakob hefur gegnt starfi forstjóra VÍS frá því í ágúst í fyrra. – sg

## Bresk fjárfesting í evrópsku húsnæði tekur dýfu



Lágt gengi pundsins í kjölfar þess að Bretar kusu að yfirgefa Evrópusambandið á síðasta ári hefur leitt til þess að fjárhæðin sem Bretar verja í fasteignir í Evrópusambandinu hefur dregist saman um helming, samkvæmt upplýsingum frá kortafyrirtækinu Fexco. Bretar vörðu 52 prósentum minna fé til fasteignakaupa innan ESB á fyrstu þremur mánuðum ársins en á sama tíma í fyrra. Flestir Bretar kaupa fasteignir á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Trump-áhrifin jákvæð á fjármálakerfið

**Hagnaður stærstu banka Bandaríkjanna tók kipp á fyrsta ársfjórðungi. Allar niðurstöður voru yfir væntingum nema hjá Goldman Sachs. Áhrif af Trump og hærri stýrivextir ýttu undir hagstæðari niðurstöðu samkvæmt sérfræðingum.**

Viðsnúningur varð á fyrsta fjórðungi þessa árs hjá stærstu bönkum Bandaríkjanna og kalla sérfræðingar þetta Trump-áhrifin. Frá því að Donald Trump Bandaríkjaforseti tók við embætti í janúarmánuði virðist trú markaðsaðila á bandarískum fjármálamörkuðum hafa aukist. Forsetinn lofaði skattalækkunum, og vonir eru um að þetta muni hafa jákvæð áhrif á afkomu fyrirtækja.

Áhrif af Trump, sem og hærri vextir, ýttu undir hagstæðari niðurstöðu hjá bönkunum samkvæmt frétt City A.M. um málið. CNN greinir frá því að eftir að Trump tók við hafi markaðir tekið verulegan kipp. Í lok febrúar mældist Dow-vísitalan í sögulegri hæð tólf daga í röð. Þetta hefur einungis gerst þrisvar í 120 ára sögu vísitölunnar.

Mest var hagnaðaraukningin á fyrsta ársfjórðungi hjá Goldman Sachs, um 80 prósent, og nam hagnaðurinn 2,26 milljörðum dollara.

Tekjur Goldman námu 8,03 milljörðum dollara, og var bankinn sá eini með tekjur undir spám greiningaraðila.

**80%**

**aukning varð á hagnaði Goldman Sachs á fyrsta ársfjórðungi.**

Forsvarsmenn JP Morgan greindu frá því fyrir helgi að hagnaður hefði aukist um 17 prósent milli ára og numið 6,5 milljörðum dollara. Tekjur jukust um 6,5 prósent milli ára og námu 24,7 milljörðum dollara. Tekjur viðskiptahluta bankans drógust saman um 20 prósent milli ára, en auknar tekjur í fjárfestingarhluta bankans drógu úr áhrifum þess.

Hagnaður Citigroup jókst um 17 prósent milli ára og nam 4,1 milljarði dollara. Meðal drifkrafta þess voru auknar tekjur og minni kostnaður af lánsfé. Hagnaðurinn og tekjurnar voru umfram spá greiningaraðila Thomson Reuters.

Afkoma Bank of America á fyrsta ársfjórðungi lá fyrir á þriðjudaginn og var umfram spár greiningaraðila í næstum öllum flokkum. Hagnaðurinn nam 4,35 milljörðum dollara, sem var 44 prósent aukning milli ára. Tekjur námu 22 milljörðum dollara sem var 7 prósenta aukning og útgjöld stóðu í stað. Útlán jukust um 6 prósent á tímabilinu.

Sá eini af stærstu bönkum Bandaríkjanna sem bætti ekki afkomu sína var Wells Fargo, þriðji stærsti bankinn. Hagnaður hans stóð í stað. Líklega má rekja það til þess að bankinn er ennþá að jafna sig á hneykslismáli varðandi bókhald bankans, sem kom upp á síðasta ári.

Morgan Stanley var síðastur í röðinni til að greina frá afkomu. Í gær var greint frá því að hagnaður bankans hefði numið 1,84 milljörðum dollara á tímabilinu og aukist um 74 prósent.

Tekjur námu 9,75 milljörðum dollara og jukust um 25 prósent. Um er að ræða einn besta fjórðung hjá bankanum á síðastliðnum árum. Reuters greinir frá því að hækkun stýrivaxta í Bandaríkjunum hafi meðal annars ýtt undir þróunina.

saeunn@frettabladid.is

## Hagnaður stærstu banka Bandaríkjanna

| Goldman Sachs | J.P.Morgan | citigroup | Bank of America | Morgan Stanley |
|---|---|---|---|---|
| 2,26 milljarðar dollara, 80% aukning | 6,5 milljarðar dollara, 17% aukning | 4,1 milljarður dollara, 17% aukning | 4,35 milljarðar dollara, 44% aukning | 1,84 milljarðar dollara, 74% aukning |


VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM

Kælivirkni ehf

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is






**Útsöluaðilar:**
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum

**Dreifingaraðili:** DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á **dansport.is**




# ÚTIVISTARDAGAR

## SALEWA 19. - 30. apríl

### VANDAÐUR ÍTALSKUR ÚTIVISTARFATNAÐUR

Komdu á útivistardaga SALEWA á Laugavegi 91, Reykjavík, dagana 19.-30. apríl . Mikið úrval af vönduðum útivistarfatnaði frá SALEWA. Úlpur, peysur, buxur, húfur, skór o.m.fl.

**20-40% afsláttur** aðeins þessa daga.

ICEWEAR MAGASÍN
VERSLUN SALEWA | LAUGAVEGI 91




**ORTLES GTX PRO ÚTIVISTARJAKKI**
Vatnsheldur og andar vel. GORE-TEX® Pro herrajakki sem veitir fulla vernd í íslenskum aðstæðum.

~~Verð áður 89.990.~~
**Verð nú 53.994.-**

## Kísilóværa



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Bréf Umhverfisstofnunar til United Silicon um stöðvun rekstrar vegna mengunar sem stafar frá kísilmálmverksmiðju fyrirtækisins í Helguvík er skuggaleg og á köflum óþægileg lesning.

Á rúmum fimm mánuðum sem kísilmálmverksmiðjan hefur verið starfandi hafa borist hátt í 400 kvartanir frá íbúum Reykjanesbæjar sem búa í nágrenni við verksmiðjuna. Íbúarnir hafa kvartað undan sviða í augum, sviða í hálsi, ertingu í lungum, hausverk, ógleði og kláða í andliti.

Ef United Silicon kemur ekki með andmæli sem Umhverfisstofnun metur gild fyrir morgundaginn mun stofnunin loka verksmiðjunni og stöðva starfsemina um óákveðinn tíma. Slík ákvörðun er löngu tímabær að mati íbúanna nálægt verksmiðjunni sem hafa mánuðum saman búið við líkamleg óþægindi vegna útblásturs frá henni.

Umhverfisstofnun veit ekki ennþá hvaða efni það eru sem valda þessum óþægindum. Eftir að hafa ráðfært sig við sóttvarnalækni var það niðurstaðan að líklegast væri um að ræða ediksýru, maurasýru, klórmetan/metýlklóríð, methyl mercaptan eða ýmis aldehýð. Sum þessara efna eru skaðleg og geta haft langtímaáhrif á heilsu fólks. Ekki var gert ráð fyrir mengun af þessu tagi í mati á umhverfisáhrifum á sínum tíma og þetta kemur ekki fram í umsóknarferlinu eða þeim greiningarferlum sem voru unnir samhliða matinu.

Það er óþægilegt til þess að hugsa að einhverjir íbúar sem búa nálægt verksmiðjunni hafi orðið fyrir varanlegu heilsutjóni vegna útstreymis eiturefna frá henni. Beðið er eftir niðurstöðu greiningar á sýnum sem tekin voru 10. apríl. Það er mikilvægt að leiða til lykta með skýrum hætti nákvæmlega hvaða efni þetta voru og í kjölfarið upplýsa íbúa nálægt kísilmálmverksmiðjunni um mögulega skaðsemi. Ef það streymdu efni frá verksmiðjunni sem hafa varanleg, skaðleg áhrif á heilsu fólks þarf að fræða íbúana um til hvaða úrræða þeir geta gripið til að lágmarka eigið heilsutjón. Þeir þurfa síðan í fyllingu tímans að athuga hvort þeir eigi bótarétt á hendur United Silicon ef heilsubresturinn er staðreynd.

Verksmiðjan í Helguvík er fyrsta kísilmálmverksmiðjan á Íslandi. Þegar áform um uppbyggingu kísilvera voru kynnt var því reglulega haldið fram að hér væri um að ræða starfsemi sem væri mun umhverfisvænni en önnur stóriðja. Það er þyngra en tárum taki fyrir íbúa Reykjanesbæjar að þeim hafi mögulega verið sagt ósatt um hættuna sem stafaði frá verksmiðjunni sem blásið hefur efnum út í andrúmsloftið í bakgarði þeirra undanfarna mánuði.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir: „Ekki verður efnt til nýrra ívilnandi fjárfestingarsamninga vegna uppbyggingar mengandi stóriðju.“ Þetta þýðir ekki að mengandi stóriðja sé ekki velkomin hér á landi. Aðeins að skattfé verði ekki nýtt til að greiða götu hennar. Ríkisstjórnin þarf að standa við þessi orð, túlka orðið „mengandi“ rúmt og leyfa íslenskri náttúru og almenningi að njóta vafans. Við höfum ekki efni á fleiri umhverfisslysum eins og því sem virðist hafa orðið í Helguvík.

**Ef það streymdu efni frá verksmiðjunni sem hafa varanleg, skaðleg áhrif á heilsu fólks þarf að fræða íbúana um til hvaða úrræða þeir geta gripið til að lágmarka eigið heilsutjón.**




### Halldór




## Frá degi til dags

**Kisikis**

**Valgerður Gunnarsdóttir og Njáll Trausti Friðbertsson, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, hafa bæði lýst því yfir að þau muni ekki greiða götu nýrrar Ríkisfjármálaáætlunar að óbreyttu. Haraldur Benediktsson, formaður sjálfrar fjárlaganefndar, hefur sagt of snemmt að lýsa yfir andstöðu en ljóst er að honum þykir grundvallarbreytingar þurfa að verða. Á þarsíðasta kjörtímabili lýsti Jóhanna Sigurðardóttir því yfir að það að eiga við þingmenn VG væri eins og að smala köttum. Öllum að óvörum er hinn fyrrum stjórntæki Sjálfstæðisflokkur orðinn eins og sjálft Kattholt.**

**Umhverfisslys**

**Það er allt á suðupunkti vegna United Silicon. DV greindi frá því í lok árs 2015 að fyrirtækið hefði lagt fram falsaða mengunarspá á upphafsstigum verksins og blekkt stjórnvöld til að halda að virt dönsk verkfræðistofa hefði gert spána en ekki einhver fúskari. Í stað þess að Umhverfisstofnun stæði í lappirnar og segði að slíkt væri algjör forsendubrestur í samningnum, var fyrirtækið kurteislega beðið um að útvega nýja spá. Á sama tíma var pressan gríðarleg frá Ragnheiði Elínu Árnadóttur, þá iðnaðarráðherra, að taka fyrstu skóflustungu verksmiðjunnar í eigin kjördæmi. Framkvæmdin er allt í senn umhverfisslys, stjórnsýsluslys og stjórnmálaslys. Á góðri íslensku heitir það stórslys.**

**snaeros@frettabladid.is**

## Dapurleg fjarvera Íslands



**Steinunn Þóra Árnadóttir**
þingmaður Vinstri grænna

Dagana 27. til 31. mars síðastliðinn komu 132 ríki saman í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna til þess að hefja viðræður um gerð alþjóðasamnings sem banna myndi tilvist kjarnorkuvopna. Ísland tók ekki þátt í viðræðunum frekar en flestöll önnur Natóríki.

**Breytt í hjásetu**

Undirbúningur þessara viðræðna hefur staðið yfir í nokkur ár en því miður hafa íslensk stjórnvöld ekki sýnt þeim áhuga. Það vakti til að mynda athygli á árinu 2015 þegar Ísland greiddi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna atkvæði gegn tillögu um slíkt bann en eftir umræðu í fjölmiðlum, í utanríkismálanefnd og á Alþingi var þeirri afstöðu breytt í hjásetu við seinni atkvæðagreiðslu. Ísland greiddi svo að lokum atkvæði gegn því að boðað væri til viðræðna í mars.

Þótt minna sé talað um kjarnorkuvopn nú en þegar kalda stríðið stóð sem hæst er fátt sem ógnar mannkyni meira. Ríkin sem búa yfir kjarnorkusprengjum eru níu talsins og áætlað að sprengjurnar séu tæplega 15 þúsund í allt. Þær eru vissulega færri en þegar verst lét á tímum kalda stríðsins en tækniþróun hefur gert það að verkum að þær eru öflugri og hreyfanlegri en áður. Verði kjarnorkuvopnum beitt mun það alltaf leiða til hörmunga fyrir milljónir manna.

**Sár vonbrigði**

Því meiri orku og fjármunum sem varið er í þróun kjarnorkuvopna, því erfiðara verður að uppræta þau og koma í veg fyrir að þeim verði að lokum beitt á nýjan leik. Það eru sár vonbrigði að íslensk stjórnvöld kjósi að fylgja kjarnorkubandalaginu Nató í þessum efnum í stað þess að skipa sér í sveit með meira en 130 þjóðum til að vinna að þessu brýna máli.

**Þótt minna sé talað um kjarnorkuvopn nú en þegar kalda stríðið stóð sem hæst er fátt sem ógnar mannkyni meira.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Hringamyndun og stjórnmál

**Í DAG**



Þorvaldur Gylfason

Hringamyndun er eðlileg freisting í viðskiptum. Vitaskuld vilja seljendur geta bundizt samtökum um að selja vöru sína og þjónustu sem allra dýrustu verði. Adam Smith, faðir hagfræðinnar, lýsti þessari freistingu vel í höfuðriti sínu Auðlegð þjóðanna 1776. Þess vegna höfum við samkeppnislög sem er ætlað að tryggja hag neytenda gegn hringamyndunartilburðum framleiðenda. Samkeppnislög duga þó misvel. Fyrir kemur að neytendur njóta þess hversu samkeppnislögin hrökkva skammt. Dæmi um það er atlaga bandarískra yfirvalda gegn hugbúnaðarrisanum Microsoft sem tókst að verja sig fyrir dómstólum og semja að endingu við yfirvöld m.a. með þeim rökum að fyrirtækið hafi í krafti sterkrar stöðu sinnar á markaði getað framleitt æ öflugri og ódýrari hugbúnað til hagsbóta fyrir neytendur.

**Olíuhringurinn OPEC**

Samkeppnislög einstakra landa ná ekki yfir landamæri og milliríkjasamningar um viðskipti ná ekki að fylla skarðið. Þannig gátu nokkur olíuútflutningsríki bundizt samtökum um að margfalda olíuverð í tvígang 1973 og 1979. Hringurinn heitir OPEC, var stofnaður í Bagdad í Írak 1960 og telur nú 13 aðildarlönd, en þó hvorki Noreg, Mexíkó né Rússland. Samstaða hringsins brast á endanum þar eð freistingin til að lækka verð á olíu niður fyrir sameiginlegt verð hringsins nær ævinlega yfirhöndinni einhvers staðar áður en lýkur. Þannig m.a. stendur á því að olíuverð á heimsmarkaði er nú þrátt fyrir OPEC innan við helmingur af olíuverði 1980 í sambærilegum Bandaríkjadölum. Hringurinn brast og við bættist ný tækni (e. hydrolic fracturing eða fracking) sem gerir olíufélögum kleift að bora lárétt eftir olíu og skyldum orkugjöfum frekar en lóðrétt. Þessi nýja tækni hefur aukið orkuframboð til muna og þrýst heimsmarkaðsverðinu niður en hún er umdeild af umhverfisástæðum og er t.d. bönnuð með lögum í Frakklandi.

**Ein ástæða þess að nýir flokkar ryðja sér nú til rúms í Evrópu er að gömlu flokkarnir hafa snúið bökum saman gegn nýgræðingunum og virða þá jafnvel ekki viðlits heldur úthrópa þá sem lýðskrumara.**

**Stjórnmálahringar**

Og þá er ég loksins kominn að efninu sem er hringamyndun í stjórnmálum. Hvað er fjórflokkurinn eða fimmflokkurinn annað en hringur? (e. cartel) – þ.e. bandalag misgamalla stjórnmálaflokka gegn nýju fólki sem vill gera breytingar á lögum og stjórnarskrá í samræmi við skýran vilja meiri hluta kjósenda eins og hann hefur birzt í skoðanakönnunum ár fram af ári og einnig í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 um nýju stjórnarskrána.

Þessi hringur skilur eftir sig langan slóða. Það er hans verk að fiskveiðistjórnin er í aðalatriðum óbreytt eftir öll þessi ár gegn skýrum vilja meiri hluta kjósenda. Það er hans verk að nýja stjórnarskráin liggur enn á ís í frystigeymslu Alþingis. Það er hans verk að nýir framboð þurfa a.m.k. 5% atkvæða til að koma uppbótarmönnum á þing, en þessi regla var leidd í lög eftir að Sverrir Hermannsson fv. bankastjóri Landsbanka Íslands hafði sem þingmaður Frjálslynda flokksins velgt hringnum hressilega undir uggum úr ræðustól Alþingis. Þennan lista mætti lengja.



**Noregur, Svíþjóð, Þýzkaland**

Vandinn er ekki bundinn við Ísland. Ein ástæða þess að nýir flokkar ryðja sér nú til rúms í Evrópu er að gömlu flokkarnir hafa snúið bökum saman gegn nýgræðingunum og virða þá jafnvel ekki viðlits heldur úthrópa þá sem lýðskrumara. Þetta á t.d. við um norska Framfaraflokkinn sem var stofnaður 1973 og enginn annar þingflokkur virti viðlits þar til hann tók sæti í ríkisstjórn 2013, þriðji stærsti flokkur Noregs. Þetta á einnig við um Svíþjóðardemókrata sem hlutu 13% atkvæða í þingkosningunum í Svíþjóð 2014, þriðji stærsti flokkurinn á þingi, og enginn annar flokkur virðir enn viðlits. Og þetta á einnig við um nýja AfD-flokkinn (þ. Alternative für Deutschland) í Þýzkalandi sem mælir með úrsögn landsins úr ESB og gegn frekara innstreymi flóttafólks og aðrir flokkar forðast eins og heitan eld eins og það sé vænlegasta leiðin til að halda þessum nýja andstæðingi niðri.

Hvaða rétt hafa gömlu flokkarnir til að kalla nýja flokka lýðskrumara? – flokka sem vara við stríðu innstreymi útlendinga, vilja úrsögn úr ESB o.s.frv. Væri ekki nær að rökræða við nýja andstæðinga frekar en að reyna að brennimerkja þá? Nýju flokkarnir liggja margir vel við höggi í rökræðum. T.d. vill norski Framfaraflokkurinn einn flokka nota olíusjóð Norðmanna strax frekar en að geyma hann til síðari nota. Geymslurökin eru þó býsna sterk enda nýtur Noregur aðdáunar og virðingar um allan heim fyrir styrka umsýslu þjóðareignarinnar. Svíþjóðardemókratar vilja einir flokka hefta innstreymi útlendinga til Svíþjóðar. Í því máli eru rökin býsna sterk á báða bóga.

Hvorir eru meiri lýðskrumarar? – nýgræðingarnir sem benda á nýjan, viðkvæman vanda og leggja til viðbrögð við honum eða gömlu jaxlarnir sem hafa brugðizt við vandanum með því einu að gera hróp að þeim sem biðja um lausnir.

# Dagsbirta í byggingum



*Ásta Logadóttir*
verkfræðingur, PhD, sérfræðingur í lýsingu

Það kannast líklega flestir á Íslandi við unaðinn sem fylgir því að sólin fer hærra á loft og dagsljósið dvelur lengur við yfir daginn á þessum árstíma. Við sem búum á svo norðlægum slóðum þekkjum þessa tilfinningu, veturinn er svo þungur og dimmur. Það er misjafnt hversu mikil áhrif þetta mikla myrkur hefur á okkur því öll erum við ólík en 63 til 66 gráður norðlæg breiddargráða hefur í för með sér miklar sveiflur í dagsljósi. Næstu þrjá mánuðina mun daginn lengja um um það bil 6 mínútur á dag og það er bjart fram undan.

Arkitektarnir okkar leggja sig fram við að tryggja aðgengi dagsbirtu inn í byggingarnar okkar á Íslandi. Þar er spáð í notkun og stærð rýma, stærð og staðsetningu glugga, umhverfis og stöðu byggingar gagnvart sólargangi. Hingað til hefur þetta gengið mjög vel og ekki skemmt fyrir að landsvæði á Íslandi hefur ekki verið af skornum skammti, byggð hefur dreifst vel og dagsbirtu því almennt ekki skort í íslenskum byggingum. Í dag er hins vegar sama þróun og í nágrannalöndum okkar að byggðin er að þéttast og byggingar verða þar af leiðandi hærri og liggja þéttar upp að hvor annarri. Þá ber að vera sérstaklega vakandi yfir aðgengi dagsbirtu í byggingar, ekki bara þessar nýju byggingar heldur koma þær sem fyrir eru nú til með að liggja í skugga þessara nýju bygginga.

**Byggingarreglugerðin okkar tryggir ekki aðgengi dagsbirtu í byggingarnar okkar. Ábyrgðin er okkar að stuðla að aðgengi dagsbirtu og þar með vellíðan íbúa landsins.**

Bretarnir leystu þetta á sínum tíma með því að setja fram lög um „rétt til ljóssins“ (e. right to light). Þar gengur „réttur fólks til dagsbirtunnar“ kaupum og sölum eða hefur þær afleiðingar að nýjar byggingar fá ekki að rísa á svæðum þar sem þær mundu skyggja á núverandi byggingar. Á Norðurlöndunum sem og hér hefur verið hefð fyrir því að innleiða í byggingarreglugerðir ákveðnar þumalputtareglur sem eiga að tryggja lágmarks dagsbirtu í byggingum. Á Íslandi gildir að samanlagt ljósop glugga hvers íbúðarherbergis eigi að vera tíu prósent af gólffleti, eða að lágmarki einn fermetri.

Í nágrannalöndum okkar gilda þessar þumalputtareglur líka fyrir atvinnuhúsnæði og þær tryggja meira að segja aðgengi dagsbirtu að gluggunum og lágmarks aðgengi gegnum gluggann. Búast má við því að þessar þumalputtareglur muni á næstu árum víkja fyrir enn nákvæmari aðferðum sem taka mið af hnattstöðu og umhverfi hverrar byggingar.

Byggingarreglugerðin okkar tryggir ekki aðgengi dagsbirtu í byggingarnar okkar. Ábyrgðin er okkar að stuðla að aðgengi dagsbirtu og þar með vellíðan íbúa landsins.

**Breyttir tímar**

– nýjar áherslur



**Verið velkomin á örráðstefnu á vegum VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs á Grand Hótel Reykjavík mánudaginn 24. apríl kl. 13:00 – 15:00.**

**Dagskrá**

- **Ávarp**
  Þorsteinn Víglundsson félags- og jafnréttismálaráðherra
- **Að auka vinnugetu og þátttöku á vinnumarkaði**
  Vigdís Jónsdóttir framkvæmdastjóri VIRK
- **Streitan og starfið – Nýjustu rannsóknir**
  Ingibjörg Jónsdóttir forstöðumaður Institutet för Stressmedicin og prófessor við Háskólann í Gautaborg
- **Reynslusaga einstaklings sem lokið hefur starfsendurhæfingu**
- **Vinnan er úrræði**
  Jónína Waagfjörð sviðsstjóri þróunar atvinnutengingar hjá VIRK
- **Reynslusaga stjórnanda úr atvinnulífinu**

**Aðgangur er ókeypis en skrá skal þátttöku á ráðstefnuna á www.virk.is**

Ársfundur VIRK fer fram fyrr um daginn frá 11.00-12.00.

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR


KRÓNAN
Krónan mælir með!
-20%
399 kr. pk.
Pink Lady epli, 8 stk. í pakka, Frakkland
Verð áður ~~499~~ kr. pk.
LÍFRÆNT VOTTAÐ
Organic
Biologique
GRØN BALANCE
-20%
399 kr. pk.
Lífrænt vottuð epli, Piniova,1 kg, Ítalía
Verð áður ~~499~~ kr. pk.
Gott verð!
159 kr. kg
Jónagold epli, Holland
Tilboðin gilda til 23. apríl. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
239 kr. pk.
Tagliatelle Nests, pasta
Verð áður ~~299~~ kr. pk.
319 kr. stk.
Sólþurrkaðir tómatar
Verð áður ~~399~~ kr. stk.
-20%
af öllum Jamie Oliver vörum!
279 kr. stk.
Pestó og pastasósur
Verð áður ~~349~~ kr. stk.
199 kr. pk.
Spaghetti og Fusilli, pasta
Verð áður ~~249~~ kr. pk.
Jamie Oliver
KEEP IT SIMPLE
Tilboðin gilda til 23. apríl. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

**Krónan mælir með!** ★★★



**-20%**

**1895** kr. kg

Lambalærisneiðar, úrval marineringa

**Verð áður ~~2369~~ kr. kg**




**100% hamborgara-búðin þín!**

90g - 449 kr. pk.
120g - 569 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.

★★★

Steikarborgari 120g
20% fita - góður á grillið
569 kr. pk.

★★★

alltaf 2 stk. í pakka




**-20%**

**1759** kr. kg

Fabrikku grísarif

**Verð áður ~~2199~~ kr. kg**




Hamborgarar, brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar

**1299** kr. pk.

2 stk. í pakka, 100% ungnautahamborgarar

Tilboðin gilda til 23. apríl. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

KRÓNAN

Ódýrt




**389** kr. pk.

Gestus rúnstykki, 6 stk./540 g




**279** kr. stk.

Alpro möndlumjólk, 1 lítri

249 kr. stk. ef keypt eru 8 stk. í kassa = 1992 kr.




**149** kr. stk.

Eplasafi, 1,5 lítrar




**299** kr. pk.

Gestus rauð smoothie blanda, 450 g




**199** kr. stk.

Gestus amerískar pönnukökur, 200 g

Tilboðin gilda til 23. apríl. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Að skipta á óskabarni fjölskyldunnar og silfurpeningum

## Opið bréf til Benedikts Einarssonar hið síðara



Kári Stefánsson,
forstjóri Decode

Benedikt, það er alrangt að ég hafi skrifað greinar í dagblöð til þess að klekkja á Bjarna Benediktssyni eða til þess að rægja hann eða meiða á annan máta. Ég hef skrifað greinar í dagblöð til þess að reyna að beina honum í það sem mér finnst rétta átt í stjórnmálum, vegna þess að ég hef það á tilfinningunni að áttavitinn hans sé á köflum í tómu rugli. Ég hef til dæmis hvatt hann til þess að fjárfesta meira í heilbrigðiskerfinu og annars staðar í velferðarkerfinu. Ég hef reynt að veita honum aðhald og hvetja hann til góðra verka. Ég held því fram að með því sé ég að rísa undir þeirri ábyrgð sem fylgir því að fá að þykja vænt um þetta land og þessa þjóð og þetta lýðræði sem við viljum búa við. Ég viðurkenni fúslega að ég hef beitt háði og spotti og öðrum álíka hranalegum aðferðum en það hefur ekki verið í þeim tilgangi að meiða heldur til þess að reyna að komast í gegnum brynjuna hans Bjarna. Það eru nefnilega fáir sem eru eins flinkir og hann við að láta annarra orð sér sem vind um eyru þjóta. Ég held því fram að þegar ég segi stjórnmálamanninum Bjarna Benediktssyni til vamms sé það vinargreiði. Ég myndi ekki nenna því nema af því ég ber virðingu fyrir honum og vona að honum gangi vel að stjórna landinu og held að það gengi betur ef hann færi að mínum ráðum. Ég ætlast nefnilega til þess að í lok kjörtímabilsins skili hann af sér samfélagi sem er réttlátara en það er í dag með betra heilbrigðiskerfi, menntakerfi, og húsnæðiskerfi, og ég er handviss um að hann ætlast til þess líka.

Vandamál Bjarna eru ekki menn eins og ég heldur menn eins og þú, Benedikt Einarsson. Vandamál Bjarna sem eru stöðu hans vegna líka vandamál íslensks samfélags eiga rætur sínar í persónulegum tengslum hans við viðskiptalífið, og skiptir þar litlu hvort þau eru raunveruleg eða ímynduð. Slíkt er eðli hagsmunaárekstra sem byggja á persónulegum tengslum forsætisráðherra við viðskiptalífið. Á fyrsta áratug þessarar aldar tók Bjarni þátt í alls konar viðskiptagjörningum með fjölskyldunni og bendir flest til þess að hann hafi gert það á heiðarlegan hátt og drengilegan eins og hans var von og vísa, þótt Vafningsmálið hafi verið hundleiðinlegt og jörðin undir viðskiptafótum hans hafi sviðnað við hrunið eins og flestra annarra. Síðan hætti hann beinum afskiptum af viðskiptum fjölskyldunnar og varð stjórnmálamaður í fullu starfi og síðan fjármálaráðherra og nú síðast forsætisráðherra. Það er gífurlega mikilvægt fyrir íslenskt samfélag að hafa enga ástæðu til þess að ætla að fyrirtæki í eigu fjölskyldunnar hafi notið góðs af stöðu hans sem fjármálaráðherra eða njóti þess í dag að hann sé forsætisráðherra. Það skiptir hér engu hvort fyrirtækjunum hafi verið hyglað með ákvörðunum Bjarna eða ákvörðunum annarra sem héldu með réttu eða röngu að með þeim væru þeir að þóknast honum. Það má ekki gleymast hér að samfélagið stendur í þeirri trú að einhver hluti af velgengni fyrirtækja fjölskyldunnar gæti að lokum ratað í vasa Bjarna. Hvað skal til bragðs taka? Hvernig er hægt að koma í veg fyrir að samfélagið hafi það á tilfinningunni, að fjölskyldan sé að tappa fé af ríkinu í gegnum meðlimi hennar í stöðum fjármálaráðherra og forsætisráðherra. Eitt er víst að það er með öllu ómögulegt meðan þú og fjölskyldan hagið ykkur eins og þið vitið ekki af vandanum og haldið því fram að þeir sem veki máls á honum séu bara að rægja Bjarna.

**Haldið þið virkilega að þegar Bjarni þurfi að gera hreint fyrir sínum pólitísku dyrum sé aðferðin sú að fjölskyldan kaupi ræstingafyrirtæki?**

Tökum sem dæmi nýjustu fréttir af viðskiptum fjölskyldunnar. Hún er búin að fá leyfi Samkeppniseftirlitsins til þess að kaupa ISS, stærsta ræstingafyrirtæki landsins sem sérhæfir sig í að þrífa heilbrigðisstofnanir sem eru nær allar í eigu hins opinbera og er með samning við ríkið um þrif á sex ráðuneytum. Þetta er sem sagt fyrirtæki sem byggir að mestu á viðskiptum við ríkið. Og þú spyrð sjálfsagt: Og hvað með það? Og ég svara með þremur spurningum: Hvernig stendur á því að þið skiljið ekki að þið verðið að forðast viðskipti við ríkið meðan Bjarni leiðir hópinn sem stjórnar því? Hafið þið ekkert lært af Borgunarmálinu, eða er ykkur alveg sama þótt þið valdið Bjarna vandræðum og með því íslensku samfélagi? Haldið þið virkilega að þegar Bjarni þurfi að gera hreint fyrir sínum pólitísku dyrum sé aðferðin sú að fjölskyldan kaupi ræstingafyrirtæki?

Samfélagið stjórnast ekki bara af lögum og reglum sem á þeim byggja heldur líka af siðferðisstöðlum sem eru þeim að vissu leyti æðri. Með því að beina viðskiptum sínum að ríkinu er fjölskyldan svo sannarlega ekki að brjóta lög en það má leiða rök að því að það sé ósiðlegt athæfi, hættulegt íslensku samfélagi. Það er líka með ólíkindum að fjölskyldan skuli ekki gera sér grein fyrir því að með þessum óhefta stíl í viðskiptum er hún að vega að möguleikum Bjarna Benediktssonar, þessum hæfileikaríka og óvanalega stjórnmálaleiðtoga, til þess að skrá nafn sitt á spjöld sögunnar við hliðina á honum afabróður sínum og alnafna.

En það er til lausn á þessu fyrir Bjarna sem gæti jafnvel leyst á einu bretti öll ímyndarvandamálin sem eiga rætur í tengslum hans við viðskipti fjölskyldunnar. Hann gæti einfaldlega rift öllum samningum ríkisins við ISS og með því sagt við samfélagið að hann skynji vandann, skilji hann og ætli ekki að búa við hann. Það myndi að vísu búa til annan vanda sem er sá að það yrði að finna einhvern til að þrífa ráðuneytin. Hann væri að vísu auðvelt að leysa. Bjarni er búinn að sýna okkur að hann sé býsna húslegur og geti bakað góðar afmæliskökur. Það er ekki nokkur vafi á því að hann gæti líka skúrað. Hann gæti séð um forsætisráðuneytið og krafist þess að hver ráðherra fyrir sig skúraði sitt ráðuneyti. Það væri alþýðlegt og flott og tæki af allan vafa um að þegar við borgun ráðherrum laun fengjum við eitthvað fyrir okkar snúð, í það minnsta einu sinni í viku.





Bros auglýsingavörur **með þínu merki**

Skoðaðu litríkt úrval á **bros.is**

**Bros auglýsingavörur,
Norðlingabraut 14.**

BROS
AUGLÝSINGAVÖRUR
*– með þínu merki*

# Fólk

FIMMTUDAGUR 20. APRÍL 2017

Tíska



Grilltíminn er hafinn. Frikki Dór hlakkar til að setja góða steik á grillið í sumarbyrjun.

Sjá sérblað um Sumargrill



# Vel skóaður fótboltamaður

Fallegir strigaskór eru í miklu uppáhaldi hjá knattspyrnumanninum Davíð Krist-jáni. Í dag notar hann um tíu pör. →2

„Núna á ég um tíu skópör sem ég nota reglulega. Þó er ég búinn að selja nokkur pör undanfarið sem ég nota ekki,“ segir Davíð Kristján. MYNDIR/GVA



Gleðilegt sumar

*Fallegt, fágað og töff*

comma,

SMÁRALIND

Framhald af forsíðu ➪

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Eldri systir knattspyrnumannsins Davíðs Kristjáns Ólafssonar hafði mikil áhrif á fatastíl hans þegar hann var í grunnskóla. Fram að þeim tíma vildi Davíð helst klæðast Breiðabliks-heilgallanum allan sólarhringinn enda var fótbolti, og er enn, helsta ástríðan í lífi hans. Í kjölfar afskipta hennar fór klæðaburður Davíðs þó að breytast smátt og smátt. „Mér fannst þessi afskipti alltaf frekar pirrandi í fyrstu en svo breyttist skoðun mín. Árið 2013 uppgötvaði ég rapparana Yung Lean og Rejjie Snow og í kjölfarið keypti ég mér öll „vintage“ föt frá Ralph Lauren, Lacoste, Gucci og North Face sem ég gat fundið. Svo þróaðist stílinn meira í svona „skate“ merki eins og Palace og Supreme. Í dag heilla mig mest vönduð föt frá merkjum eins og Saint Laurent. Ég reyni að kaupa mér eina og eina flík frá því merki af og til.“

## Elskar skó

Honum finnst erfitt að lýsa fatastíl sínum en dags daglega klæðist hann oft þægilegum jogging göllum frá Nike eða Stone Island. „Með þeim klæðist ég yfirleitt flottum strigaskóm. Síðan er draumurinn að eiga einn gráan Balenciaga-íþróttagalla.“

Fallegir strigaskór eru í miklu uppáhaldi hjá Davíð en hann segist eingöngu kaupa skó frá bestu merkjunum. „Ég fíla þegar buxurnar leggjast fallega á skóna. Núna á ég um tíu skópör sem ég nota reglulega. Þó er ég búinn að selja nokkur pör undanfarið sem ég nota ekki. Samt mundi ég ekki segja að ég væri skósafnari því ég hef alveg jafn mikinn áhuga á fallegum flíkum. En ég á jú samt nokkur virkilega góð pör.“

**Hvað finnst þér einkenna klæðnað karla í dag?** Strákar ganga meira í áberandi merkjavörum vegna rappsenunnar sem er í gangi. Tónlist hefur mikil áhrif á tísku.

**Áttu þér uppáhaldsverslanir?** Ég kaupi oftast föt þegar ég fer til útlanda. Uppáhaldsbúðin mín erlendis er Selfridges í London.

**Hverjir eru uppáhaldshönnuðir þínir?** Ég held mest upp á Rick Owens, mér finnst hann vera flottur listamaður. Einnig finnst mér gaman að fylgjast með hverjir eru listrænir stjórnendur hjá uppáhaldsmerkjunum mínum, t.d. menn á borð við Alessandro Michele, Virgil Abloh og Anthony Vaccarello.

**Áttu þér uppáhaldsflík?** Það eru off white gallabuxurnar mínar.

**Hver eru bestu og verstu kaup þín?** Bestu kaupin mín eru líklegast Balenciaga Arena skórnir mínir. Ég keypti fyrsta parið árið 2015 og hef keypt eitt par á ári síðan. Verstu kaupin mín eru sennilega Saint Laurent gallabuxurnar mínar. Þær keypti ég alltof litlar í miklum látum.

**Notar þú einhverja fylgihluti?** Eiginlega ekki, það er helst bara armbandsúrið mitt.

**Er einhver sérstök flík sem þig langar í á árinu?** Mig langar í glænýja Moncler Maya úlpu.

> „Árið 2013 uppgötvaði ég rapparana Yung Lean og Rejjie Snow og í kjölfarið keypti ég mér öll „vintage“ föt frá Ralph Lauren, Lacoste, Gucci og North Face sem ég gat fundið.
>
> Davíð Kristján Ólafsson



Stór hluti af glæsilegu skósafni Davíðs. Á gólfinu til vinstri eru gráir Yeezy 950 og svartir Gucci skór. Á skóhillunni eru svartir Balenciaga Arena, Saint Laurent, gráir Balenciaga Arena, Gucci GG supreme slip-ons og hvítir Balenciaga Arena. Hægra megin á gólfinu eru svo Adidas ultra boost og Gucci slippers.




Bestu kaup Davíðs eru Balenciaga Arena skórnir. Fyrsta parið keypti hann árið 2015 og síðan hefur hann keypt eitt par á ári. Skórnir til vinstri og hægri á myndinni eru frá Balenciaga Arena.



Gucci GG supreme slip-ons eru sérlega þægilegir skór og litfagrir.







**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433


FRÁBÆRAR SUMARGJAFIR.
HJÓLUM SAMAN Í SUMAR!
OPIÐ Í DAG!
SUMARDAGINN FYRSTA
KL. 10-16
16" REIÐHJÓL 3 - 6 ÁRA
KROSS
29.990,-
KROSS LEO 16"
KROSS
29.990,-
KROSS LEO 16"
KROSS
29.990,-
KROSS LILLY 16"
KROSS
29.990,-
KROSS LYLLY 12"
20" REIÐHJÓL 5 - 8 ÁRA
KROSS
34.990,-
KROSS ELI 20"
KROSS
37.990,-
KROSS HEXAGON 20"
KROSS
34.990,-
KROSS ELLA 20"
KROSS
37.990,-
KROSS HEXAGON 20"
24" REIÐHJÓL 8 - 12 ÁRA
KROSS
44.990,-
KROSS JULIE 24"
KROSS
44.990,-
KROSS JULIE 24"
KROSS
44.990,-
KROSS LEA REPILICA 24"
KROSS
44.990,-
KROSS DUST REPILICA 24"
BMX HJÓL 4 - 16 ÁRA
mongoose
39.990,-
mongoose
49.990,-
mongoose
59.990,-
mongoose
69.990,-
GÁP
WWW.GÁP.IS
ALVÖRU HJÓL!
KROSS
mongoose
cannondale
GÁP · HJÓLA- OG SPORTVÖRUVERSLUNIN · FAXAFENI 7 · REYKJAVÍK · SÍMI 5 200 200















Miranda er ein launahæsta fyrirsæta heims. Hún er trúlofuð stofnanda Snapchat.







# Afmælisdagur ofurfyrirsætu

## Ástralska fyrirsætan Miranda Kerr er 34 ára í dag. Hún nýtur mikillar velgengni og setti nýlega á markað eigin húðlínu.

Miranda May Kerr þykir ein fegursta kona heims. Hún skaust upp á stjörnuhimininn árið 2007 þegar hún kom fyrst fram í undirfatasýningu Victoria's Secret. Allt frá þeim tíma hefur Miranda notið mikillar velgengni í tískuheiminum og prýtt forsíður allra helstu tískutímarita víða um heim, svo sem Vogue, Elle og Marie Claire. Hún getur valið úr verkefnum en hefur einnig notað tímann til að setja eigin húðlínu á markað, KORA Organics, sem hefur vakið mikla athygli.

Síðasta áratuginn hefur Miranda verið ofarlega á lista yfir launahæstu fyrirsætur í heimi en hún var aðeins þrettán ára þegar hún tók sín fyrstu skref á þessum vettvangi. Þá tók hún þátt í fyrirsætukeppni á vegum tímaritsins Dolly í föðurlandinu Ástralíu og bar sigur úr býtum. Sigurinn vakti mikla athygli en tímaritið var þó harðlega gagnrýnt fyrir valið, ekki síst vegna þess hve ung Miranda var. Þá þótti óviðeigandi að birta myndir í tímaritinu af henni á bikiníi einu fata. Sjálf hefur Miranda sagt þessa gagnrýni storm í vatnsglasi, hún hafi verið fullklædd og myndirnar teknar um hávetur.

Miranda fæddist í Sydney í Ástralíu en ólst upp í litlum bæ sem heitir Gunnedah. Móðurforeldrar hennar bjuggu í sveit og þar kynntist Miranda hestamennsku og lærði að keyra um á mótorhjóli. Foreldrar hennar fluttu til Brisbane þegar Miranda og Matthew, yngri bróðir hennar, voru á unglingsaldri.

Hugur hennar stefndi að því að verða næringarfræðingur en fyrirsætustörfin heilluðu líka. Hún lét þó drauminn rætast og lærði bæði næringarfræði og heilsusálfræði og útskrifaðist árið 2000. Hún flutti til New York fjórum árum seinna og ekki leið á löngu þar til hún kynntist stórleikaranum Orlando Bloom. Árið 2010 gengu þau í hjónaband en hún var þá gengin þrjá mánuði á leið með son þeirra, Flynn Christopher Blanchard Copeland Bloom.

Leiðir þeirra Mirönduog Orlando skildu árið 2013. Hún hefur ekki sagt neitt neikvætt um sinn fyrirverandi á opinberum vettvangi en í viðtali við tímaritið Elle viðurkenndi hún að skilnaðurinn hefði tekið á og hún þjáðst af þunglyndi í kjölfarið. Hún leitaði sér aðstoðar og stundar nú jóga og hugleiðslu. Miranda byrjar hvern dag á að pakka fyrir að eiga þak yfir höfuðið, góða heilsu og hraustan son. Hún er nú trúlofuð Evan Spiegel, forstjóra og eins stofnanda Snapchat. Þau kynntust í boði á vegum Louis Vuitton í New York fyrir þremur árum. Miranda gerir eflaust eitthvað skemmtilegt í tilefni dagsins.

# Sumargrill

FIMMTUDAGUR 20. APRÍL 2017

**Kynningar:** ELKO, BAUHAUS, MS, Rekstrarland



**Þorvaldur Þorvaldsson, vörustjóri hjá ELKO, segir úrvalið af grillum sérlega gott í ár. „Hjá ELKO fást grill í öllum stærðum og gerðum svo allir ættu að finna grill við sitt hæfi.“** MYND/EYÞÓR




## Grill við allra hæfi

ELKO er með mikið úrval af grillum og fylgihlutum frá Weber, Nordic Season og Jamie Oliver. Mesti grilltími ársins er fram undan og tilvalið að fjárfesta í nýju grilli eða endurnýja það gamla. →2

Grilldeildin hjá ELKO er óðum að fyllast af nýjum og spennandi vörum, enda mesti grilltími ársins og renna upp. Núna er því rétti tíminn til að kaupa nýtt grill eða bæta við fylgihlutum.

Þorvaldur Þorvaldsson, vörustjóri hjá ELKO, segir úrvalið af grillum sérlega gott í ár. „Hjá ELKO fást grill í öllum stærðum og gerðum svo allir ættu að finna grill við sitt hæfi. Við erum með grill frá Weber, Nordic Season og í vor tókum við inn nýja línu frá Jamie Oliver. Þá er ELKO með breiða línu af fylgihlutum. Má þar nefna kjöthitamæla, pitsusteina, grænmetisbakka, grillbakka, kjúklingastanda og fiskigrindur. Einnig fæst allt sem þarf til viðhalds á grillinu og til að halda því hreinu, svo sem grillburstar og hreinsiefni,“ upplýsir Þorvaldur.

### Weber gæðagrill

Grillin frá Weber er löngu orðin þekkt fyrir gæði og góða endingu, enda um úrvalsgrill að ræða. „Weber grillin hafa reynst sérlega vel fyrir íslenskar aðstæður. Weber Q-línan hefur verið mjög vinsæl hjá ELKO og Q3200 grillið það söluhæsta ár eftir ár. Q-línan er óbreytt á milli ára en þessi grill henta vel fyrir heimili og ekki síður

Framhald á síðu 2 →

Framhald af forsíðu ➜

í sumarbústaðinn,“ segir Þorvaldur.

Í Q-línunni eru einnig ferðagrillin sem slógu í gegn í fyrra. Þorvaldur á von á að þau verði jafnvinsæl í ár, enda sérlega hentug og ekki síður falleg. Þau koma í bláum, grænum, appelsínugulum, fjólubláum og bleikum lit.

### Genesis-grillin í nýrri útgáfu

Í ár kemur ný og enn betri útgáfa af Genesis-grillunum sem er stílhrein og glæsileg línan frá Weber. Genesis II-línan fæst svört eða reyklituð og einnig í stáli og hefur aldrei verið glæsilegri. Grillin koma í mismunandi stærð og eru með þrjá, fjóra eða sex brennara og stálgrillin eru að auki með innfelda 3,5 kW gashellu í hliðarborði. Þessi grill gefa mikla möguleika en með þremur brennurum eða fleirum gefst kostur á óbeinni grillun. Grillin eru með tveimur hliðarborðum og í öðru þeirra er gert ráð fyrir nýja iGrill 3 kjöthitamælinum. Hann tengist við iGrill appið og honum fylgja tveir hitanemar en hægt er að nota allt að fjóra nema í einu.

ELKO býður einnig upp á rafdrifna grillteina sem eru sérhannaðir fyrir Genesis II grillin og gera grillunina enn auðveldari. „Þú þræðir einfaldlega kjúklinginn, lambalærið eða hvað annað sem verið er að grilla, upp á tein sem snýst og maturinn grillast jafnt og þétt svo hann verður enn ljúffengari,“ segir Þorvaldur.

### Gott verð á Nordic Season

Nordic Season grillin eru á mjög góðu verði, eða frá 24.995 kr. og upp í 64.995 kr. að sögn Þorvaldar. „Við erum með gott úrval af þriggja til sex brennara grillum og mörg hver með viðbótar gashellu. Við fengum í ár nýja Meteor línu sem við erum mjög sátt við og einnig Huntington sem er stórt og voldugt grill úr stáli. Grillið er með stórum glugga á lokinu svo þægilegt er að fylgjast með hvernig grillunin gengur án þess að opna lokið,“ segir Þorvaldur.

Hjá ELKO er einnig gott úrval af ódýrum fylgihlutum frá Nordic Season, svo sem grillteinar, hamborgarapressur, kartöfluhaldarar, pitsusett (spaði, skeri og steinn), pitsusteinar, maíshaldarar og áhaldasett úr ryðfríu stáli sem kostar aðeins 1.995 kr.



Genesis II-línan frá Weber kemur svört eða reyklituð og einnig í stáli og hefur aldrei verið glæsilegri. MYND/EYÞÓR

### Flott Jamie Oliver grill

„Við vorum að fá í hús nýja línu af grillum frá Jamie Oliver. Þau eru með nýtt útlit sem hefur vakið mikla athygli og fallið vel í kramið hjá viðskiptavinum ELKO,“ segir Þorvaldur. Hann segir grillin frá Jamie Oliver hönnuð með endingu, þægindi og einfaldleika í huga. Þau fást bæði tveggja og þriggja brennara.

> **Við erum með nýjan kjöthitamæli sem er tengdur við Android eða OS app og sett upp í símanum eða spjaldtölvunni.**

### Kjöthitamælir í appið

Góður kjöthitamælir er nauðsynlegur til að fullkomna grillunina. Hjá ELKO er sérlega gott úrval kjöthitamæla sem nota má með hvaða grilli sem er.



Þorvaldur segir grillin frá Jamie Oliver hönnuð með endingu, þægindi og einfaldleika í huga. Þau fást bæði tveggja og þriggja brennara. MYND/EYÞÓR



ELKO er með breiða línu af fylgihlutum. Má þar nefna kjöthitamæla, pizzasteina, grænmetisbakka, grillbakka, kjúklingastanda og fiskigrindur.

„Við erum með hefðbundna kjöthitamæla með skjá og pinna sem er stungið í matinn. Svo erum við með skemmtilega nýjung en það er kjöthitamælir sem er tengdur við Android eða iOS app. Appið er á íslensku og sett upp í símanum eða spjaldtölvunni og þar sést hversu hár hitinn er og hvernig grillunin gengur. Appið veitir einnig leiðsögn og gagnlegar upplýsingar, svo sem hvaða kjarnhiti hentar fyrir lambakjöt eða nautakjöt allt eftir því hve vel steikt kjötið á að vera,“ segir Þorvaldur.

### Yfirbreiðslur og hjólavagnar

Hjá ELKO er gott úrval af yfirbreiðslum sem vernda grillin fyrir veðri og vindum. „Við eigum líka hjólavagna til að setja undir minni grillin frá Weber. Hjá ELKO fást einnig kolagrill en margir sækja í bragðið sem kemur af kolum. Það bjóðum við bæði ódýr ferðagrill frá 3.995 kr. og að sjálfsögðu einnig dýrari og öflugri grill bæði frá Weber og Nordic Season. Það ættu því allir að geta grillað í sumar.“

ELKO

# Frikki Dór syngur við grillið

## Tónlistarmaðurinn Friðrik Dór Jónsson er bæði matgæðingur og grillmeistari. Hann er búinn að taka fram grillið og bíður eftir sumarkomu.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Frikki Dór segir að þótt hann fái yfirleitt að ráða yfir útigrillinu sé kona hans, Lísa Hafliðadóttir, miklu betri kokkur. „Ég hef alltaf mjög gaman af grilltímabilinu. Þá fæ ég að gera eitthvað annað en að skera grænmeti í salat. Best er að grilla gott nautakjöt, alvöru steik. En ég hef líka gaman af því að gera heimagerða hamborgara frá grunni og skella á grillið,“ segir hann.

Þegar Frikki er spurður hvort hann geri miklar kröfur til grilláhalda, svarar hann: „Ég er búinn að eiga sama, góða grillið í sjö ár. Mér sýndist þegar ég var að taka það út að endurnýjunar væri þörf. Þetta grill hefur þjónað mér vel en er núna á lokametrunum.“

Frikki Dór rekur veitingastaðinn Reykjavík Chips þar sem fást hinar fullkomnu fröllur. Hann segir að erlendir ferðamenn séu stærsti kúnnahópurinn og vill gjarnan sjá fleiri Íslendinga á staðnum. Staðurinn er við Vitastíg en jafnframt gera þeir félagar á Reykjavík Chips út stað á hjólum sem hægt er að panta í veislur. „Við eigum eftir að finna honum fastan samastað í borginni,“ segir Frikki en það er alltaf hægt að panta bílinn.

„Ég hef mikinn áhuga á mat, sérstaklega að borða hann. Við Lísa spáum mikið í mat og uppskriftir. Hún hefur enn meiri áhuga en ég enda frábær kokkur. Ef hún væri ekki svona frábær í eldhúsinu myndi ég sennilega spreyta mig meira við matargerðina. Ég er meira fyrir kjöt en fisk. Þess vegna grilla ég frekar kjöt. Hins vegar finnst mér fiskur mjög góður ef hann er rétt eldaður. Ég hef ekki lagt í að grilla hann. Kann það ekki nægilega vel. Svo reynir maður að græja fröllur heima með steikinni. Ég geri þær frá grunni og það heppnast yfirleitt vel.“



Frikki Dór er mikill grillmaður og hefur ástríðu fyrir góðu nautakjöti.

Þegar hann er spurður hvort lagið sé tekið við grillið, svarar hann því játandi. „Það kemur oft fyrir. Ég syng kannski ekki hástöfum yfir hverfið en maður raular við þetta,“ segir hann en það er varla slæmt að eiga syngjandi nágranna.

„Á laugardag verðum við Jón bróðir í Íþróttahúsinu við Strandgötu ásamt um 200 nemendum Tónlistarskólans í Hafnarfirði. „Þessir krakkar munu spila undir hjá okkur og syngja með. Þarna verður lúðrasveit, strengjasveit og kór Lækjarskóla svo eitthvað sé nefnt. Mjög skemmtilegt verkefni og gaman að vera með í því, enda er þetta gamli tónlistarskóli okkar bræðra,“ segir Frikki en tónleikarnir hefjast kl. 14 og 16. Flutt verða þekkt lög eins og Fröken Reykjavík, Ljúft að vera til og Gefðu allt sem þú átt svo eitthvað sé nefnt.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is

# Grillandi góð gæði

## MÚRBÚÐARVERÐ



**Kaliber KG-1301 Gasgrill**
3+1 brennarar/hliðarhella
grillflötur 252,0 cm², 11,5KW
**43.400**

Kaliber
PREMIUM GRILL



**Kailber Ferðagasgrill**
2x2,5KW brennarar, grillflötur
196,0cm², 5KW
**29.980**



**Kailber KG-KG-2**
**Gasgrill** 4x3,5KW brennarar,
grillflötur 303,6 cm²,14KW
**52.880**



**Kailber KG-1503**
**Gasgrill** 3x3KW brennarar,
grillflötur 252,0 cm², 9KW
**39.900**



**Kailber AG1125**
**Gasgrill** 5x3,5KW brennarar,
grillflötur 815x460 mm, 17,5KW
**59.980**



**Grillyfirbreiðsla**
fyrir c120 cm breið grill
**3.980**
fyrir c150 cm breið grill
**4.280**

Grillbursti
**480**





Grilláhöld, 3 stk. í setti
**1.380**

**Lavor Galaxy 140**
**háþrýstidæla**
**17.990**
140 Max bar
450min Litrar
1900KW



**Lavor One Plus 130**
**háþrýstidæla**
**12.490**
130 Max bar
420min Litrar
Fylgihlutir: Burstar,
sápubrúsi
& Turbóstútur.



**Lavor Space 180**
**háþrýstidæla**
**24.990**
180 Max bar
510min Litrar
Pallahreinsir, bursti
og aukaspíssar.

Made by Lavor



**Lavor Race 125**
**háþrýstidæla**
**23.390**
125 Max bar
400min Litrar
1800KW



| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
*Gott verð fyrir alla, alltaf!*

# Gaman að prófa nýjungar

## Líklegast eru flestir grillarar landsins sammála um að góð sósa skiptir miklu máli. Lítið mál er að útbúa ljúffengar grillsósur heima.

Ylfa Helgadóttir, yfirmatreiðslumeistari og einn eigenda veitingastaðarins Kopars, er mikil sósumanneskja að eigin sögn og finnst best að hafa mikið úrval af sósum, sérstaklega með grilluðum mat. „Grillmatur er einfaldur matur, oft borðaður úti í náttúrunni eða uppi í sumarbústað þar sem aðstaða til að laga flóknar sósur er ekki endilega sú besta.“

Hún segir mikilvægt að grillmennskan sé ekki íþyngjandi, hvort sem grillið sé skyndiákvörðun með fjölskyldunni eða þaulhugsað grillmatarboð. „Sósan verður því að fylgja hverjum grillmat og vera einföld, en einfalt þarf ekki að þýða óspennandi. Stundum er maður í stuði fyrir hefðbundnu majónes grillsósuna sem er búin að fylgja íslenskri grillmenningu örugglega frá upphafi. Hún klikkar heldur aldrei. Stundum er samt gaman að prófa eitthvað nýtt. Og það er heilmargt í boði. Það er rosalega gaman að vera með eitthvert skemmtilegt kjöt og bjóða með nokkrar sósur sem maður getur dippað í.“

Hér gefur Ylfa uppskriftir að nokkrum spennandi grillsósum.



### Þessi vegan

Sósa sem passar með flestöllum grillmat

**4 dl sojamjólk**
**5 dl olía**
**2 msk. edik**
**3 geirar hvítlaukur**
**2 msk. sinnep**
**Safi úr 1 sítrónu**
**1 tsk. paprikuduft/Season all**
**1 tsk. laukduft**
**1 tsk. salt**

Allt nema olían er sett í blandara í stutta stund. Olíunni er hellt út í, í mjórri bunu, fyrst mjög rólega og svo aðeins hraðar. Hér skiptir ekki máli hvaða edik er notað. Það má líka nota matvinnsluvél eða töfrasprota. Ef sósan er ekki nógu þykk má hella meiri olíu út í.



Ylfa Helgadóttir yfirmatreiðslumeistari gefur uppskriftir. MYND/GVA

### Þessi nýja

Passar rosalega vel með grilluðum fiski, kjúklingi og jafnvel lambakjöti.

**Hálfur pakki kóriander, saxaður**
**6 stk. saxaðar döðlur**
**2 msk. saxaðar salthnetur**
**½ rauðlaukur, saxaður**
**1 stk. mangó, skorið í teninga**
**1 dl ólívuolía**
**2 msk. sítrónusafi**

Öllu blandað saman. Því smærra sem mangóið er skorið því þægilegri verður sósan.

### Þessi hefðbundna

Klassísk sósa sem er góð með steikinni og kartöflunum. Tekur bara 1-2 mínútur að græja hana.

**1 dós sýrður rjómi**
**1 lítil dós majónes**
**1-2 tsk. svartur pipar – malaður**
**½ - 1 tsk. salt**

Öllu blandað saman. Piparbragðið magnast upp í sósunni ef hún fær að standa. Ef ekki gefst tími er líka hægt að setja bara meiri pipar.

### Þessi skrýtna

Súkkulaðisósur eru vel þekktar með mat í Suður-Ameríku. Þessi útgáfa er frekar ólík þeirri sem best þekkist þar en er mjög skemmtileg með bragðmiklu nautakjöti eða villibráð. Sósan er fyrir þá sem grilla mikið og langar í tilbreytingu.

**1 dl dökkt súkkulaði**
**2 dl olía**
**2 rauð chili**
**2 hvítlauksgeirar**
**1 grænt epli**
**1 msk. sinnep**
**1-2 msk. balsamedik**
**Hnífsoddur salt**

Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði eða í örbylgju. Hellið olíunni út í og hrærið vel en blandan á að vera frekar þunn. Ef hún er of þykk má hella olíu þar til hún er eins þunn og þú vilt hafa hana. Chili skorið í skífur á ská, eða saxað niður, hvað sem þú fílar betur. Eplið er skorið í litla teninga. Hvítlauksgeirar rifnir á rifjárni eða þrýst í gegnum hvítlaukspressu. Chili, eplum og hvítlauk bætt út í súkkulaðisósuna. Sinnepi og balsamediki bætt út í og smakkað til með smá salti.



### Þessi góða

Trufflumajónesið passar með öllu, þó er það sérstaklega gott með kartöflunni og lambakótilettunni. Trufflumæjóið varð rosa vinsælt á stuttum tíma enda mjög auðvelt að útbúa heima. Trufflulían fæst í mörgum búðum, sælkeraverslunum og betri stórmörkuðum. Þú notar ekki svo mikið í einu og flaskan geymist lengi. Einnig er hægt að nota truffluolíu út í grillolíuna, það gefur mjög gott bragð án þess að trufflubragðið verði of yfirgnæfandi.

**1 lítil dós majónes**
**3-4 geirar hvítlaukur**
**Safi úr 1 sítrónu**
**1-2 msk. truffluolía – magn fer eftir smekk.**
**½ - 1 tsk. salt**

Majónes er sett í skál og hvítlaukur er rifinn eða pressaður út í. Truffluolíu, sítrónusafa og salti blandað út í.






KOLAGRILL TILBÚIÐ Á 3 MÍNÚTUM

# STÓRSNIÐUGT GRILL

## SEM SLEGIÐ HEFUR Í GEGN!



- Mjög auðvelt og fljótlegt í notkun
- Tilbúið til matreiðslu á 3-4 mínútum
- Afkastamikið og öflugt
- Mjög góð hitastýring á kolum
- Ytra byrði hitnar ekki
- Færanlegt á meðan það er í notkun
- Auðvelt að þrífa
- Má fara í uppþvottavél
- Taska fylgir
- Úrval aukahluta

**TILVALIÐ Í ÚTILEGUNA**



reddot design award

**Lotusgrill m/ tösku** verð frá **24.500,-** m.vsk.

Verið velkomin í verslun okkar
Opið virka daga kl. 8:30–17:00
Síðumúli 16 I 108 Reykjavík I Sími 580 3900 I fastus.is

Bocuse d'Or ICELAND
*Fastus er aðalstyrktaraðili Bocuse d'Or á Íslandi*

FASTUS
*Veit á vandaða lausn*

# Alltaf að grilla



Sumarlegt á borgarann.

## Birgir Tryggvason er mikill ástríðukokkur og grillar minnst þrisvar í viku. Hann segist hafa grillað flestallan mat, nema súpu.

Birgir hefur lengi haft mikinn áhuga á mat og veit fátt skemmtilegra en að elda alls kyns rétti fyrir fjölskyldu og vini. „Ég grilla rosalega oft og í raun allt sem hægt er að grilla. Ég myndi grilla súpur ef ég kæmist upp með það. Sennilega kveiki ég á grillinu að lágmarki fjórum sinnum í viku, þó ekki alltaf til að grilla kjöt eða fisk heldur líka til að grilla brauð og grænmeti. Ég nota Big Easy mikið, sem er hálfgerð reyktunna, því stundum er voða gott að fá reykbragð í fisk eða kjöt. Í þessu er karfa og í hana get ég sett heilan kjúkling sem ég krydda með rósmaríni og salti.“

Birgir starfar sem tónlistarmaður og ljósahönnuður í eigin fyrirtæki, Hljóð.is, og segir að það loði við ljósahönnuði að vera mikið matarfólk. „Fyrir mér er hálfgert jóga að koma heim úr vinnunni og elda. Við fjölskyldan setjumst niður á sunnudögum og gerum matseðil fyrir vikuna. Svo kaupum við inn í samræmi við það en þetta er mikill sparnaður fyrir heimilið. Við höfum haft þennan háttinn á síðan 2006,“ segir hann, en börnin eru 9, 12 og 14 ára.



Birgir grillar nær allt nema súpur. MYND/EYÞÓR

Vikumatseðilinn er fjölbreyttur og tekið er tillit til þess hvað skólamötuneytið hefur upp á að bjóða svo börnin fá margs konar mat yfir vikuna. „Krakkarnir eru hafðir með í ráðum og tekið tillit til þeirra óska. Við erum nýbyrjuð að hafa einn grænmetisrétt í viku og það hefur tekist vel. Síðan er orðin hefð að fá okkur pitsu og rauðvín á föstudögum. Þá fá allir sína pitsu og þær eru bakaðar við eld,“ segir Birgir.

### Rótargrænmeti í uppáhaldi

Afar gestkvæmt er á heimili Birgis og fjölskyldu og þau eru með vini eða kunningja í mat allt að þrisvar í viku, oftast grill. Spurður hvaða meðlæti sé í uppáhaldi segist hann vera hrifinn af sætum kartöflum og öðru rótargrænmeti. „Ég er mikið fyrir sterkt bragð. Ég sker grænmetið niður og smyr það með ólífuolíu, salta og grilla síðan í smástund og læt það svo jafna sig í bakka. Ég er alltaf með augun opin fyrir nýjum græjum í hljóðverið mitt og nýjum matarhugmyndum. Eins og staðan er núna á ég allt sem ég þarf til að grilla en ég er nýbúinn að panta mér eldofn sem er á leiðinni og ég er spenntur að prófa hann við eldamennskuna.“

### Galopinn ribeye-borgari

fyrir tvo

„Ég nota oft tækifærið þegar ég sé ribeye á tilboði, t.d. með 40% afslætti, sem er mjög oft, og þá finn ég um 350-380 grömm af ribeye og fleygi í borgara fyrir tvo. Það er ekki oft sem maður tímir að setja svona dýrindissteikarbita í borgara en þetta er bara svo tryllt gott.“

Skerið kjötið í u.þ.b. 8 bita og hakkið. Ég nota hakkavélina á Kitchenaid. Skiptið í tvennt og búið til kúlur og alls ekki hnoða fast.

1. Hitið bakaraofninn í um 70 gráður. Ég nota hann til að leyfa borgaranum að jafna sig eftir grillið. Ég grilla allt mitt á Char-broil Big Easy sem er „smoker broiler“ og ég set hickory-spæni í skúffuna sem gefur mjög gott bragð.
2. Hitið grillið vel. Um leið ég finn að það er farin að koma smá reyklykt set ég kúlurnar á grillið og þrýsti svo niður með grillspaða og flet þær út á sjóðandi heitt grillið.

Ég krydda eingöngu með salti og pipar. Grillið í um þrjár mínútur. Þegar ég sný borgurunum við sáldra ég meira af salti og pipar yfir þá og grilla í um þrjár mín. Svo tek ég þá af grillinu, set á bakka og inn í 70 gráðu heitan ofninn og leyfi þeim að jafna sig í um 5 mínútur.

### Pico de Gallo

**6 plómutómatar, skornir í litla kubba**
**½ rauðlaukur, fínt saxaður**
**½ ferskt chili, fínt skorið**
**Lófafylli af ferskum kóríander, fínt söxuðum**
**Safi úr ½ límónu**
**Salt og pipar eftir smekk.**

Allt sett í skál og hrært saman með skeið.

### Guacamole

**½ ferskt chili**
**6 kirsuberjatómatar**
**3 stór og þroskuð avókadó**
**Safi úr ½ límónu**
**Smá kóríander**
**Salt**

Allt sett í matvinnsluvélina og púlsað þar til þú telur það tilbúið, nú eða bara stappað upp á gamla mátann.

### Hvítlauks-majó

**4 msk. Hellmans-majónes (algjört möst)**
**1 hvítlauksrif, pressað og saxað fínt**
**1 tsk. ólífuolía**
**smá salt**
**Hrærið þar til þetta er orðið silkimjúkt.**

### The Grand finale

Léttgrillið hamborgarabrauðið, smyrjið með hvítlauks-majó, setjið kálblað á brauðið og því næst borgarann, vel af guacamole og toppað með pico de gallo.



# Char-Broil bylting á Íslandi

## Frá því ameríski framleiðandinn Char-Broil setti fyrsta kolagrilið á markað árið 1948 hefur fyrirtækið verið leiðandi í hönnun grilla og tækninýjunga.

TRU-infrared tæknin er sögð bylting fyrir grillarann og veitir Char-Broil forskot á aðra grillframleiðendur. Char-Broil grillin hafa verið í uppáhaldi hjá Ameríkönum allt frá 1948 en markmið Char-Broil er að upplifunin á því að elda mat utandyra sé þægileg, hagkvæm og eftirminnileg. Við Íslendingar erum á margan hátt sérstök þjóð og meðal annars í grillmenningu. Það má segja að Kaninn kunni þetta en við fullkomnum hlutina og grillum úti í öllum veðrum. Hver kannast ekki við að hafa annaðhvort grillað úti í snjógalla eða horft á einhvern gera það? Með Char-Broil TRU-Infrared er einfaldara að grilla í köldu veðri og sjálfur hef ég ótrúlega gaman af tilraunastarfsemi við grillið. Grillið er vinsæl innflutningsgjöf og í mínu nánasta umhverfi hefur grillið alltaf verið ofarlega á listanum þegar kemur að mublukaupum," segir Kristján Gísli, sölufulltrúi Char-Broil hjá Rekstrarlandi. „Við höfum með stolti selt Char-Broil í fjölda ára og veitum alla þjónustu með varahluti og fleira," segir Kristján.

### Kostir TRU infrared:

- Engar eldtungur leika um grillið (matinn)
- Alls staðar jafn hiti
- Góð hitastjórnun
- Notar minna gas
- Safameiri matur
- Eldar hraðar

### Big Easy – nýjung á Íslandi

Nýjung á Íslandi frá Char-Broil er Big Easy grill-ofn með TRU- infrared hita sem í má reykja mat, steikja kjúkling og kalkún og grilla steikur, í hvaða veðri sem er.

### Ný leið til að grilla

TRU-Infrared tækni Char-Broil er nú kynnt í Evrópu. Einstök hönnunin kemur í veg fyrir eldtungur, er sparneytnari á gas og skilar safaríkum kolagrillskeim í grillmatinn. Char-Broil TRU-Infrared tapar mun minni varma en önnur gasgrill – meira að segja í kulda og gefur nákvæma hitastýringu sem hentar bæði fyrir hægeldun og steikingu.

### Góður matur og gleði við grillið

„Það er rosalega gaman að grilla með Big Easy. Ég hef prófað kalkún, rif, kjúkling og lambalæri og finnst þetta algjör snilld," segir Hjalti Þór, vörustjóri Char-Broil á Íslandi. „Ég hef smitað út frá mér í vinahópinn og það er gaman að heyra grillsögur, hvað aðrir eru að prófa og gera. Þetta er nýtt sport. Persónulega finnst mér að allir eigi auðvitað að eiga einn Big Easy ásamt Char-Broil grillinu," segir Hjalti.



Kristján og Hjalti hjá Rekstrarlandi eru báðir ástríðugrillarar

### Reykofn

Til að ná fram alvöru reykbragði þegar grillað er má setja viðarflísar í reykhólfið framan á Big Easy. Einnig má reykja kjöt eða önnur matvæli á sama hátt.

### Steikarofn

Með Big Easy fylgir steikingarkarfa með færanlegum grindum. Í körfunni er hægt að steikja allt að 11 kílóa kalkún. Körfunni fylgja einnig fjórir krókar fyrir rif.

Char-Broil grillin fást í dag í Rekstrarlandi Vatnagörðum, útibúum Olís um land allt, Byggt og Búið Kringlunni, Heimkaup.is, Hagkaupsverslunum í Garðabæ, Smáralind og Kringlunni , verslunum Jötun véla Selfossi, Akureyri og Egilsstöðum, Rafha Suðurlandsbraut.

Finndu okkur á Facebook Char-Broil á Íslandi.





Grilldeildin í BAUHAUS hefur verið stækkuð til muna. MYND/ANTON BRINK

# Mesta úrvalið og lægsta verðið

BAUHAUS hefur sett sér það metnaðarfulla markmið að bjóða mesta úrvalið af grillum á landinu á besta verði sem völ er á. Búið er að stækka grillsvæði vöruhússins til muna og eru sumarvörurnar að tínast fram.

Við erum með mesta úrvalið af grillum og grillfylgihlutum á landinu. Við höfum líka sett okkur það markmið að vera ávallt með lægsta verðið sem þýðir að ef samkeppnisaðilar okkar lækka verðið hjá sér þá gerum við það líka. Við fylgjumst afar grannt með samkeppnisaðilum okkar og stefnum á að liggja alltaf undir þeim. Ef fólk sér grill á lægra verði annars staðar en hjá okkur getur það því treyst því að við munum lækka okkar verð,“ segir Hrönn Hafliðadóttir, verkefnastjóri markaðsmála BAUHAUS á Íslandi, og tekur fram að ákveðið hafi verið að bjóða fast lágt verð í stað þess að keyra á tilboðum.

BAUHAUS er með grill af öllum stærðum og gerðum og í öllum verðflokkum. „Við erum með mikið úrval af Weber sem er það allra vinsælasta. Þá erum við með kanadísk hágæðagrill frá Broil King og handhæg grill frá danska framleiðandanum Outdoor Chef. Nýlega tókum við svo inn hönnunargrill frá Eva Solo sem taka sig einstaklega vel út. Þess utan erum við með Kingstone sem er okkar eigið merki. Þetta eru mjög fín grill sem eru hönnuð og þróuð í Þýskalandi en með því að framleiða þau sjálf getum við boðið þau á mun hagstæðara verði en ella,“ segir Hrönn.

Auk grilla er BAUHAUS með mikið úrval af garðhúsgögnum og öllu sem tengist sumri. „Það er



Íslendingar eru að sögn Hrannar grillóðir og ættu allir að geta fundið grill við hæfi í BAUHAUS.

> Við höfum sett okkur það markmið að vera ávallt með lægsta verðið sem þýðir að ef samkeppnisaðilar okkar lækka verðið hjá sér þá gerum við það líka. Hrönn Hafliðadóttir







Kingstone-grillin eru framleidd af BAUHAUS í Þýskalandi og eru á einstaklega hagstæðu verði.

Hönnunargrillin frá Eva Solo eru nýkomin í sölu.

> Salan á Íslandi er hreint ótrúleg miðað við höfðatölu og finnst engin sambærileg sala á hinum Norðurlöndunum. Við seljum grill allt árið.
>
> Hrönn Hafliðadóttir

allt að tínast fram og deildin lítur mjög vel út. Þar ætti að vera eitthvað fyrir alla," segir Hrönn.

Aðspurð segir hún Íslendinga algerlega grillóða. „BAUHAUS á Íslandi er rekið miðlægt frá Árósum og starfrækt í allri Skandinavíu. Salan á Íslandi er hreint ótrúleg miðað við höfðatölu og finnst engin sambærileg sala á hinum Norðurlöndunum. Kollegar mínir hér í Danmörku halda að hver Íslendingur hljóti að eiga þrjú grill," segir hún og hlær. „Við seljum líka grill allt árið."

BAUHAUS var opnað á Íslandi í maí 2012 og fagnar því fimm ára afmæli innan skamms. „Veltan eykst ár frá ári og viðskiptavinum fjölgar. Það skýrist einna helst af því að við erum með gríðarlegt úrval sem ásamt því að vera með hagstætt verð. Viðskiptavinir eru kannski vanir að koma inn í verslun þar sem eru fimm mismunandi tegundir af blöndunartækjum en við erum með alla vega fimmtíu. Þar liggur okkar helsti styrkur," segir Hrönn.



Dönsku Outdoor Chef grillin taka lítið pláss og eru afar handhæg.




Weber grillin eru þau allra vinsælustu og fást í hinum ýmsu stærðum og gerðum.







Broil King eru kanadísk hágæðagrill.






# Kúrekakaffi á kolagrillinu

Rótsterkt kaffi er það sem þarf á köldum morgnum í útilegu og það má útbúa á grillinu. Það sem þarf er kaffi, skeið, stálkaffikanna eða skaftpottur og kolagrill. Auðvitað er hægt að nota vel heitt gasgrill en það er óneitanlega meiri kúrekafílingur í því að hita kaffið yfir kolabing. Þegar kolin eru orðin funheit og grá er vatni hellt í könnuna og hún sett á grind yfir kolin. Þegar suðan er komin upp skal moka kaffinu út í, magnið fer eftir því hversu sterkt kaffið á að vera og hversu mikið vatn fór í pottinn. Kúrekalegast er að slumpa bara á magnið.

Nú er látið malla í könnunni í nokkrar mínútur á grillinu. Þá er kannan tekin af hitanum og slegið nokkrum sinnum duglega utan í hana með skeið til þess að kaffið setjist á botninn. Þegar kaffið hefur sest má hella því beint í bolla og drekka það svart.


Rótsterkt kaffi má laga yfir kolum á köldum útilegumorgnum.


Það er fljótlegt að grilla kúrbít og hann passar vel með ýmsum mat.

# Gott á grillið

Grillað grænmeti bragðast allt öðruvísi en soðið grænmeti enda inniheldur það náttúrulegan sykur sem karamellast við háan hita. Fyrir vikið öðlast grænmetið dýpra og kraftmeira bragð. Flest allt grænmeti bragðast vel grillað og er um að gera að prófa sig bara áfram. Hægt er að skella því beint á grillið, þræða upp á tein eða grilla í álbakka, allt eftir stærð bitanna og mýkt grænmetisins.

Fennikan er tiltölulega ný á borðum landsmanna en bragðast mjög vel grilluð þar sem anísbragðið nýtur sín vel. Skerið rótarendann af og fjarlægið ysta lagið ef þarf. Skerið þunnar sneiðar, penslið með olíu og kryddið með salti og pipar eða öðru kryddi.

Eggaldin er annað grænmeti sem er tiltölulega nýtt fyrir marga landsmenn. Eggaldin hentar mjög vel á grillið en til að það verði stökkara og safaríkara er best að láta sneiðarnar liggja í saltvatni í um 30 mínútur. Leysið 2 msk. af salti upp í 1 dl af heitu vatni. Sneiðið eggaldinið langsum eða þversum í 1 cm sneiðar. Leggið sneiðar í skál og hellið saltvatninu yfir ásamt köldu vatni. Látið liggja í 30 mín. Þerrið sneiðarnar, penslið með olíu og saltið eða notið annað krydd.


Eggaldin er spennandi kostur á matarborðið.

**Fennikan er tiltölulega ný á borðum landsmanna en bragðast mjög vel grilluð þar sem anísbragðið nýtur sín.**

Kúrbíturinn er dásamlegur grillaður og hentar með kjöti og fiski. Sneiðið langsum í 0,5-1 cm þykkar sneiðar. Penslið með olíu skellið á grillið. Salt og pipar passar frábærlega með og ekki spara saltið.

Einnig er gott að bera grillaðan kúrbít og eggaldin á fati, strá yfir fetaosti og ferskum kryddjurtum eða chili.





# MEÐ HANDBRAGÐI FAGMANNSINS

Íslenska sveitin bregst aldrei. Þar er ferskleiki á hverjum hól og þar fær SS besta hráefni sem völ er á. Handbragð sterkra fagmanna SS gerir góða vöru enn betri og góð vara er lykillinn að góðum stundum. Veldu SS steikina með handbragði fagmannsins.

Íslenska sveitin og SS – fyrir þig.



# Grillsumar með Gott í matinn

## Á vefsíðunni gottimatinn.is er að finna fljótlegar og góðar grilluppskriftir. Hér eru nokkur sýnishorn sem ættu að gefa vatn í munninn.

Nú eru bjartir og skemmtilegir dagar fram undan sem gott er að láta sig hlakka til. Um leið og daginn tekur að lengja fer okkur að dreyma um betri tíð með blóm í haga, ferskan og léttan mat, grillveislur á góðviðrisdögum, ævintýralegar útilegur og ógleymanlegar stundir í góðra vina hópi. Matur og matargerð er mikilvæg tilbreyting og krydd í tilveru okkar, oft á tíðum stór hluti af ánægjulegustu stundum lífsins. „Í matargerðarlínunni Gott í matinn er teflt fram góðum grunnhráefnum sem tilheyra mörgum ólíkum áherslum í matargerð og á vefsíðunni gottimatinn.is er að finna fjöldann allan af girnilegum uppskriftum og má þar nefna alls konar grillmat sem hægt er að töfra fram við margvísleg tækifæri,“ segir Guðný Steinsdóttir, markaðsstjóri MS. „Uppskriftirnar eru í flestum tilvikum fljótlegar og einfaldar og síðast en ekki síst einstaklega góðar,“ bætir Guðný við.

Veðurguðirnir eru okkur ekki alltaf hliðhollir eins og við þekkjum öll svo vel, en við látum það ekki á okkur fá heldur tökum því sem býðst með bros á vör og kyndum upp í grillinu. Sama hvernig viðrar er alltaf tilefni til að skella einhverju ljúfmeti á grillið. Það er bara eitthvað svo sérstakt við grillaðan mat, en það er eins og bragðinu fylgi einhver sumarkeimur sem gleður alltaf jafn mikið.

Möguleikarnir eru endalausir og á gottimatinn.is er sérstakur flokkur fyrir sumarlegar uppskriftir þar sem finna má alls kyns góðgæti á borð við ólíkar útfærslur á hamborgurum, grillaðar pitsur, sumarleg salöt, indverska veislu og alls kyns meðlæti svo eitthvað sé nefnt. Það er nóg að renna yfir uppskriftalistann á síðunni til að komast í sumarskap og því ekki seinna vænna en að kíkja í heimsókn og velja sér einhverja girnilega uppskrift til að prófa. „Það er vert að fylgjast vel með síðunni í sumar og þá er líka tilvalið að finna okkur á Facebook því við erum alltaf í sólskinsskapi, hvernig sem viðrar,“ segir Guðný að lokum og sendir landsmönnum öllum sínar bestu óskir um gleðilegt grillsumar.



Mexíkóborgari sem svíkur engan.



Sumarleg ostakaka með grilluðum ávöxtum.



Hér má sjá frumlegan kjúklingaborgara.

# Grillað flatbrauð með olíu

## Brauð og pitsur er skemmtilegt að græja á grillinu til tilbreytingar frá lærissneiðum og hamborgurum. Þau eru góð sem meðlæti og sem aðal.

Flatbrauð, seig undir tönn, er einfalt að útbúa á grilli. Gott er að gera deigið fyrirfram og geyma í ísskápnum í einn til tvo daga. Þannig verða brauðin bragðmeiri. Gott er að pensla brauðin með kryddolíu og bera þau fram sem meðlæti, til dæmis með grilluðu kjöti. Einnig er gott að smyrja brauðin með sýrðum rjóma, tómatsneiðum, basilíku og ólífuolíu.

### Flatbrauð

fyrir átta

**2 ½ tsk. þurrger**
**4 ¾ bollar hveiti**
**2 ¼ bolli heilhveiti**
**2 msk. koshersalt**
**½ bolli sýrður rjómi**
**Grænmetisolía til penslunar**

Leysið gerið upp í þremur bollum af heitu vatni í stórri skál. Bætið hveiti og heilhveiti út í og blandið saman í blautt deig. Látið hefast undir plastfilmu við stofuhita í 20 mínútur.

Stráið salti yfir deigið og bætið sýrða rjómanum út í. Hnoðið þar til deigið er komið vel saman og losnar frá skálinni. Látið hefast aftur undir plastfilmu í 30 mínútur.

Sláið loks loftið úr deiginu og geymið það inni í ísskáp undir plasti í einn til tvo daga. Þar heldur það áfram að hefast rólega og verður einnig bragðmeira fyrir vikið.

Þegar kemur að grillveislunni er deigið tekið út úr ísskápnum nokkrum klukkutímum fyrr og látið standa við stofuhita í þrjá til fjóra klukkutíma. Þá er það kælt aftur í einn klukkutíma svo auðveldara verði að meðhöndla það.

Hitið gasgrillið vel eða kveikið upp í kolum. Skiptið deiginu í átta jafna hluta og stráið vel af hveiti á borð. Fletjið út hverja kúlu með höndunum í hæfilega stærð. Berið olíu á grillgrindina og skellið kökunum á. Grillið þær í 2-3 mínútur eða þar til þær sitja ekki lengur fastar á grindinni. Snúið kökunum með töng og grillið í 1-2 mínútur.

### Olía til penslunar

**Hvítlauksrif marin eða smátt söxuð**
**Kryddjurtir eftir smekk t.d:**
**Steinselja**
**Basilíka**
**Oreganó**

All saman saxað smátt eða marið saman í mortéli og hrært út í olíuna. Penslað yfir brauðin meðan þau eru heit.



Ilmandi flatbrauð á grillinu er skemmtileg tilbreyting. NORDIC PHOTOS/GETTY



Brauðin er gott að pensla heit með kryddolíu. NORDICPHOTOS/GETTY


GRILLSUMARIÐ
ER HAFIÐ
2ja brennara:
• 2 brennarar 6,2kw/klst
• Grillflötur: 47x47 cm
• HxBxD: 113x118x55
VERÐ... 79.995
3ja brennara:
• 3 brennarar 8,8kw/klst
• Hliðarbrennari: 3,8kw
• Grillflötur: 67x47 cm
• HxBxD: 116x139x55
VERÐ... 109.995
4ja brennara:
• 4 brennarar 11,7kw/klst
• Hliðarbrennari: 3,8kw
• Grillflötur: 79x47 cm
• HxBxD: 120x150x55
VERÐ... 139.995
Char-Broil
TRU-Infrared er byltingarkennd nýjung sem tryggir jafnari hitadreifingu, útilokar að eldur logi upp yfir grindurnar og notar minna gas.
Vandaðir grillhanskar fylgja með í kaupbæti.
Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu! Samsetning aðeins kr. 3.000.
Þrýstijafnari fylgir (smellugas).
DIGITAL KJÖTHITAMÆLIR
VERÐ... 6.995
GRILLÁHÖLD
VERÐ... 4.995
GRILLKARFA
VERÐ... 3.495
KJÚKLINGA-STANDUR
VERÐ... 6.995
PIZZASTEINN
VERÐ... 4.495
HAMBORGARAGRIND
VERÐ... 3.995
FISKIGRIND
VERÐ... 3.995
GRILLPANNA
VERÐ... 4.995
KÜCHENPROFI
GRILLÁHÖLD
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

# Ferskt og gott

Ávextir eru góðir á grillið en þeir þurfa að vera stífir í sér svo vel takist til. Ferskjur eru úrvalskostur og bragðast sérlega vel með vanillukrydduðu mascarpone-kremi. Ekki spillir söltuð karamellusósa fyrir.

## Grillaðar ferskjur með mascarpone og saltkaramellusósu

**3 til 4 ferskjur, skornar í helminga**

### Karamellusósa

**2 dl sykur**
**½ dl vatn**
**1 dl rjómi**
**2 tsk. Bourbon-viskí (má sleppa)**
**½ tsk. sjávarsalt**

Hellið sykri og vatni í þykkbotna skaftpott. Hitið á miðlungshita upp að suðu. Hrærið lauslega þegar sykurinn er bráðnaður. Látið malla við lágan hita þar til blandan hefur fengið á sig brúnan lit. Takið af hitanum og bætið rjómanum varlega saman við. Saltið til og bragðbætið með viskíi ef vill. Leggið til hliðar.

### Mascarpone-krem

**225 g mascarpone-ostur**
**1 vanillustöng**
**Smáveigis sjávarsalt (má sleppa)**

Skerið vanillustöngina í tvennt og skafið innihaldið úr með beittum hnífi. Hrærið út í ostinn. Saltið eftir smekk.

Skerið ferskjurnar í tvennt. Takið steininn úr. Penslið sárið með bragðlausri matarolíu svo ekki brenni við og grillið í 3-5 mínútur.

Fyllið ferskjurnar með mascarpone-kremi og dreypið karamellusósunni yfir. Ef hún er orðin of þykk má hita hana aðeins áður.



Ferskjurnar eru fylltar með ostakremi og volgri karamellusósunni dreypt yfir. Það er svo fallegt að skreyta með myntulaufum.







Þykkvabæjar

# SUMAR GRILLKARTÖFLUR ÞURFA EKKI HEILAN KLUKKUTÍMA Á FULLU GASI

**KLÁRAÐU GRILLKARTÖFLURNAR Á 15 MÍNÚTUM**

Stórar og góðar kartöflur eru ómissandi með grillmatnum. Grillkartöflurnar úr Þykkvabænum spara þér dýramætan tíma og gefa þér svigrúm til að nostra við kjötið eða fiskinn - og spara gasið í leiðinni!







## KARTÖFLUSALAT

Ekki bara bragðgott, heldur líka í þægilegum umbúðum sem henta bæði á veisluborðið og í ferðlagið.




## HRÁSALAT

Sígilt og ferskt meðlæti sem gerir grillveisluna skemmtilegri, hvort sem er heima í stofu eða í sumarbústaðnum.

Þykkvabæjar, Austurhrauni 4, 210 Garðabæ, sími 564 1155, thykkvabaejar@thykkvabaejar.is, www.thykkvabaejar.is



# Þrif á grillinu eftir veturinn

Þegar grillið er þrifið að vori eftir að hafa verið í geymslu yfir veturinn er ágætt að nota heitt vatn og uppþvottalög. Í sumum grillum má setja eldunargrindina í uppþvottavél. Hægt er að kaupa sérstaka bursta til að þrífa grindina og síðan þarf að skola hana vel. Best er að kynna sér leiðbeiningar frá framleiðendum sem jafnvel bjóða sérstaka grillsápu.

Að utanverðu er hægt að spreyja grillið með glerúða eða nota svamp og sápuvatn. Skolið alla sápu vel af og þurrkið með klút eða eldhúspappír. Neðri hluta grillsins, þar sem fitan sest, þarf að þrífa vel með heitu vatni. Þegar sápuþvotturinn er búinn er hægt að nota garðslönguna og spúla allt grillið. Þau grill sem eru með emaleraðri húð í lokinu verða mjög fín ef borið er bílabón á þau. Þá er auðvelt að halda þeim hreinum. Fyrir krómuð grill er krómhreinsir (notaður á bíla) góð lausn. Ef grillið er byrjað að ryðga má nota stálull til að fjarlægja ryðið.

Best er að venja sig á að þrífa grillið eftir hverja notkun. Þá kemur maður að því hreinu og fínu. Það er leiðinlegt að byrja á því að þrífa gamla fitu þegar safarík steikin bíður eldunar. Hreint og glansandi grill endist betur. Ef vel er hugsað um grillið getur það enst í áratugi.



# Góð grillsósa

Þetta er mjög góð grillsósa sem bragðast sérstaklega vel með svínakjöti. Penslið kjötið með sósunni áður en það er grillað en gætið að því að það brenni ekki.

- **4 msk. tómatsósa**
- **2 msk. hunang**
- **1 msk. rauðvínsedik**
- **1 msk. sinnep**

Blandið öllu vel saman. Það má bæta við salti og pipar eða grillkryddi.

Penslið kjötið með marineringunni fyrir steikingu og á meðan á henni stendur. Grillsósan eða marineringin hentar vel á svínakjöt og svínarif.

# Grillgott með kókosbollum og karamellum

Hægt er að leika sér með ótal útfærslur þegar kemur að grilluðum eftirréttum. Þar blandast gjarnan saman grillaðir ávextir, einhvers konar súkkulaði og góður ís. Hér er uppskrift að gómsætum eftirrétti sem inniheldur m.a. kókosbollur, ávexti og Dumle-karamellur.

Uppskrift fyrir 4

- **1 stór banani, skorinn í sneiðar**
- **2 stórar perur, afhýddar og skornar í bita**
- **100 g vínber**
- **2-3 kíví, skorin í bita**
- **1 poki Dumle-karamellur (120 g)**
- **4 kókosbollur**

Ávöxtunum er blandað saman og þeir settir í álbakka. Karamellurnar eru klipptar eða skornar niður í þrjá bita hver og þeim dreift yfir ávextina. Kókosbollurnar eru skornar í tvennt langsum og þeim raðað yfir ávextina þannig að hvíta kremið vísi upp. Grillað við lágan til meðalhita í um það bil 8-10 mínútur eða þar til karamellurnar eru bráðnaðar og hvíta kremið í kókosbollunum orðið stökkt. Borið fram strax með ís.

*Heimild: eldhussogur.com*






NIVEA
sun
VERND
FYRIR FÖT
NIVEA
sun
protect &
moisture
30
LOKSINS!
VERND
FYRIR FÖT
GEGN
GULUM
BLETTUM
AF VÖLDUM
SÓLARVARNA*
* Gulir blettir af völdum sólarvarna nást betur úr, í samanburði við fyrri formúlu.


Toppur kr. 6.400.
- 3 litir


Kjóll kr. 13.900.-


Toppur kr. 7.900.
- 2 litir

Str. S-XXL

Ríta

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030


# Gæjaleg skótíska í sumar

## Skótískan í sumar verður hipp og kúl. Þægilegir strigaskór við létta og fallega sumarkjóla verða áberandi í sumar.

Helstu tískuhönnuðir sýndu einhvers konar strigaskó með sumarlínu sinni fyrir 2017. Það má líka segja að strigaskór séu vorboði en margir krakkar á Íslandi fá nýja slíka skó í sumargjöf. Það ætti að vera í lagi að pakka niður kuldaskónum á næstu dögum. Það sem einu sinni þóttu vera íþróttaskór passar núna vel við fallega kjóla eða stuttar, hvítar gallabuxur. Meira að segja hafa slíkir skór sést við brúðarkjóla þótt varla sé það algengt.

Strigaskórnir fást í margvíslegum útfærslum og litum. Bleikir Converse-skór eru til dæmis vinsælir í sumar eða hvítir Gucci-strigaskór með blómamynstri. Skórnir eru ekki bara þægilegir að ganga á því þeir eru líka flottir.

Þær konur sem vilja ganga á háum hælum hafa líka úr mörgu að velja. Flestir skór í sumar eru með þykkum botni, hvort sem það eru sandalar eða heilir skór. Margir þeirra eru afar litríkir, til dæmis frá Marc Jacobs, Michael Kors, Miu Miu og fleiri.


Strigaskór frá Valentino fyrir sumarið.


Puma by Rihanna strigaskór með slaufum.


Nýir strigaskór frá Gucci eru skreyttir blómum.


Flottir strigaskór frá Tommy Hilfiger fyrir sumarið.


GLEÐILEGT SUMAR

SUMARYFIRHAFNIR OG SPARIDDRESS FRÁ BETTY BARCLAY OG GERRY WEBER





NÝ GLÆSILEG VERSLUN
SKIPHOLTI 29B

VORMARKAÐUR HAFINN
HJÁ LAXDAL LAUGAVEGI
50%-60%-70% afslættir

BERNHARD LAXDAL

Laugavegi 63 • Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

# Smáauglýsingar



## Bílar & Farartæki

MB bílar



**7 SÆTA**
AUDI Q7 quattro. Árgerð 2007, ekinn 138 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 3.490.000. Engin skipti Rnr.101632.

**MB Bílar**
**Klettháls 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið 10-18, lau 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

BRAUT BÍLASALA



SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2013, ekinn 124 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 2.290.000. Rnr.103586. Mjög gott eintak



SUZUKI Grand vitara premium+ (cruise, a/c, álfelgur). Árgerð 2012, ekinn 115 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.090.000. Rnr.103503. Mjög gott eintak

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

## Bílar til sölu



**NÝR DISEL BÍLL !!!**
NISSAN NOTE ACENTA TREND DISEL árg 2016 nýr bíll, 5 gíra, álfelgur, Íslenskt leiðsögukerfi, bluetooth, vetrar og sumardekk, ofl,ofl. eyðsla 4L, kostar nýr 2890 þús, möguleiki á 90% láni, tilboðsverð 2190 þús !!! gsm 893-9500

Ford 350 til sölu, fleiri upplýsingar í síma: 8933892

## Bílar óskast

Þarfnast bíllinn viðhalds eða viltu einfaldlega losna við hann. S. 8682352




## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU ŞAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Garðyrkja

Felli tré, grisja og klippi runna. Besti tíminn. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

SAFT
Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**






# Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!

**bill.is**

Malarhöfða 2
Sími 5773777
www.bill.is



**MAZDA** 2 vision
**Verð: 1.990.000**
Árgerð: 2016 : Bensín
Ekinn: 64þ.km. : 6 gírar
Rnr.250195.



**TOYOTA** Land cruiser
**Verð: 2.790.000**
Árgerð: 2006 : Dísel
Ekinn: 260þ.km. : 5 gírar
Rnr.270408.



**NISSAN** Pathfinder
**Verð: 1.790.000**
Árgerð: 2005 : Bensín
Ekinn: 174þ.km. : Sjálfskiptur.
Rnr.302137.



**BMW** 116d
**Verð: 3.390.000**
Árgerð: 2016 : Dísel
Ekinn: 24þ.km. : Sjálfskiptur.
Rnr.270523.



**CHEVROLET** Captiva
**Verð: 1.790.000**
Árgerð: 2007 : Dísel
Ekinn: 130þ.km. : 5 gírar
Rnr.270281.



**HOBBY** 495 ul premium new model
**Verð: 4.390.000**
Árgerð: 2017 :
Ekinn: 1þ.km. :
Rnr.280013.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Sumarbústaðir



Til sölu 50m2 sumarhús auk 30m2 svefnlofts. Einangrað og ókláraǒ að innan. Verð 10.000.000 s: 8647550

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

## Atvinna í boði

**ÞRIF OG AÐSTOÐ Í BAKARÍ**

Röskur, stundvís og heilsuhraustur starfskraftur óskast til vinnu við þrif og aðstoð í bakarí í Kópavogi. Vinnutími alla virka daga frá kl. 9-17 Þarf að hafa bílpróf. Framtíðarstarf/sumarstarf

**Áhugasamir sendi umsókn og/eða ferilskrá á: kokuhornid@kokuhornid.is**

**TMÍ**
TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS

Óskum eftir fólki í verkefni. Góðir tekjumöguleikar. Upplýsingar sendist á umsoknir@tmi.is merkt verkefni eða í 770-2277

**Barnaheill**
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að... börn eiga rétt á nægum svefni

## Atvinna

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Fræðslu- og frístundaþjónusta**
» Kennslufulltrúi í upplýsingatækni

**Grunnskólar**
» Umsjónarkennari á yngsta stigi - Hraunvallaskóli
» Umsjónarkennari á miðstigi - Hraunvallaskóli
» Aðstoðarverkefnastjóri - Hraunvallaskóli
» Íþróttakennari - Öldutúnsskóli
» Umsjónarkennari á miðstigi - Öldutúnsskóli
» Deildarstjóri á unglingastigi - Hraunvallaskóli
» Náttúrufræði á unglingastigi - Hraunvallaskóli
» Íslenska á unglingastigi - Hraunvallaskóli
» Félagsráðgjafi - Hraunvallaskóli
» Umsjónarkennari á yngsta stigi - skóli í Skarðshlíð
» Sérkennari - Áslandsskóli
» Stærðfræðikennari - Áslandsskóli
» Almenn kennsla - Áslandsskóli
» Dönskukennari á miðstigi - Áslandsskóli
» Stuðningsfulltrúi - Áslandsskóli
» Skólaliði - Áslandsskóli

**Leikskólar**
» Sérkennslustjóri - Hlíðarendi
» Leikskólastjóri - Víðivellir
» Leikskólakennari - Bjarkalundur
» Leikskólakennari - Vesturkot
» Deildarstjóri - Vesturkot

**Fjölskylduþjónusta**
» Forstöðumaður - heimili fatlaðs fólks
» Matráður - mötuneyti Hjallabraut 33
» Sumarafleysingar - heimaþjónusta

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

**HAFNARFJARÐARBÆR**
585 5500
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

**EFLING**
STÉTTARFÉLAG

# Aðalfundur
## Eflingar-stéttarfélags 2017

**verður haldinn á Grand Hótel fimmtudaginn 27. apríl 2017. Fundurinn hefst kl. 20.00**

**Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Breyting á reglugerð sjúkrasjóðs
3. Önnur mál

Endurskoðaðir reikningar félagsins liggja frammi á skrifstofunni að Sætúni 1 Reykjavík frá og með föstudeginum 21. apríl nk.

Félagar mætið vel og stundvíslega.

*Stjórn Eflingar-stéttarfélags*

# ÍSAFJARÐARBÆR

## Breytingar á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og nýtt deiliskipulag vegna Naustahvilftar í Skutulsfirði

Ísafjarðarbær kynnir skipulagslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og á nýju deiliskipulagi vegna Naustahvilftar, Skutulsfirði.

Skipulagstillagan er kynnt á vinnslustigi í samræmi við 4. mrg. 40 gr. skipulagslaga nr.123/2010.
Lýsingin verður til sýnis á opnunartíma frá kl. 10:00 til 15:00 á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar að Hafnarstræti 1, Ísafirði og mun vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins: www.isafjordur.is frá 12. apríl til 2. maí 2017.

Vakin er athygli á því að um er að ræða kynningu á vinnslustigi og tillögur verða auglýstar síðar og þá verður gefinn sex vikna frestur til athugasemda.

*Virðingarfyllst,*
*Axel Rodriguez Överby*
*- skipulags- og byggingarfulltrúi -*

# Þjónustuauglýsingar
Sími 512 5407

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

GRAFARVOGS HJÓLBARÐA VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3 Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

EYJALIND
**Gúmmíbelti**
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
**íshúsið**
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**STARFSMANNAHÚS**



**Framleiðum starfsmannahús, útleiguhús og geymslur.**

**Nánari upplýsingar í síma 899 0913 Fríða eða reisum@simnet.is www.reisum.is**

# Alla fimmtudaga og laugardaga
arnarut@365.is sigrunh@365.is

**STAKFELL**
FASTEIGNASALA | 1984

**535-1000**
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

# VALLAKÓR 6A OG 6B

## NÝJAR ÍBÚÐIR TIL SÖLU

### AFHENDAST FULLBÚNAR - ÚTSÝNISÍBÚÐIR





**Vorum að fá til sölumeðferðar þetta nýja og glæsilega fjölbýlishús.**
**Um ræðir fjölbýlishús með 72 íbúðum. Yfir 20 íbúðir seldar.**

- Lyfta og stæði í bílageymslu. Íbúðirnar afhendast fullbúnar um næstu áramót, með flísum og parketi á gólfum og öllu tækjum þ.m.t. ísskáp og uppþvottavél.
- Húsið er vandað og með álklæðningu að utan, stórar svalir og sérlóð á jarðhæðum.
- Frábært útsýni úr mörgum íbúðum.

**DÆMI UM STÆRÐIR ÍBÚÐA:**

2ja herbergja íbúð 69.4 fm (1 stæði)

3ja herbergja íbúð 83.8 fm (1 stæði)

4ra herbergja íbúð 126.4 fm (2 stæði)









**A.T.H. OPIÐ HÚS VERÐUR Á SKRIFSTOFU STAKFELLS, BORGARTÚNI 30, LAUGARDAGINN 22. APRÍL Á MILLI KL 13.00-15.00, ÞAR SEM SÖLUMENN TAKA Á MÓTI GESTUM OG SÝNA TEIKNINGAR OG SKILALÝSINGU.**

Allar nánari upplýsingar veita sölumenn Stakfells s: 535-1000, stakfell@stakfell.is



STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON
löggiltur fasteignasali
stefan@stakfell.is
SÍMI 535 1000



ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON
Rekstrarhagfræðingur
Aðstm. fasteignasala
GSM 663 2508



EDWIN ÁRNASON
löggiltur fasteignasali
edwin@stakfell.is
GSM 893 2121

*GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI*

## SPÁ 2017

1. ?
2. ?
3. ?
4. ?
5. ?
6. ?
7. ?
8. ?
9. ?
10. ?
11. Grindavík
12. Víkingur Ólafsvík

## Krefjandi verkefni fyrir Grindvíkinga

Íþróttadeild 365 heldur áfram að telja niður í nýtt keppnistímabil í Pepsi-deild karla með árlegri spá um gengi liðanna í sumar. Við spáum að nýliðar Grindavíkur falli með Víkingi Ólafsvík í haust og hafni í ellefta sæti deildarinnar.

Grindavík er komið aftur í deild þeirra bestu eftir fjögurra ára fjarveru og fær nú það krefjandi verkefni að festa sig í sessi í efstu deild.



Grindvíkingar fengu tvo öfluga leikmenn frá FH fyrir tímabilið, þá Sam Hewson og Brynjar Ásgeir Guðmundsson, og mun mæða mikið á þeim að færa liði Grindavíkur það sem til þarf til að standa í bestu liðum landsins. Þá þarf bosníski markvörðurinn Kristijan Jajolo, sem stóð sig afar vel með Grindavík eftir að hann kom um mitt síðasta sumar, að eiga annað eins ef ekki betra tímabil.

Annar lykilmaður í liði Grindavíkur er sóknarmaðurinn Alexander Veigar Þórarinsson sem skoraði grimmt í Inkassódeildinni í fyrra. Hann hefur hins vegar aldrei verið í stóru hlutverki hjá liði í Pepsi-deildinni hingað til á ferlinum.

## Markaðurinn

**KOMNIR**
Brynjar Ásgeir Guðmundsson (FH)
Milos Zeravica (Zrinjski Mostar)
Sam Hewson (FH)

**FARNIR**
Ásgeir Þór Ingólfsson (Hönefoss)
Edu Cruz
Josiel Alves De Oliveira
Jósef Kristinn Jósefsson (Stjörnunni)
Marko Valdimar Stefánsson (Hönefoss)
Óli Baldur Bjarnason (GG)

## Þjálfarinn

### Óli Stefán Flóventsson

Óli Stefán þekkir hvern krók og kima í Grindavík enda leikjahæsti leikmaður liðsins í efstu deild frá upphafi. Óli Stefán þjálfaði Sindra í nokkur ár áður en hann var ráðinn aðstoðarþjálfari Tommys Nielsen hjá Grindavík 2015. Hann tók svo við liðinu eftir tímabilið og kom því upp í Pepsi-deildina í fyrra.

## Þrír sem stólað er á

- Kristijan Jajolo
- Sam Hewson
- Brynjar Ásgeir Guðmundsson

| Besti og versti mögulegi árangur | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. | 7. | 8. | 9. | (10.) | 11. | (12.) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

## Nýjast

**Olísdeild karla**
*Undanúrslit, fyrsti leikur*

**FH - Afturelding 28-27**
**Markahæstir:** Einar Rafn Eiðsson 7/3, Gísli Þorgeir Kristjánsson 7, Arnar Freyr Ársælsson 5 - Ernir Hrafn Arnarson 8/2, Árni Bragi Eyjólfsson 5/2, Elvar Ásgeirsson 5.

**Valur - Fram 23-31**
**Markahæstir:** Arnar Birkir Hálfdánsson 7, Andri Þór Helgason 5/3 - Vignir Stefánsson 10/1, Sveinn Aron Sveinsson 6, Alexander Örn Júlíusson 4.

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**
*8-liða úrslit, seinni viðureign*

**Monaco - Dortmund 3-1**
1-0 Kylian Mbappé (3.), 2-0 Radamel Falco (17.), 2-1 Marco Reus (48.), 3-1 Valère Germain (81.).
*Monaco vann einvígið, 6-3 samanlagt.*

**Barcelona - Juventus 0-0**
*Juventus vann einvígið, 3-0 samanlagt.*









Fram og Stjarnan tókust fast á er þau mættust í lokaumferð deildarinnar. Það munu þau gera aftur í úrslitaeinvígi deildarinnar að því er markahæsti leikmaður deildarinnar spáir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

# Stjarnan og Fram eru sterkustu liðin

**Markahæsti leikmaður Olís-deildar kvenna, Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir, býst við spennandi úrslitakeppni en spáir því að efstu lið deildarinnar endi í úrslitunum. Þar muni taka við rosalegt einvígi sem fari alla leið í fimm leiki.**

**HANDBOLTI** Úrslitakeppnin í Olísdeild kvenna hefst í kvöld. Fjögur efstu lið deildarinnar komust í hana og von er á hörkurimmum.

Deildarmeistarar Stjörnunnar koma sjóðheitar inn í úrslitakeppnina gegn liðinu sem hefur staðið í vegi fyrir þeim síðustu tvö ár, Gróttu.

„Mér líst mjög vel á þessa rimmu en Stjarnan kemur sterkari inn í þessa rimmu eftir að hafa unnið deildarmeistaratitilinn með stæl. Mér finnst þær vera líklegri til þess að taka þessa rimmu,“ segir Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir, leikmaður Selfoss og markahæsti leikmaður deildarinnar í vetur.

### Grótta með tak á Stjörnunni

„Þær hafa oft átt í vandræðum með Gróttu og ef Gróttustúlkur mæta vel stemmdar geta þær hæglega gert Stjörnuliðinu erfitt fyrir í þessum leikjum. Stjarnan er aftur á móti með mjög flottan og breiðan hóp þannig að þær ættu að taka þessa rimmu að mínu mati.“

Stjarnan hefur lent í öðru sæti fjögur ár í röð og tapað fyrir Gróttu í úrslitunum síðustu tvö ár. Stjörnustúlkur eru því líklega komnar með upp í kok af silfri og ætla að ryðja sínum helsta andstæðingi síðustu ár úr vegi til þess að komast í gullið.

„Sú tölfræði er til að krydda þetta og ég trúi ekki öðru en að Stjörnustúlkur séu virkilega vel stemmdar til að klára loksins einvígi gegn Gróttu. Stjarnan er með betri hóp en síðustu ár á meðan Grótta er ekki jafn sterk. Svo er engin Íris Björk í markinu hjá Gróttu en hún var mikilvæg í fyrra. Þær eru með efnilega stelpu í markinu en það munar um leikmann eins og Írisi. Ég hallast að því að Stjarnan vinni 2-0 en þori samt ekki alveg að fullyrða það. Þetta verða hörkuleikir.“

### Haukar geta stolið þessu

Hin rimma kvöldsins er viðureign Fram og Hauka. Fram varð í öðru sæti í deildinni en Haukar því þriðja. Fram stóð vel að vígi fyrir lokaumferð deildarinnar en tapaði stórt gegn Stjörnunni og missti af deildarmeistaratitlinum.

„Ég hugsa að Fram taki þessa rimmu. Mér finnst þær vera með sterkari hóp. Fram og Stjarnan eru með sterkustu hópana eins og staðan á töflunni sýndi,“ segir Hrafnhildur Hanna en segir að Haukarnir séu samt klárlega með lið til þess að stríða Frömurum.

„Haukarnir gætu alveg stolið þessu ef þær detta í gang. Þær hafa verið vaxandi í vetur og gætu verið að toppa á réttum tíma. Það verður áhugavert að sjá hvernig Fram mætir til leiks eftir svekkjandi tap fyrir Stjörnunni í síðasta leik. Ég held að þær mæti mjög grimmar.“

### Fimm leikja einvígi

Gangi þessi spá stórskyttunnar eftir þá fáum við rimmu Stjörnunnar og Fram í úrslitum. Þar á Hrafnhildur Hanna von á veislu.

„Það verður fimm leikja rimma sem ræðst undir lok síðasta leiks. Mér finnst þessi lið vera það jöfn. Það verður einvígi sem áhorfendur ættu að hafa mjög gaman af. Svo höfum við séð í karlaboltanum að það getur allt gerst í þessu og litla liðið getur alveg unnið.“

henry@frettabladid.is


KK &
MAGGI EIRÍKS
ÁSAMT HLJÓMSVEIT
Ferðalögin
Háskólabíó 20. maí
midi.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
20. APRÍL 2017 FIMMTUDAGUR

## Merkisatburðir

**1602** Einokunarverslun Dana hefst á Íslandi með því að konungur veitir borgurum í Kaupmannahöfn, Málmey og Helsingjaeyri einkaleyfi til verslunar á Íslandi. Einokunin stendur til ársloka 1787.

**1706** Miklir jarðskjálftar á Suðurlandi og hrynja 24 bæir til grunna í Ölfusi og Flóa. Ein gömul kona lætur lífið á Kotferju en manntjón verður ekki víðar.

**1740** Upp kemur sakamál í Múlaþingi þar sem systkini eru ákærð fyrir að eiga barn saman. Þau hétu Sunnefa og Jón og voru bæði dæmd til dauða. Málarekstur stóð árum saman og fékk nafnið Sunnefumál. Sunnefa dó 17 árum síðar og þá var Jón dæmdur til ævilangrar þrælkunar og lést hann ári síðar.

**1916** Víðavangshlaup ÍR fer fram í fyrsta sinn en það hefur verið árviss viðburður síðan á sumardaginn fyrsta.

**1928** Mæðrastyrksnefnd stofnuð í Reykjavík.

**1930** Stóra bomba: Jónas Jónsson frá Hriflu, dómsmálaráðherra, víkur Helga Tómassyni, yfirlækni á Kleppi, úr starfi vegna þess að hann hafði haldið því fram að ráðherrann væri geðveikur. Læknirinn fékk dæmdar skaðabætur og stöðu sína aftur með dómi Hæstaréttar í árslok 1932.



Kristín og Guðfinnur munu brátt bæði nema söng í Vínarborg. Kristín er búsett þar en Guðfinnur flytur í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Söngelsk systkini með þriðju sumartónleikana

**Systkinin Guðfinnur og Kristín Sveinsbörn halda nú í þriðja sinn Systkinatónleika á sumardaginn fyrsta en um árlega hefð er að ræða sem hefur gengið framar vonum. Á hverju ári hafa þau frumflutt verk eftir ungt tónskáld og í ár verður þeirri hefð að sjálfsögðu fylgt.**

Við erum að halda okkar þriðju Systkinatónleika. Okkur langaði að gera þetta að árlegum viðburði og það hefur gengið mjög vel. Það er búið að vera uppselt öll síðustu ár, en þetta hefur alltaf verið í Hannesarholti hingað til. Nú erum við aðeins að stækka við okkur og erum búin að færa okkur yfir í Fella- og Hólakirkju,“ segir Guðfinnur Sveinsson en hann og systir hans, Kristín Sveinsdóttir, standa fyrir árlegum Systkinatónleikum sem fara nú fram í þriðja sinn á sumardaginn fyrsta.

„Kristín er búin að syngja síðan hún var lítil, fjögurra eða fimm ára. Ég er hins vegar tiltölulega nýbyrjaður – byrjaði að læra fyrir þremur og hálfu eða fjórum árum. Þegar ég var að byrja að koma mér áfram í söngnum eftir að ég byrjaði í náminu þá fór þetta í gang hjá okkur,“ segir Guðfinnur en hann hefur næsta haust söngnám í Vín, en þar í borg nemur Kristín einmitt líka söng um þessar mundir. Hún lauk nýlega við uppsetningu Töfraflautunnar á La Scala, þannig að fyrir utan að selja upp á árlega tónleika sína er nóg annað að gera hjá þessum söngelsku systkinum.

> **Konseptið er að fá alltaf ungt tónskáld með okkur á hverju ári til að semja dúett handa okkur, okkur finnst það æðislega gaman.**

„Konseptið er að fá alltaf ungt tónskáld með okkur á hverju ári til að semja dúett handa okkur, okkur finnst það æðislega gaman. Við blöndum þá alltaf einu nýju verki við íslensk ljóð, erlend um ljóðum, dúettum og aríum. Í ár er það Hreiðar Ingi Þorsteinsson sem er með okkur og er að semja rosalega flott verk fyrir okkur fyrir tvo einsöngvara og kammerkór – það verður sextán manna kór með okkur.“

Með þeim verður fyrir utan kammerkórinn, sem samanstendur af gömlum söngfélögum Guðfinns og Kristínar úr kór Langholtskirkju, Kristinn Örn Kristinsson píanóleikari.

Meðal þeirra verka sem þau systkinin flytja eru lög eftir Jón Ásgeirsson, Ingibjörgu Þorbergs, Brahms, Schubert, Wolf, Donizetti og Mozart. Síðan er það auðvitað hápunktur kvöldsins þegar þau frumflytja spánnýtt verk eftir Hreiðar Inga.

Almennt miðaverð á tónleikana er 2.000 krónur og það er kannski ekki vitlaust að tryggja sér miða í tíma því að síðustu ár hefur víst hreinlega þurft að vísa fólki frá. **stefanthor@frettabladid.is**



Móðir okkar,
**Guðrún Jóna Haraldsdóttir**
Dvalarheimilinu Lundi, Hellu,
lést að morgni 15. apríl. Útförin verður frá Oddakirkju, laugardaginn 29. apríl kl. 14.

**Guðbjörg Ágústsdóttir**
**Haraldur Ágústsson**
**Elín Ágústsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Elskulegur eiginmaður, faðir og sonur,
**Friðfinnur Hermannsson**
viðskiptafræðingur og ráðgjafi,
Hjallabrekku 30, Kópavogi,
lést á líknardeild Landspítalans að morgni 17. apríl. Útförin fer fram í Lindakirkju, Kópavogi, föstudaginn 28. apríl klukkan 13.00.

**Berglind Svavarsdóttir**
**Freyr Friðfinnsson**
**Ari Friðfinnsson**
**Sólveig Birna Friðfinnsdóttir**
**Guðríður Friðfinnsdóttir** **Hermann Árnason**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Óskar Helgi Einarsson**
Hraungörðum v/Reykjanesbraut,
Hafnarfirði,
lést 12. apríl. Útförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 24. apríl kl. 15.

**Ástvaldur Óskarsson** **Martha Jónasdóttir**
**Helgi Óskarsson**
**Þórný Óskarsdóttir**
**Halla Kristjánsdóttir** **Veigar Óskarsson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
**Jón Vignir Karlsson**
fv. skólastjóri og framkvæmdastjóri,
lést á heimili sínu, Klifsholti við Kaldársel, mánudaginn 17. apríl. Hann verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði þriðjudaginn 25. apríl kl. 11.00
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð líknardeildar og heimahlynningar Landspítalans.

**Hjördís Edda Ingvarsdóttir**
**Vigdís Jónsdóttir** **Daníel Helgason**
**Ingvar Jónsson** **Sigrún Eiríksdóttir**
**Grímar Jónsson** **Guðríður Lára Þrastardóttir**
**Karl Gunnar Jónsson** **Karolina Cyll**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elsku eiginmaður minn, pabbi og bróðir,
**Ægir Steinn Sveinþórsson**
viðskiptafræðingur MBA og stýrimaður,
lést á líknardeild Landspítalans mánudaginn 17. apríl. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 28. apríl klukkan 13.00.
Bestu þakkir fær starfsfólk deildar 11e á Landspítalanum fyrir einstakan stuðning og hlýju.

**Helga Hanna Sigurðardóttir**
**Ásta Ægisdóttir**
**Silja Ægisdóttir**
**Pétur Ragnar Sveinþórsson**



Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og systir,
**Súsanna Olly Skaftadóttir**
Sóleyjarima 5,
lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 9. apríl síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey samkvæmt ósk hinnar látnu.

**Sveinn Sveinsson**
**Guðmundur Sveinsson** **Hildur Ósk Brynjarsdóttir**
**Íris Björk Sveinsdóttir**
**Brynjar Már Guðmundsson**
**Elma Björg Guðmundsdóttir**
**og systkini.**


FÖSTUDAGA KL.19:45
DOHOP
Anywhere Simple
ASÍSKI
DRAUMURINN
MARGFALT SKEMMTILEGRI
1817
365.IS
365

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Ekki er mjög sumarlegt veður í kortunum í dag, sumardaginn fyrsta. Norðlægar áttir og frost norðan til á landinu en vestankaldi og heldur mildara syðra. Víða éljagangur en bjart suðaustan til.




### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -1° | -3° |
| →7 | ↑4 | ↖2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | 3° | -4° |
| ↘9 | ↘5 | ↑4 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | -3° | 1° |
| →7 | ↗7 | →7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 1° | 4° | -3° |
| →5 | →5 | ↗6 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 6 | 1 | 5 | | |
| | | 1 | | 2 | 4 | | | 3 |
| | 6 | | | | | | 8 | |
| | | 6 | 4 | | | | | |
| 4 | 7 | 2 | | | 5 | | | 9 |
| | 8 | | 9 | 1 | | 6 | 4 | |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 8 | 3 | | 7 | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | 8 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | | 7 | | 6 | | |
| | | | 6 | | | | 3 | 1 |
| | | 6 | | | | 7 | | 8 |
| | | 3 | | 9 | | | | 7 |
| | 5 | | | | 7 | 1 | | 9 |
| | | | | 5 | 8 | | | 4 |
| | | 2 | | | | 8 | | |
| 8 | | | 5 | 2 | | | | |
| 9 | 1 | | | | 3 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 5 | | | 9 | | 7 | |
| | 8 | 3 | | | 4 | | | 5 |
| | | | | | 8 | 2 | | |
| | | | 2 | 4 | | | | |
| 1 | | | | | | 5 | 9 | |
| | 4 | 7 | | | | 8 | | |
| | | | 3 | | | 7 | 2 | |
| | | | | | 1 | 3 | | |
| | | | 8 | | | | | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | 3 | 1 | 9 | 6 | 2 | 4 | 7 |
| 6 | 1 | 7 | 2 | 4 | 3 | 5 | 8 | 9 |
| 9 | 2 | 4 | 5 | 7 | 8 | 3 | 1 | 6 |
| 5 | 3 | 8 | 6 | 1 | 9 | 7 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 | 9 | 3 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 6 | 5 |
| 1 | 7 | 6 | 9 | 5 | 2 | 4 | 3 | 8 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 8 | 7 | 6 | 5 | 1 |
| 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 9 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 3 | 6 | 7 | 4 |
| 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 | 5 | 8 | 3 |
| 3 | 4 | 6 | 5 | 7 | 8 | 9 | 2 | 1 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 2 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 9 | 5 | 4 | 1 | 7 |
| 7 | 1 | 4 | 2 | 8 | 6 | 3 | 9 | 5 |
| 8 | 3 | 1 | 6 | 4 | 2 | 7 | 5 | 9 |
| 4 | 7 | 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 3 | 6 |
| 6 | 5 | 2 | 9 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 5 | 8 | 2 | 7 | 4 | 1 | 3 |
| 8 | 1 | 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 7 | 2 |
| 2 | 7 | 4 | 1 | 6 | 3 | 5 | 8 | 9 |
| 7 | 2 | 6 | 4 | 1 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 1 | 3 | 8 | 6 | 5 | 2 | 7 | 9 | 4 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 6 |
| 6 | 9 | 1 | 7 | 3 | 5 | 2 | 4 | 8 |
| 3 | 8 | 7 | 2 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 |
| 5 | 4 | 2 | 9 | 8 | 1 | 3 | 6 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. troða í sig
6. rómversk tala
8. móðurlíf
9. farfa
11. tveir
12. fláræði
14. dótarí
16. hvað
17. hamfletta
18. hylli
20. sprikl
21. bás

**LÓÐRÉTT**
1. samtals
3. málmur
4. sár
5. væta
7. hlýna
10. skír
13. útdeildi
15. lands
16. rámur
19. golf áhald

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** **2.** háma, **6.** lm, **8.** leg, **9.** lit, **11.** ii, **12.** slægð, **14.** drasl, **16.** ha, **17.** flá, **18.** ást, **20.** ið, **21.** stía.
**LÓÐRÉTT:** **1.** alls, **3.** ál, **4.** meiðsli, **5.** agi, **7.** mildast, **10.** tær, **13.** gaf, **15.** láðs, **16.** hás, **19.** tí.

## Skák Gunnar Björnsson

Thuesen átti leik gegn Visisen í Álaborg árið 1989.
**Hvítur á leik**
**1. Hxc5! Dxc5 2. Bxb4 1-0.**
GAMMA Reykjavíkurskákmótið hófst í gær í Hörpu. Í dag fara fram tvær umferðir á mótinu. **www.skak.is:** Allt um Reykjavíkurskákmótið.








## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Væntanlegt
NÝTT!
TAKMARKAÐ MAGN
NÓA
Lakkrís
BANANAPERLUR
Bananasúkkulaði með lakkrís og bananafyllingu,
er það ekki svolítið bananað?
NÓI SÍRÍUS

# BETRIBILAKAUP.iS




2015 Audi A3 Sportback e-tron
Ekinn 13,5þ. km




2016 Audi A3 Sportback e-tron
Ekinn 11þ.km




2016 Audi A3 Sportback e-tron
Ekinn 8,2þ. km




2015 Audi A3 Sportback e-tron
Ekinn 6,9þ.km




2016 Audi A3 Sportback e-tron
Ekinn 27,3þ.km




2017 Wolkswagen Golf GTE DSG6
Ekinn 1þ.km




2016 Wolkswagen Golf GTE 1,4
Plug-in-Hybrid. Ekinn 20þ. km




2016 Wolkswagen Golf GTE DSG
Ekinn 35þ. km




2017 Kia Niro 1.6 Hybrid
Ekinn 10þ. km




2016 Kia Optima 2.0 Plug-in-
Hybrid Spirit. Nýr bíll!




2016 Volvo V60 D6 Summum
Ekinn 17þ. km.




2014 Volvo V60 D6 Summum
Ekinn 80. þ km.




- Verð miðast við 119 kr. á evru og 111 kr. á dollara. -

Ármúli 4 - 1. hæð · 108 Reykjavík · Sími 511 2777 · www.betribilakaup.is

Gerðu betri bílakaup hjá okkur! Hringdu núna í síma 511 2777

- Afhendingartími er 5 til 11 vikur frá pöntun -



Verð kr. 3.920.000

2014 Volvo V60 D6 Summum
Ekinn 69þ. km



Verð kr. 4.230.000

2014 Volvo V60 D6 R-Design
Ekinn 43þ.km



Verð kr. 5.570.000

2016 Volvo V60 D6 R-Design
Ekinn 5,9þ. km



Verð kr. 7.800.000

2016 Volvo XC90 AWD T8
Inscription. Ekinn 38þ.km



Verð kr. 7.750.000

2016 Volvo XC90 AWD T8
Inscription. Ekinn 12þ.km



Verð kr. 7.800.000

2016 Volvo XC90 AWD T8
Inscription. Ekinn 22,5þ.km



Verð kr. 7.495.000

2016 Volvo XC90 T8 Plug-In Hybrid
Momentum. Ekinn 17þ. km



Verð kr. 7.750.000

Volvo XC90 T8 Plug-In Hybrid
Inscription. Ekinn 14þ. km



Verð kr.8.100.000

2016 Volvo XC90 T8 Plug-In Hybrid
Inscription. Ekinn 37þ. km



Verð kr. 2.950.000

2015 BMW i3 w/Range Extender.
Drægni 230km. Ekinn 57þ.km



Verð kr. 4.100.000

2016 BMW i3 w/Range Extender
Drægni 230km. Ekinn 1,6þ. km.



Verð kr. 3.200.000

2016 Chevrolet Volt
Ekinn 23,5. þ km.



# Mitsubishi Outlander

**INTENSE**
Verð kr. **4.440.000**

**INSTYLE PLUS**
Verð kr. **5.150.000**

Komdu og reynsluaktu í dag!

- Verð miðast við 119 kr. á evru og 111 kr. á dollara. -

Ármúli 4 - 1. hæð · 108 Reykjavík · Sími 511 2777 · www.betribilakaup.is



Vörðukórinn er úr Hreppum og af Skeiðum. Stjórnandi er Eyrún Jónasdóttir.

## Kaflar úr óperunni Ragnheiði, Töfraflautunni og Gloriu Vivaldis

Kór Fella- og Hólakirkju í Breiðholti og Vörðukórinn úr Hreppum og af Skeiðum sameinast um fjölbreytta tónleika annað kvöld, föstudag, í Fella- og Hólakirkju. Matthías Stefánsson leikur með á fiðlu. „Hann er náttúrlega snillingur,“ tekur Arnhildur Valgarðsdóttir, organisti kirkjunnar og kórstjóri, fram. „Kórinn minn á ekki langa sögu en í honum er gott söngfólk og einsöngvarar; núna verða þær Inga J. Backman og Kristín R. Sigurðardóttir,“ segir hún. En hvað ber hæst á efnisskránni?

„Við ætlum að flytja tvo fyrstu kaflana úr Gloriu eftir Vivaldi og þrjár stúlkur ætla að syngja tríó úr Töfraflautunni. Einnig verður verk eftir Báru Grímsdóttur og Viktor Guðlaugsson og Reynir Þormar syngja tenórdúett. Svo verða kunnuglegar íslenskar perlur inn á milli, Draumalandið, Lífsbókin og Næturljóð úr Fjörðum.“

Stjórnandi Vörðukórsins er Eyrún Jónasdóttir en Arnhildur kveðst hafa spilað með honum í mörg ár. „Við vorum einmitt austur í sveitum í gærkveldi, síðasta vetrardag, að spila með honum á tónleikum sem haldnir voru til minningar um Loft Loftsson kórstjóra,“ segir hún.

„Þetta er skemmtilegur og vandaður kór með um fimmtíu manns. Hann mun meðal annars syngja kafla úr óperunni Ragnheiði eftir Gunnar Þórðarson og kafla úr Djassmessu eftir Chilcott. Við erum að reyna að hafa þetta pínu flott, vanda okkur og ýta okkur svolítið áfram.“

Tekið verður á móti tónleikagestum með harmónikuleik og vordrykk í anddyri kirkjunnar frá klukkan 19.30 til 20 og kaffiveitingar verða í hléinu.

Miðaverð er 3.000 krónur og ókeypis fyrir börn 14 ára og yngri.

**gun@frettabladid.is**








„Innan múranna er býsna spennandi bók sem mér þótti ákaflega gaman að takast á við,“ segir Halla. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Krefjandi verkefni en líka gefandi og skemmtilegt

**Barnabókaverðlaun Reykjavíkur voru veitt í gær í þremur flokkum, fyrir frumsamda bók, þýdda og myndskreytta. Halla Sverrisdóttir hlaut verðlaun fyrir bestu þýðinguna.**

Verðlaunin gleðja mig svo sannarlega,“ segir Halla Sverrisdóttir, þýðandi um Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar sem hún veitti viðtöku í gær við hátíðlega athöfn í Höfða friðarsetri. Þau fékk hún fyrir þýðingu sína á bókinni Innan múranna eftir bandarísku skáldkonuna Nove Ren Suma. Bókaútgáfan Björt gaf bókina út á síðasta ári.

„Innan múranna er býsna spennandi bók sem mér þótti ákaflega gaman að takast á við,“ segir Halla. „Verkefni eru misjafnlega spennandi, þetta var krefjandi en líka gefandi og skemmtilegt. Ég var fengin í það af Bókaútgáfunni Björt sem er undir hatti Bókabeitunnar. Þar er áherslan lögð á barna- og ungmennabækur og allt gert af miklum metnaði.“

Innan múranna fjallar um erfiða hluti og er dálítið brútal, að sögn Höllu. „Sagan gerist annars vegar í litlum bæ í Bandaríkjunum og hins vegar í unglingafangelsi í grenndinni. Hún fjallar um unglingsstúlkur sem í einstökum tilfellum drýgja skelfilega glæpi og takast á við bæði sekt og sakleysi,“ lýsir hún og heldur áfram: „Fangelsið og heimurinn fyrir utan eru eins og tveir heimar, ýmislegt fer fram innan múranna sem ekki er samkvæmt lögmálum heimsins fyrir utan og á köflum fer bókin út í það sem mætti kalla töfraraunsæi, því mörk raunveruleika og hliðarveruleika renna saman. Ég á þrettán ára dóttur sjálf og það var stundum erfitt fyrir mig sem móður að sjá fyrir mér stúlkur á hennar aldri í þessum harðneskjulegu og í sumum tilvikum hrollvekjandi aðstæðum.“

> **SAGAN GERIST ANNARS VEGAR Í LITLUM BÆ Í BANDARÍKJUNUM OG HINS VEGAR Í UNGLINGAFANGELSI Í GRENNDINNI.**

Innan múranna er unglingabók en Halla kveðst líka þekkja fullorðið fólk sem hafi lesið hana sér til ánægju. „Sagan er margradda, bæði stílfræðilega og þematískt,“ segir hún.

Halla starfar hjá þýðingarstofunni Skopos og kveðst fást þar við allt sem nöfnum tjái að nefna sem talist geti nytjatextar. Auk þess taki hún að sér ýmis verkefni hjá bókaforlögunum. „Ég hef aðallega þýtt úr ensku en aðeins líka úr dönsku, norsku og sænsku.“

Ekki kveðst hún hafa lagst í rannsóknir á höfundi bókarinnar Innan múranna. „Nove Ren Suma er ung bandarísk kona og ég veit að hún hefur skrifað talsvert og er með vefsíðu.

Mér þótti fengur að því að fá að þýða eftir ungan höfund og kynnast umhverfi og menningarheimi sem ég þekkti ekki. Það var ekki auðvelt verk en fyrir vikið er enn meira gaman að fá þessa viðurkenningu.“

**gun@frettabladid.is**

### Meira um barnabókaverðlaunin

**Í flokki frumsaminna barnabóka komu verðlaunin í hlut Ragnheiðar Eyjólfsdóttur fyrir Skuggasögu – Undirheima, en hún er seinni hluti Skuggasögu – Arftakans sem hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin á árinu 2015. Vaka Helgafell gaf út.**

**Verðlaun fyrir bestu myndskreytingu barnabókar sem kom út á árinu 2016 fékk Linda Ólafsdóttir fyrir Íslandsbók barnanna. Þetta er annað árið í röð sem Linda hlýtur þessi verðlaun fyrir myndskreytingu. Iðunn gaf bókina út.**

**Við afhendinguna í Höfða léku nemendur í Allegró Suzuki tónlistarskólanum og sigurvegarar úr Stóru upplestrarkeppninni lásu upp úr verðlaunabókunum.**

markhönnun ehf

# nettó



GRILLPAKKINN
LÆRI OG FRAMPARTUR /FROSIÐ
**889** KR KG
ÁÐUR: ~~1.098 KR/KG~~




-35%

DANPO
KJÚKLINGALUNDIR 700 GR.
**974** KR PK
ÁÐUR: ~~1.498 KR/PK~~

# Gleðilegt grillsumar!

ÓDÝRT Í nettó

nettó



-29%

HÚSKARLABITI
HANGIREYKTUR M/ROÐI
**3.896** KR KG
ÁÐUR: ~~5.487 KR/KG~~



KJÖTBANKINN

-20%

LAMBARIBEYE
M / HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN
**3.198** KR KG
ÁÐUR: ~~3.998 KR/KG~~



-30%

VÍNARPYLSUR 10 STK.
**370** KR PK
ÁÐUR: ~~528 KR/PK~~



KS LAMBALEGGIR
**1.274** KR KG
ÁÐUR: ~~1.698 KR/KG~~

-25%

ÓDÝRT Í nettó

nettó



-13%

NETTÓ
KJÚKLINGALEGGIR
**694** KR KG
ÁÐUR: ~~798 KR/KG~~




-20%

HUNANGS GRÍSAKÓTILETTUR
LÉTTREYKTAR
**2.379** KR KG
GOÐI
ÁÐUR: ~~2.974 KR/KG~~



-20%

LAMBALÆRI ÚRB. M. FETA
& SÓLÞURRKUÐUM TÓMÖTUM
**2.878** KR KG
KJÖTBANKINN
ÁÐUR: ~~3.598 KR/KG~~



-50%

ANANAS




RANA GOURMET
250 GR.
**653** KR PK
ÁÐUR: ~~933 KR/PK~~

-30%

RANA FERSKT PESTO
140 GR.
**433** KR PK
ÁÐUR: ~~619 KR/PK~~




-30%

RANA TAGLIATELLE
GULT / GRÆNT 250 GR.
**349** KR PK
ÁÐUR: ~~498 KR/PK~~




-30%

www.netto.is

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór · Grandi · Mjódd · Salavegur · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavik · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss




LJÓÐ UM MATARVENJUR
LJÓÐ UM HÖRMUNGAR
LJÓÐ UM #EM2016
LJÓÐ UM SÝNILEIKA
LJÓÐ UM ÁBYRGÐ
LJÓÐ UM DÓTTUR MÍNA
LJÓÐ UM FÓLKSFJÖLGUN
LJÓÐ UM FÁTÆKT
LJÓÐ UM ÁSTINA

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is**
Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–15 |






**Áhættuatriðin eru sviðsett faglega, vel klippt og skotin.** NORDICPHOTOS/AFP

# Stuð, steypa og testósterón í hágír

KVIKMYNDIR

**Fast & Furious 8**
★★★☆☆

**Leikstjóri:** F. Gary Gray
**Framleiðendur:** Neal H. Moritz, Vin Diesel
**Handrit:** Chris Morgan
**Aðalhlutverk:** Vin Diesel, Charlize Theron, Dwayne Johnson, Jason Statham

Fast & Furious-serían hefur þróast undarlega. Það sem upphaflega snerist um götukappakstur smákrimma og ólgandi testósterónflóð hefur smám saman breyst í beinar og óbeinar ofurhetjusögur, þar sem hópur adrenalínfíkla notar spyrnukagga og töffarastæla til þess að bjarga heiminum og lifa allt mögulegt af í leiðinni. Viðeigandi væri að líkja þessu við Mission Impossible á sterum.

Með hverju eintaki hefur vitleysan magnast, eðlilega, en á sama tíma hefur myndbálkurinn stöðugt einkennst af meiri húmor fyrir slíku. Markhópurinn vill helst sjá fjölbreyttan og fjarstæðukenndan bílahasar, milda fyrirlestra um mikilvægi fjölskyldna og massaða skallamenn metast um það hver er harðasti naglinn á skjánum. Fast & Furious 8 er að vísu ólíkleg til þess að lokka til sín hópa sem hafa hingað til ranghvolft augunum yfir þessum myndum, en hins vegar ætti hún ekki að svíkja neinn sem hefur annaðhvort slysast til þess að taka seríuna alvarlega eða haft gaman af yfirdrifna rembingnum.

**Della og meiri bíladella**

Það eitt að fylgjast með því hvernig aðstandendur reyna að toppa sig með hverri nýrri mynd er nánast þess virði að sjá og flissa yfir á meðan lúkur af poppi fylla kjaftinn á tveimur klukkutímum. Í seinustu mynd var svo langt gengið að sýna bíla fljúga á milli bygginga og þar áður fengum við átök á lengstu flugbraut kvikmyndasögunnar. Hver er þá eðlileg stigmögnun fyrir áttundu myndina? Nú, auðvitað sena þar sem fjarstýrðum bílum er hrúgað og hent úr byggingum, eða jafnvel önnur sem sýnir ofurbifreiðar og skriðdreka skauta um á hjarni Íslands á hröðum flótta undan kafbáti. Það kæmi engum á óvart ef bílar verða farnir að slást í lausu lofti þegar kemur að tíundu myndinni.




Kröfur til persónusköpunar, söguþráðar sem heldur vatni eða eðlisfræðilögmála eiga yfirleitt heima í aftursætinu þegar svona tjara er til umræðu. Eins og í síðustu skiptin er aðaláherslan í Fast & Furious 8 að sjá til þess að keyrslan stoppi ekki með hverju ýkta hasaratriðinu á eftir öðru og að púlsinn verði æ hraðari. Oft tekst það ætlunarverk, einkum þegar þess er gætt að taka myndina ekki of alvarlega, fyrir utan nokkur tilfelli þar sem kastað er fram dramaatriðum sem eru á pari við hlægilegar sápur. Þetta er varla alvöru Fast & Furious mynd ef samtölin eru ekki frekar vond annað slagið.

Vin Diesel geltir enn út gervitilfinningum og testósteróni eins og enginn sé morgundagurinn, en er alveg á heimavelli í þessari seríu.

Sprækastir eru þó hasarkóngarnir Dwayne Johnson og Jason Statham, sem þrasa hressilega í stöðugri pissukeppni hvor við annan í tilraun til þess að sýna hver er maðurinn.

Myndin græðir líka talsvert á nærveru Charlize Theron, þó að hún fái ekki að gera mikið annað en að vera illkvittin og köld sem tölvuþrjótur sem vefur Diesel um fingur sér. Miðað við grjóthörð tilþrif hennar í Mad Max: Fury Road (sem er óumdeilanlega besta bílahasarmynd síðustu ára) hefði vel mátt halda að hægt væri að nýta hana betur í hasarnum, sem á einnig við um gamla brýnið Kurt Russell í gestahlutverki.

Restin af lykilteyminu er auðvitað löngu orðin vön því að láta




**Vin Diesel og Charlize Theron fara með hlutverk í myndinni.**

fara vel um sig og halda allir andlitinu prýðilega í sínum pappahlutverkum, þó segja verði að Tyrese Gibson sé farinn að verða nokkuð þreytandi.

**Sýniþörfinni fagnað**

Ef þetta snýst allt saman um að sjá bifreiðar gefa í, skoppa og eyðileggja, þá hefur ekkert verið til sparað á því sviði. Áhættuatriðin eru sviðsett faglega, vel klippt og skotin. Steypan nær síðan hámarki á lokametrunum þegar klippt er á milli skota frá heljarinnar akstri í Rússlandi (reyndar á ísilögðu Mývatni, ef út í það er farið), betur lýst sem „Mad Max á klaka“, og hasars í flugvél sem virkar eins og eitthvað úr teiknimynd.

Heilinn í manni getur auðvitað verið í þeirri hættu að grillast yfir öllu ruglinu en þess vegna er ráðlegt að skilja hann eftir við dyrnar.

Furious 8 veit hvað hún er og skammast sín ekkert fyrir það. Betri dagar seríunnar eru trúlega að baki og í næstu umferð má endilega hrista meira upp í formúlunni, en það breytir því ekki að hér stendur eftir prýðilega heiladautt afþreyingarbíó sem má alveg tapa sér yfir í réttum félagsskap. **Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Svo framarlega sem þú biður ekki um annað en einfaldan og yfirdrifinn hasar ættirðu að vera í fínum málum. Sem betur fer ríkir mikil meðvitund fyrir kjánaskapnum.


Gleðilegt sumar!
Við fögnum sumarbyrjun með því að bjóða öllum börnum, 12 ára og yngri, upp á fría máltíð af barnamatseðli í dag. Við hlökkum til að sjá ykkur!
0,-
Ókeypis máltíð af barnamatseðli fyrir börn 12 ára og yngri. Ein máltíð fyrir hvert barn.
Gildir aðeins í dag, sumardaginn fyrsta.
JAFNLAUNA-VOTTUN VR
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA®
© Inter IKEA Systems B.V. 2017







**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| UNFORGETTABLE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 2:20 - 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| FAST AND FURIOUS 8 VIP | KL. 2:20 - 5:10 - 8 - 10:45 | VIP |
| GOING IN STYLE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 6 |
| A MONSTER CALLS | KL. 5:40 | 12 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 10:45 | 12 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 2 - 3 - 5:10 - 8 | 9 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 10:45 | 12 |
| LEGO BATMAN MOVIE ÍSL 2D | KL. 3:20 | L |
| ROCK DOG ÍSL | KL. 2 - 5:50 | L |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| UNFORGETTABLE | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| STUBBUR STJÓRI ÍSL 3D | KL. 2 | L |
| STUBBUR STJÓRI ÍSL 2D | KL. 1 - 3:10 - 5:30 | L |
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 5:20 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| GOING IN STYLE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 6 |
| CHIPS | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 1 - 3 - 5:20 | 9 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 10:15 | 12 |
| ROCK DOG ÍSL | KL. 1 | L |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| THE SHACK | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| GOING IN STYLE | KL. 3 - 8 - 10:10 | 6 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 2:50 - 5:20 | 9 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 | L |
| DOGS PURPOSE | KL. 3 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| UNFORGETTABLE | KL. 8 - 10:45 | 16 |
| BEAUTY AND THE BEAST | KL. 3 | 9 |
| DÝRIN Í HÁLSASKÓGI | KL. 3 | L |
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 5:20 - 8 - 10:10 | 6 |
| GOING IN STYLE | KL. 5:50 | 12 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| UNFORGETTABLE | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| THE SHACK | KL. 5:20 | 12 |
| ROCK DOG | KL. 3:20 | L |
| GOING IN STYLE | KL. 8 | 6 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 10:10 | 12 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 2:50 - 5:20 | 9 |


# Góða skemmtun í bíó






# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 20. APRÍL 2017

### Tónlist

**Hvað?** Radisson Blues & Jazz
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mímisbar, Hótel Sögu
Gunnar Þórðarson verður gestur Bjössa Thor á Radisson Blues & Jazz – Nights. Gunnar þarf ekki að kynna fyrir Íslendingum en hann hefur gegnum tíðina verið einn af atkvæðamestu tónlistarmönnum þjóðarinnar. Með Gunnari og Bjössa verða þeir Sigfús Óttarsson á trommur og Jón Rafnsson á bassa.

**Hvað?** Jazzhátíð Garðabæjar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kirkjuhvoli, safnaðarheimili Vídalínskirkju
Hátíðin hefst að venju með tónleikum að kvöldi sumardagsins fyrsta, þegar DeLux kvartett Sigurðar Flosasonar flytur nýjan evrópskan djass í Kirkjuhvoli, safnaðarheimili Vídalínskirkju. Sigurður fær til sín þrjá af fremstu djasstónlistarmönnum Lúxemborgar sem sækja okkur heim með stuðningi „Fonds National Cultural, Luxembourg“.

**Hvað?** Engiferöl-kvöld
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex hosteli, Skúlagötu
Teitur Magnússon og hljómsveit koma fram. Ragnar Helgi Ólafsson frumflytur ljóðið Engifer. Boðið verður upp á engiferöl; umræður og spjall um engifer. Allir velkomnir. Frítt inn. Vinafélag um engiferöl.

**Hvað?** 101 Savage
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikinu, Bankastræti
101 Savage miskunnar engum þegar honum er hleypt í spilarana á Prikinu, enda er enginn að biðja hann um það. Dúndrandi fjör.


**Emmsjé Gauti verður hress á Hammondhátíð á Djúpavogi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** DJ Silja Glommi
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hverfisgötu 12
Það verður allt á hvolfi á Hverfisgötu 12 í kvöld þegar Silja mætir með fulla vasa af tónlist.

**Hvað?** Tónlist fyrir langlínusamtöl
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Tónlist fyrir langlínusamtöl er rannsóknarleiðangur þar sem lagt er á djúpið og leitað eftir dýpri merkingu á bak við hversdaginn. Í brennidepli er orðræðan og samræðan sem býr alltaf, þegar betur er að gáð og eftir því hlustað, yfir takti, laglínum og fingerðustu litbrigðum sem verða að tónlist. Samræðan snýst ekki einvörðungu um að skiptast á upplýsingum, hún er músíkalskur efniviður.

**Hvað?** CeaseTone/ Phlegm/Captain Syrup
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** BarAnanas
Nokkrar sveitir með heillandi nöfn spila á eldhressum tónleikum á Ananasnum þetta fallega fimmtudagskvöld.

**Hvað?** Hammondhátíð 2017
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hótel Framtíð, Djúpavogi
Hammondhátíð hefst í dag í Djúpavogi og eru það þau Íris Birgis og Emmsjé Gauti sem ríða á vaðið.

### Viðburðir

**Hvað?** Frumsýning – Spólað yfir hafið
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Í Spólað yfir hafið fylgjumst við með því þegar keppt er í íslenskri torfæru (eða formula offroad eins og Bandaríkjamenn kalla þetta) í fyrsta skipti í sögunni! Myndin fjallar um fólkið á bak við torfærubílana.

**Hvað?** Söguganga um gamla bæinn í Hafnarfirði
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Pakkhúsi Byggðasafns Hafnarfjarðar, Vesturgötu
Byggðasafn Hafnarfjarðar stendur fyrir sögugöngu um gamla bæinn undir lifandi og skemmtilegri leiðsögn Ingvars Viktorssonar.

**Hvað?** Opið hús í Myndlistaskólanum í Reykjavík
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Myndlistaskólanum í Reykjavík
Á opnu húsi verða sýnd verk eftir nær 600 nemendur á aldrinum 4-87 ára sem sækja almenn námskeið á framhaldsskólastigi og námskeið í barna- og unglingadeild.


**Teitur Magnússon tekur þátt í að fagna ágæti engiferöls á Kexinu í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvað?** Í sveit og borg | Vika bókarinnar
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Borgarbókasafninu, Grófinni
Vika bókarinnar hefst í dag, sumardaginn fyrsta, í Grófinni þar sem Bókaverðlaun barnanna verða veitt við hátíðlega athöfn, en að þeim verðlaunum standa öll almennings- og skólabókasöfn landsins. Líkt og undanfarin ár velja börn og unglingar um allt land tvær bækur sem hljóta verðlaun, eina íslenska og aðra þýdda.

**Hvað?** Panik: Samræður sýningarstjóra og listamanns
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsinu
Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur og sýningarstjóri sýningarinnar Panik, ræðir við myndlistarmanninn Ilmi Stefánsdóttur um sýninguna og feril Ilmar.





ÚTLIT FYRIR GOTT SUMAR
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM BARNAFATNAÐI
SUMARDAGINN FYRSTA
OPIÐ FRÁ 13-18
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI / SMÁRALIND
utilif.is
*gildir ekki með öðrum tilboðum

# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur




Árna dreymir um að fá eplatré í garðinn sinn og til að fræðast betur um ræktun ávaxtatrjáa skreppur Árni á Akranes að heimsækja Jón garðyrkjufræðing sem náð hefur ótrúlegum árangri í litla garðinum sínum.

**FRÁBÆR FIMMTUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

**MASTERCHEF PROFESSIONALS – AUSTRALIA**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslumeistarar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



**PRISON BREAK**
Æsilegi flóttinn heldur áfram og nú sjö árum síðar komast Lincoln og Sara að því að Michael er enn á lífi og er í fangelsi í Jemen.



**THE BLACKLIST: REDEMPTION**
Hörkuspennandi hliðarsería af The Blacklist. Tom Keen gengur til liðs við fyrirtæki í eigu Susan Hargrave sem sérhæfir sig í að leysa erfiðustu og hættulegustu málin fyrir bandarísku ríkisstjórnina.



**CRIMES THAT SHOOK BRITAIN**
Heimildarþáttasería um glæpi sem skóku Bretland. Í hverjum þætti er farið yfir eitt mál og það skoðað frá öllum hliðum.



**THE MUMMY**
Rick O'Connell er kominn til hinnar fornu borgar Hamunaptra í Egyptalandi. Hlutverk hans er að aðstoða fornleifafræðinga sem eru að kynna sér sögulegt grafhýsi.



**HUGH'S WAR ON WASTE**
Fyrsti þáttur
Hugh Fearnley-Whittingstall leiðir okkur í allan sannleika um matarsóun í Bretlandi og í þessum þætti skoðar hann stórverslanir og skyndibitastaði.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

### STÖÐ 2

**07.00** Dóra könnuður
**07.50** Kalli kanína og félagar
**08.15** Tommi og Jenni
**08.35** Lego Scooby-Doo. Haunted Hollywood
**09.50** The Flinstones in Viva Roc
**11.20** Simpson-fjölskyldan
**11.45** The Middle
**12.10** The Goldbergs
**12.35** Night At The Museum. Secret Of The Tomb
**14.10** Risky Drinking
**15.35** Pride and Prejudice
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** The Big Bang Theory
**19.40** Masterchef Professionals - Australia
**20.25** Hið blómlega bú
**21.00** Prison Break
**21.45** The Blacklist. Redemption
**22.30** Crimes That Shook Britain Heimildarþáttaröð um glæpi sem skóku Bretland. Í hverjum þætti er farið yfir eitt mál og það skoðað frá öllum hliðum.
**23.20** The Son
**00.10** Far From The Madding Crowd Áhrifamikil og rómantísk mynd frá 2015 sem byggð er á samnefndri skáldsögu eftir Thomas Hardy. Myndin gerist á Viktoríutímanum á Englandi, en þar eru þrír biðlar á eftir hinni ákveðnu og sjálfstæðu Bathsheba Everdene; sauðfjárbóndinn Gabriel Oak, liðþjálfinn kærulausi Frank Troy, og hinn efnilegi piparsveinn William Boldwood. Með aðalhlutverk fara Carey Mulligan, Matthias Schoenaerts, Michael Sheen og Tom Sturridge.
**02.05** Shameless
**03.00** Shameless
**03.50** Utopia
**04.40** Utopia
**05.30** Person of Interest

### STÖÐ 2 SPORT

**07.20** Monaco - Borussia Dortmund
**09.00** Barcelona - Juventus
**10.40** Meistaradeildarmörkin .
**11.10** Middlesbrough - Arsenal
**12.55** Domino's-deild kvk/Snæfell - Keflavík
**14.35** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**15.00** Monaco - Borussia Dortmund
**16.45** Barcelona - Juventus
**18.30** Meistaradeildarmörkin
**19.00** Manchester United - Anderlecht
**21.10** Besiktas - Lyon
**22.50** Domino's-deild kvk/Keflavík - Snæfell

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.10** Watford - Swansea City
**08.55** Tottenham Hotspur - Bournemouth
**10.40** Stoke City - Hull City
**12.20** Augsburg - Köln
**14.05** Þýsku mörkin
**14.35** WBA - Liverpool
**16.20** Manchester United - Chelsea
**18.05** Premier League Review
**19.00** Schalke - Ajax
**21.10** Manchester United - Anderlecht
**22.50** Southampton - Manchester City
**00.35** Messan

### STÖÐ 3

**17.30** The Big Bang Theory
**17.50** The New Girl
**18.15** Anger Management
**18.40** Modern Family
**19.05** Curb Your Enthusiasm
**19.40** Á fullu gazi
**20.10** Þær tvær
**20.30** Drop Dead Diva
**21.15** Angie Tribeca
**21.40** Hugh's War on Waste
**22.40** The New Adventures of Old Christine
**23.05** Gilmore Girls
**23.50** Curb Your Enthusiasm
**00.20** Á fullu gazi
**00.50** Þær tvær
**01.10** Drop Dead Diva
**01.55** Angie Tribeca
**02.15** Tónlist

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Víkingurinn Viggó
**07.11** Zigby
**07.25** Stóri og Litli
**07.38** Brunabílarnir
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Víkingurinn Viggó
**11.11** Zigby
**11.25** Stóri og Litli
**11.38** Brunabílarnir
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur
**14.00** Strumparnir
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Víkingurinn Viggó
**15.11** Zigby
**15.25** Stóri og Litli
**15.38** Brunabílarnir
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Hetjur Valhallar - Þór



Svampur Sveinsson kl. 09.24, 13.24 og 17.24

### GOLFSTÖÐIN

**08.35** Golfing World 2017
**09.25** RBC Heritage
**14.15** Champions Tour Highlights
**15.10** Golfing World 2017
**16.00** Lalla Meryem Cup
**19.05** Inside the PGA Tour
**19.30** Valero Texas Open
**22.30** PGA Highlights 2017
**23.25** Inside the PGA Tour

### BÍÓSTÖÐIN

**10.40** Steel Magnolias
**12.40** Paul Blart. Mall Cop 2
**14.15** Almost Famous
**16.20** Steel Magnolias Mannleg og skemmtileg mynd sem lætur engan ósnortinn.
**18.20** Paul Blart. Mall Cop 2
**19.55** Almost Famous Dramatísk gamanmynd frá árinu 2000 sem fjallar um William Miller, sem er heppnari en flestir aðrir. Hann er bara 15 ára en samt hefur honum verið falið að skrifa grein í Rolling Stone. William ætlar að fjalla um líf meðlima í frægri rokksveit og heldur af stað með stjörnunum í tónleikaferðalag. Það gerist margt á bak við tjöldin og William upplifir ótrúlegustu hluti.
**22.00** The Mummy
**00.05** Godzilla
**02.05** August. Osage County
**04.05** The Mummy

### RÚV

**08.00** KrakkaRÚV
**08.01** Veistu hvað ég elska þig?
**08.12** Pósturinn Páll
**08.27** Lundaklettur
**08.34** Vinabær Danna tígurs
**08.47** Eðlukrúttin
**08.58** Hæ Sámur
**09.05** Babar
**09.28** Ólivía
**09.38** Tréfú Tom
**10.00** Drekar
**10.23** Hrúturinn Hreinn
**10.30** Sjóræninginn víðförli
**11.55** Fótboltafár
**13.30** Magnus Maria
**14.45** Skilaboð úr völundarhúsi heilans
**15.45** Stjarnan - Grótta
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.25** Litli prinsinn
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Framapot
**20.05** Vestfjarðavíkingur
**21.10** Á spretti
**21.35** Hulli
**22.00** John Grant og Sinfó
**23.55** The C Word
**01.25** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Jane the Virgin
**10.35** Síminn + Spotify
**11.45** The Voice USA
**13.15** Dr. Phil
**13.55** Difficult People
**14.20** Survivor
**15.05** The Bachelorette
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** King of Queens
**19.00** Arrested Development
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Man With a Plan
**20.15** The Mick
**20.35** The Dilemma
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Californication
**00.20** 24
**01.05** Law & Order. Special Victims Unit
**01.50** Billions
**02.35** King of California
**04.10** The Tonight Show
**04.50** The Late Late Show
**05.30** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Gleðilegt sumar

## Opið í dag sumardaginn fyrsta í öllum verslunum Bónus frá 11:00-18:30

Íslenskur
**KJÚKLINGUR**
á góðu verði




**1.798**
kr. kg

**Bónus Kjúklingabringur**
Ferskar




**698**
kr. kg.

**Bónus Kjúklingur**
Ferskur, heill




**298**
kr. kg.

**Bónus Kjúklingavængir**
Ferskir

**ÍSLENSKT**
grísakjöt




**1.298**
kr. kg

**Bónus Grísakótilettur**
Ferskar, kryddaðar

**ÍSLENSKT**
Nautakjöt




**398**
kr. 2x100 g

**Stjörnunaut**
**Smass Hamborgarar**
2x100 g

**469**
kr. 2x120 g

**Stjörnunaut**
**Smass Hamborgarar**
2x120 g

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

VALITOR

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gildir til og með **23. apríl** eða meðan birgðir endast

# Einu sinni voru þau krúttleg kríli

Barnamenningarhátíð verður haldin í Reykjavík dagana 25.- 30. apríl. Og í tilefni þess er tilvalið að glugga í gömul myndaalbúm hjá þekktum einstaklingum sem eitt sinn voru krúttleg kríli.






**Viktoría** Hermannsdóttir fjölmiðlakona u.þ.b. 4 ára.



**Haraldur** F. Gíslason tónlistarmaður og leikskólakennari 13 ára gamall.



**Þessi mynd** var tekin af Manuelu Ósk í kringum þriggja ára aldurinn.



**Robbi** Kronik sex ára gamall gutti.



**Hér** má sjá Hallgrím Ólafsson leikara 3 ára.

Glæsilegt úrval á pier.is





# GLEÐILEGT SUMAR
## FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

ALUPROF
GEZE

Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hringhurðir, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

Framúrskarandi fyrirtæki 2012–2015

JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is

Simaveski.is

Símaveski, heyrnartól, snúrur og allt fyrir símann.

Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

maria nila STOCKHOLM

Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari
Veldu með hjartanu
100% vegan hárvörur frá Maria Nila.
PURE VOLUME línan okkar inniheldur B5 vítamín og er sérstaklega framleidd fyrir þá sem leita eftir aukinni lyftingu og styrk. Maria Nila Care línan inniheldur Colour Guard Complex, blöndu af virkum innihaldsefnum sem vinna saman að því að veita hámarks vörn fyrir lit hársins og gljá þess. Blandan tryggir einnig að vörurnar vernda hárið fyrir hita.
Maria Nila fæst á öllum betri hárgreiðslustofum

Regalofagmenn
Regalo ehf Iceland
www.regalo.is
cruelty free and vegan
Vegan
REGISTERED WITH
LEAPING BUNNY | PETA | VEGAN SOCIETY

Fyrirtæki & húsfélög
sláttur, garðhreinsun, sópun ofl.

Þegar kemur að garðþjónustu erum við hjá Garðlist ávallt til þjónustu reiðubúin hvort sem það er fyrir fyrirtæki, húsfélög, einkaaðila eða sveitarfélög. **Sláttur, garðhreinsun, klipping, sópun á plönum, stéttahreinsun ofl.**

gardlist.is
554 1989
gardlist@gardlist.is
Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík
Framúrskarandi fyrirtæki 2016
GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA



**Skötuhjúin Tobba og Kalli voru sæt saman í útgáfupartiinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Stóð sveitt við hrærivélina fyrir útgáfupartíið

Það var líf og fjör í partíi **Tobbu Marinósdóttur** í gær þegar útgáfu bókarinnar Náttúrulega sætt var fagnað á Coocoo's Nest. Viðstaddir skáluðu og gæddu sér á góðgæti sem Tobba reiddi fram.

Ég er að bjóða upp á stökkar hnetusmjörskúlur, döðlugott og míníútgáfu af hindberja- og granateplaostaköku,“ segir Tobba um góðgætið sem var á boðstólum í partíinu. Uppskriftirnar að gúmmelaðinu er að finna í nýju bókinni hennar.

„Ég er búin að standa alveg sveitt við hrærivélina. Aðalvandamálið er að maður þarf að eiga svo stóran frysti, til að kæla allt á milli. En ég fann út úr þessu og dreifði þessu á nágrannana og svona. Það er bara heimilislegt og sætt,“ segir hún og hlær.


**Íris Ann, ljósmyndari bókarinnar, og Svava.**


**Þóra Sigurðardóttir, Kolbrún Pálína Helgadóttir, Erling Adolf og Kolbrún Dröfn skemmtu sér vel.**


**Margrét María Leifsdóttir, Magnús Þór Gylfason og Inga María Leifsdóttir létu sig ekki vanta.**


**Alexandra Buhl og Áróra Gústafsdóttir voru hressar.**


**Mæðgurnar Auður Albertsdóttir og Ása Baldvinsdóttir.**


**Feðgarinir Kalli og Sigurður Karlsson.**


**Tómas Gunnar og Bryndís Lára fögnuðu með Tobbu.**




## Upplifðu þrefalda virkni gegn öldrun

Advanced
# CERAMIDE CAPSULES
Daily Youth Restoring Serum

NÝ FORMÚLA

Elizabeth Arden kynnir þrefalda virkni gegn öldrun fyrir heilbrigðari, stinnari og þéttari húð.

Serum sem minnkar sýnilegar línur og húðholur ásamt því að styðja við collagen búskap húðarinnar. Serumið er fyrir allar húðtýpur og er án rotvarnar- og ilmefna.

Það ýtir undir heilbrigði húðar svo að hún virðist yngri, sléttari, þéttari og í fullkomnu rakajafnvægi. Klíniskt prófað af húðsjúkdómalæknum.

Vísindalega sannað að Ceramide Capsules yngja útlit húðarinnar um 10 ár.*




ElizabethArden
NEW YORK

**20% afsláttur af öllum vörum frá Elizabeth Arden dagana 20. – 26. apríl**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## 12.04.17 – 18.04.17




**1** Í skugga valdsins
Viveca Sten




**2** Löggan
Jo Nesbø




**3** Sterkari í seinni hálfleik
Árelía Eydís Guðmundsdóttir




**4** Risasyrpa - Glóandi gull
Walt Disney




**5** Ævinlega fyrirgefið
Anne B. Ragde




**6** Iceland - Flying High
Enrico Lavagno




**7** Sagas of the Icelanders
Ýmsir höfundar




**8** Ör (kilja)
Auður Ava Ólafsdóttir




**9** Leyndarmál eiginmannsins
Liane Moriarty




**10** Iceland in a Bag
Ýmsir höfundar

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson





**Ólafur Egill Egilsson vill lengri opnunartíma í sundlaugum borgarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Kvöldsund um helgar

Leikarinn **Ólafur Egill Egilsson** skrifaði formlegt bréf til Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur í byrjun árs, þar sem hann óskaði eftir að opnunartími sundlauga yrði lengdur um helgar.

Ég myndi helst vilja hafa opið í einni laug allan sólarhringinn. Ég held að sundlaugar hafi mjög góð áhrif á samfélagið en það er bara ekki hægt að mæla þessi áhrif," segir Ólafur Egill Egilsson leikari spurður út í lengri opnunartíma sundlauga á höfuðborgarsvæðinu.

Í haust stóð Ólafur fyrir undirskriftasöfnun þar sem skorað var á Reykjavíkurborg, nánar tiltekið Íþrótta- og tómstundaráð, að lengja opnunartíma sundstaða til klukkan 22.00 um helgar.

„Aðsókn í sund hefur aukist töluvert síðustu ár. Það hefur yfirleitt verið pakkað í Laugardalslauginni þegar maður hefur farið þangað um helgar. Ég var svolítið í því að kvarta yfir þessu í pottinum í minni heimalaug og sá að margir voru á sama máli. Ég hugsaði með mér að það væri kominn tími til að sjá hversu margir væru sammála mér. Það söfnuðust rúmlega 3.000 undirskriftir, og ég sendi formlegt bréf til ÍTR rétt eftir áramót," segir Ólafur ánægður.

Ólafur fer nær daglega í Sundlaug Vesturbæjar og segir það mikla heilsubót.

„Ég hef farið í Vesturbæjarlaugina frá því ég var lítill með ömmu Dísu þar sem hún kenndi mér að synda, núna fer ég með börnin mín nær daglega," segir hann.

> **ÉG HEF FARIÐ Í VESTURBÆJARLAUGINA FRÁ ÞVÍ ÉG VAR LÍTILL MEÐ ÖMMU DÍSU ÞAR SEM HÚN KENNDI MÉR AÐ SYNDA.**

Í byrjun mars fékk Ólafur svar til baka, þar sem honum var tjáð að opnunartíminn yrði lengdur til 22.00 um helgar í Vesturbæjarlaug og Breiðholtslaug, frá 1. júní næstkomandi. Einnig verður opið til 22.00 þegar nýja Sundhöllin verður opnuð, líklega næsta haust.

„Ég er virkilega ánægður með að hlustað sé á borgarana og við fáum aukna þjónustu. Kvöldsund er í miklu uppáhaldi hjá mér og mér þætti virkilega leiðinlegt að komast ekki í kvöldsund um helgar í minni laug. Þó það hafi verið opið í Laugardalslauginni þá er Sundlaug Vesturbæjar eins og minn hverfispöbb, og maður er ekkert að skipta um pöbb svona upp á grín, ef maður kemst hjá því, þó ég þurfi þó kannski að skoða málið þegar nýja Sundhöllin verður opnuð í Þingholtunum," segir Ólafur.

„Þetta er áfangasigur," segir Ólafur en hann hefur verið í samskiptum við Ómar Einarsson, framkvæmdastjóra ÍTR, og Þórgný Thoroddsen, formann ÍTR, sem báðir tjáðu Ólafi að líkur væru á þetta fyrirkomulag yrði framlengt. „Ég vona innilega að þessi opnunartími sé kominn til að vera," segir hann og bætir við að einnig væri óskandi að opnunartíminn yrði lengdur til klukkan 22.00 á föstudögum. **gudrunjona@frettabladid.is**



**Gestum Vesturbæjarlaugar hefur fjölgað töluvert undafarið, hér er Hafliði Halldórsson, forstöðumaður Vesturbæjarlaugar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




**Fluente-sófi.** Priggja sæta, grár eða bleikur. L197 cm. 139.900 kr. Nú 99.900 kr.

# SÓFADÖGUM LÝKUR Á SUNNUDAG



**Savona-svefnsófi.** Dökkgrár, þriggja sæta. L225 x D151 cm. Svefnflötur 140 x 197 cm. 89.900 kr. Nú 64.900 kr.

**54.900**
SPARAÐU 20.000



**Andorra-sófi.** Tveggja sæta. Dökkgrár. L 179 cm. 74.900 kr. Nú 54.900 kr.






**Dover-sófaborð.** Hvítt og svart.
68 x 78 cm. 14.900 kr. Nú 9.900 kr.
68 x 68 cm. 9.900 kr. Nú 6.900 kr.



**Caracas-ruggustóll.** Grátt áklæði, eikarfætur. 49.900 kr. Nú 36.900 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30 - Opið í dag: Sumardagurinn fyrsti 12 - 18

Netgíró shop online

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Frosta Logasonar




## Fyrsti sumardagur

Öld kjaftastétta og póstmódernisma. Í hverri viku springur réttlætiskór upp í heilagri reiði á samskiptamiðlum. Fólk hneykslast fyrir hönd annarra og talar um réttindi hinna jaðarsettu. Hinir kúguðu gegn kúgaranum. Vinsælt er að finna einn þjóðfélagshóp til að kenna um allar ófarir. Setjum alla undir einu og sömu sökina. Það selur. Þeir sem töldu Solshenitsín hafa gengið frá Marx hafa ekki skilið gúlagið.

Stjórnmálamenn reyna að selja ungu fólki endalaust af nýjum réttindum. Ekki má lengur tala um bætur því öll erum við búin að vinna okkur inn fyrir borgaralaunum. Án þess að svo mikið sem búa um rúmin okkar. Málfrelsið er úrelt afsprengi feðraveldis. Við afnemum það fyrir fólk sem við höfum ákveðið að þarfnist sérstakrar verndar. Við trúum ekki á samræður og rök, sumir mega einfaldlega ekki tjá sig.

Enginn stjórnmálamaður vogar sér að selja ungu fólki ábyrgðarhugtakið. Engum dettur í hug að hvetja ungviðið til að standa sig og klífa upp metorðastiga, vegna þess að póstmódernisminn ákvað fyrir löngu að slíka stiga yrði alla að brjóta niður. Við eigum ekki að þurfa að keppa að neinu. Allt á að koma upp í hendur okkar.

Skrýtið samt, að þrátt fyrir réttláta froðufrussun vegna auglýsinga frá Pepsi og Íslandsbanka virðist það ekki hafa haft tilætluð áhrif. Pepsi rýkur upp í viðhorfskönnunum og aldrei hefur verið meira að gera hjá bankanum. Reyndar fer allt í hringi. Hugsanlega kemst ábyrgðin einhvern tímann aftur í tísku. En það verður örugglega ekki þetta sumarið.


LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**




